ÆGIR SÆVARSSON

*Fór í ferð með fjóra franska hrakfallabálka*

• á ferðinni • jólin koma

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




BARNABÆKUR

*Myndabækur, sígildar sögur og ævintýri*

Sérblað um barnabækur

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.




TILBOÐSBLAÐ BÓNUS ER Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TAKTU TILBOÐSBLAÐIÐ MEÐ ÞÉR ÞEGAR ÞÚ FERÐ AÐ VERSLA Í BÓNUS

BÓNUS


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. nóvember 2009 — 267. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Skólastjóri í Tékklandi



Pavel Manásek bjó ásamt konu sinni í sextán ár á Íslandi. Þau eru nú flutt aftur til Tékklands og gera það gott.

TÍMAMÓT 22

### Íslenskur leikur slær í gegn

Íslenskur leikur, sem var sérstaklega hannaður fyrir iPhone-símann, hefur slegið í gegn.



FÓLK 28

### Pólitískar vinaráðningar

Pólitískar vinaráðningar gera stjórnsýsluna pólitískari. Skilin milli þess faglega og pólitíska verða óljós, skrifar Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir.

UMRÆÐAN 18

### Tap í Teheran



Íslands tapaði fyrir Íran, 1-0, í vináttulandsleik í Teheran í gær.

ÍÞRÓTTIR 31

## VEÐRIÐ Í DAG




**Hvessir í kvöld** Í dag verður hægviðri víða norðanlands en sunnanlands má búast við 5-10 m/s og vaxandi austanátt í kvöld. Víða nokkuð bjart en þykknar upp sunnan- og suðaustanlands.

VEÐUR 4

# Orku- og umhverfisskattar verði 7,5 milljarðar króna

**Ríkisstjórnin tilbúin að innheimta 7,5 milljarða með orku-, umhverfis- og auðlindagjöldum í stað 16 milljarða eins og fyrirhugað var. Hækkun tryggingargjalds nemi 7,5 milljörðum. Sveitarfélögin bera tíund þess.**

**FJÁRMÁL** Ríkisstjórnin er tilbúin að lækka þá upphæð sem umhverfis-, orku- og auðlindagjöld skila í ríkiskassann á næsta ári úr 16 milljörðum króna í 7,5 milljarða. Samtök atvinnulífsins (SA) og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hafa mótmælt þessum gjöldum og er þetta tillaga til sáttar. Orkugjaldið verður, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, tólf aurar á kílóvattstund, ekki ein króna eins og lagt var til í fjárlagafrumvarpinu.

Unnið er að tillögum um útfærslu á skattkerfinu og einar tillögur gera ráð fyrir þriggja þrepa kerfi. Gert er ráð fyrir að skattar verði 23,8 prósent af vergri landsframleiðslu árið 2010. Í ár verða þeir 28 prósent og árið 2007 voru þeir 31,4 prósent af vergri landsframleiðslu.

Að kröfu SA og ASÍ er nú unnið að tillögum um hækkun tryggingargjalds. Sú hækkun á að skila 7,5 milljörðum króna. Er þá reiknuð inn í sú útgjaldaaukning sem ríkið sjálft verður fyrir sem launagreiðandi. Þess má geta að tryggingargjaldið hækkaði í sumar úr 5,37 prósentum í 7 prósent. Samkvæmt útreikningum fjármálaráðuneytisins skilar eins prósents hækkun á gruntekjuskatti 7,1 milljarði króna í ríkiskassann.

Sveitarfélögin eru stór launagreiðandi og mun launakostnaður þeirra aukast um 750 milljónir króna, fái þau ekki undanþágu. Samkvæmt upplýsingum frá Hafnarfirði þýddi hækkunin í sumar 100 milljóna króna útgjaldaaukningu fyrir sveitarfélagið. **- kóp**



**ÞJÓÐLEGUR JÓLAPAPPÍR** Ólöf Erla Bjarnadóttir og Inga Dóra Jóhannsdóttir hafa hannað íslenskan jólapappír sem meðal annars skartar myndum af hangikjöti, konfekti og íslenskum jólakúlum. Freyja litla Benediktsdóttir fylgist með af athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hangikjötsskreyttar jólagjafir:

## Tengdamæðgur hanna íslenskan jólapappír

**FÓLK „Við erum eins og í Spaugstofunni, fólkið bak við störfin," segir Ólöf Erla Bjarnadóttir leirkerasmiður en hún hefur ásamt tengdadóttur sinni, Ingu Dóru Jóhannsdóttur, nema í vöruhönnun, hannað jólapappír sem kominn er í verslanir.**

**Þær Ólöf Erla og Inga Dóra hafa að undanförnu setið við og pakkað jólapappírnum og merkimiðum í stíl.**

**Á pappír Ólafar Erlu eru myndir af jólakúlum sem hún gerir úr postulíni með mismunandi bakgrunni en á pappír Ingu Dóru eru myndir af hangikjötsmáltíð, Nóa-konfektmolum og malti og appelsíni á hvítum grunni.**

**Pappírinn verður seldur í örkum fyrir þessi jólin en ekki tókst að fá hann prentaðan í rúllur.**

**Þær prentuðu pappírinn þó ekki sjálfar heldur sá Oddi um þann þátt. Hér er sem sagt alíslensk afurð á ferð.**

**- gun /** **sjá Allt**

Líklegt að erlendir fjárfestar horfi til trygginga- og símafyrirtækja:

## Langflestir vilja erlent fjármagn

**VIÐSKIPTI** Erlendum fjárfestum mun gefast kostur á fjárfestingum í flestum geirum íslensks atvinnulífs innan tíðar, segir í nýrri skýrslu um erlendar fjárfestingar á Íslandi.

Í henni kemur fram að líklegt sé að Sjóvá, VÍS, Skipti og Vodafone verði seld bráðlega enda séu þau óbeint í eigu íslenskra ríkisbanka. Bent er á að mikil þörf sé fyrir nýtt eigið fé inn í fyrirtæki hér á landi.

Viðhorf Íslendinga til erlendra fjárfestinga var kannað áður en skýrslan var unnin. Niðurstöður þeirrar könnunar eru að mikill meirihluti bæði almennings og stjórnenda fyrirtækja er mjög jákvæður í garð þeirra. Magnús Bjarnason, forstjóri Capacent Glacier, ráðgjafarfyrirtækisins sem gerði skýrsluna, segir þær miklu jákvæðari en hann hefði talið fyrir fram.

Viðhorf til fjárfestinga erlendra fyrirtækja í sjávarútvegi og orkuiðnaði er þó frekar neikvætt. **- sbt /** **sjá síðu 16**





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.




*Jólaskeiðin 2009*

*Íslensk hönnun síðan 1946*



*Verð 12.500.-*

*Guðlaugur A. Magnússon*

Skólavörðustíg 10 • S. 562 5222

www.gam.is

**SPURNING DAGSINS**



*Bjarni, var þetta svona dýrt spaug?*

„Það var að minnsta kosti ekki verið að bjóða upp á neina fimmaurabrandara."

Grínhátíðinni Reykjavík Comedy Central hefur verið frestað vegna dræmrar miðasölu. Bjarni Haukur Þórsson var einn af aðstandendum hátíðarinnar.

DeCode frestar ársfjórðungsuppgjöri í skugga alvarlegra fjármögnunarerfiðleika:

# Sækir sér lán á háum vöxtum

**VIÐSKIPTI** DeCode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, frestaði í gær birtingu uppgjörs fyrirtækisins fyrir þriðja fjórðung. Þetta er í annað skiptið á árinu sem deCode frestar uppgjöri. Frestur er gefinn til mánaðamóta, líkt og fram kemur í tilkynningu til bandaríska fjármálaeftirlitsins í gær.

Fram kom á fyrri hluta árs að hratt hefði gengið á handbært fé deCode og væri hætta á að það yrði uppurið undir lok annars ársfjórðungs á þessu ári.

DeCode gerði lánsfjármögnunarsamning við bandaríska fjármálafyrirtækið Saga Investments til skamms tíma í september og nýtti sér nær samstundis sjö hundruð þúsund dali af lánasamningnum. Fyrirtækið hefur dregið hratt á lánalínuna síðan í september og nemur skuld deCode við Saga Investments nú rúmum 3,8 milljónum dala, um 470 milljónum króna á gengi gærdagsins.

Lánið ber átta prósenta vexti sem þykir afar hátt miðað við um núll prósentustiga stýrivexti í Bandaríkjunum. Það þykir hins vegar endurspegla mjög þá fjármagnsörðugleika sem deCode glímir við um þessar mundir.

Ekki náðist í Kára Stefánsson, forstjóra deCode, þegar eftir því var leitað í gær. - jab



**KÁRI STEFÁNSSON** Hratt hefur gengið á eigið fé deCode á árinu. Fyrirtækið sækir sér lánsfé á yfirdráttarvöxtum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ráðherra opnar sýningu:

## Norrænn loftslagsdagur í dag

**UMHVERFISMÁL** Í dag er haldinn hátíðlegur norrænn loftslagsdagur, en hann er hluti af undirbúningi fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Kaupmannahöfn í desember.

Af því tilefni mun Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra halda erindi í Langholtsskóla og kynna verkefni sem börn á leikskólanum Bakka í Grafarvogi hafa unnið tengt málefninu. Þá verður verkefni sem krakkar í 9. bekk Langholtsskóla hafa unnið kynnt. Klukkan 12.40 opnar ráðherra ljósmyndasýningu í Flensborgarskóla í Hafnarfirði. - kóp

Síldarkvóti:

## Ráðherra fylgdi tillögu Hafró

**SJÁVARÚTVEGUR** Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra ákvað í gær að kvóti á íslenskri sumargotssíld skyldi vera 40.000 tonn. Það er í samræmi við tillögu Hafrannsóknastofnunar. Áður hafði verið gefinn út 15.000 tonna kvóti, sem var aðallega nýttur við rannsóknir á stofninum. Þeim 25.000 tonnum sem nú bætast við verður úthlutað til skipa í dag í samræmi við aflahlutdeild.



JÓN BJARNASON

Ráðherrann ákvað einnig í gær að fullvinnsluskip, sem vinna síld um borð, yrðu skyldug til að færa í land allan afskurð sem til félli við vinnsluna. - pg

Viðskiptaráð Íslands:

## Hætt við rýrnun skattstofna

**EFNAHAGSMÁL Viðskiptaráð Íslands telur hugmyndir um fjölþrepa skattlagningu launatekna hvorki til þess fallnar að efla tekjugrunn hins opinbera né hraða því endurreisnarstarfi sem fram undan er í íslensku efnahagslífi. Þetta segir í áliti sem ráðið sendi frá sér í gær.**

**„Fjölþrepa skattkerfi leiðir sjálfkrafa til hækkunar jaðarskatta, enda standa launþegar frammi fyrir hækkandi skattprósentu með auknu vinnuframlagi. Háir jaðarskattar auka hvata til undanskota og skattsvika," segir í álitinu og bætt er við að ógagnsæi í rekstri og umfangi hins opinbera myndi einnig aukast til muna.**

**„Það er engum til gagns að hækka skattprósentur ef skattstofnar rýrna með samsvarandi hætti," segir Viðskiptaráð.** - óká

# Æstust vegna Ástu

**Sjálfstæðismenn yfirgáfu þingsalinn eftir að þingforseti meinaði þeim að tala um fundarstjórn. Vildu skattamál á dagskrá. Forseti boðaði fund um málið en tók fyrir umræður um störf forseta. Rúmum hálftíma var svo varið í slíkt tal.**

**ALÞINGI** Sá fáheyrði atburður varð í þinginu í gær að þingmenn Sjálfstæðisflokksins yfirgáfu þingsalinn í mótmælaskyni við fundarstjórn Ástu R. Jóhannesdóttur, forseta Alþingis.

Eftir óundirbúinn fyrirspurnartíma þar sem þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson formaður, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður og Einar K. Guðfinnsson, höfðu spurt þrjá ráðherra út í skattamál, óskuðu nokkrir þingmenn, þar á meðal Bjarni, eftir að fá að taka til máls undir liðnum fundarstjórn forseta. Bjarni bað forseta um að breyta dagskrá fundarins í ljósi frétta af fyrirhuguðum skattahækkunum. Málið væri brýnt, það varðaði almenning miklu og þyrfti því að koma til umræðu sem fyrst.

Ásta brást við með því að boða til fundar með þingflokksformönnum. Skyldi hann fara fram að rúmum hálftíma liðnum, eftir eina stutta atkvæðagreiðslu og hálftíma utandagskrárumræðu um kvótamál.

Að því búnu hóf hún atkvæðagreiðsluna og hafnaði óskum annarra þingmanna um að fá að taka til máls. Brugðust sjálfstæðismennirnir við með því að ganga á dyr. Komu þeir sér fyrir í hliðarherbergi og réðu ráðum sínum.

Að lokinni atkvæðagreiðslunni lýsti Illugi Gunnarsson yfir megnri óánægju með fundarstjórn forseta og sagði eðlilegt að þingmenn fengju orðið þegar þeir bæðu um það. Upphófust í framhaldinu skoðanaskipti um fundarstjórn Ástu R. Jóhannesdóttur, ákvarðanir um dagskrá, mikilvægi frétta af skattahækkunum, rétt þingmanna til að taka til máls um fundarstjórn forseta, persónulega viðkvæmni Ástu R., skyggnigáfu hennar og jafnræði og hagsmunagæslu forseta. Að endingu var rætt um gagnsleysi umræðnanna og tímaeyðslu þingmanna.

Að því búnu hófust umræður um kvóta og um leið fundur forseta með þingflokksformönnum. Á honum var ákveðið að skattamálin yrðu rædd utan dagskrár á föstudag. bjorn@frettabladid.is



**ÞUNG Á BRÚN** Ásta R. Jóhannesdóttir og Árni Þór Sigurðsson, starfandi þingflokksformaður VG, ræða málin á sögulegum þingfundi gærdagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### UM FUNDARSTJÓRN

Í lögum um þingsköp Alþingis er aðeins stuttlega vikið að athugasemdum um fundarstjórn forseta.

Í þeim segir: Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarstjórn forseta og til þess að bera af sér sakir.

Þessi liður og framkvæmd hans hefur áður orðið að þrætuepli milli Ástu R. Jóhannesdóttur og þingmanna. Í sumar deildu hún og Höskuldur Þórhallsson Framsóknarflokki nokkuð hart um málið.

Óauglýst störf í ráðuneytum:

## 42 ráðnir án auglýsinga

**ALÞINGI Frá áramótum hafa 42 verið ráðnir til starfa í ráðuneytin án þess að störfin hafi verið auglýst laus til umsóknar. Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar Framsóknarflokki.**

**Flestir, tíu, hafa verið ráðnir með þeim hætti í fjármálaráðuneytið og fimm í forsætisráðuneytið, dómsmála- og mannréttindaráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið.**

**Hvorki hefur verið ráðið án auglýsinga í heilbrigðisráðuneytið né umhverfisráðuneytið.**

**Heimilt er að ráða tímabundið í störf án auglýsinga við tilteknar aðstæður, meðal annars vegna afleysinga.** - bþs

Ölvunar- og fíkniefnaakstur:

## Ók hjólreiðamann niður

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir umferðalagabrot og sérstaklega hættulega líkamsárás.

Hann ók bifreið um götur Akureyrar undir áhrifum áfengis og fíkniefna. Hann ók á mann á reiðhjóli sem féll í götuna, hlaut heilahristing, brotnaði á úlnlið og hlaut ýmsa aðra áverka.

Hjólreiðamaðurinn krefst bóta upp á rúmlega 800 þúsund krónur - jss

**SELTJARNARNES**

### Breytingar á mannahaldi

Birgir Finnbogason, framkvæmdastjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs Seltjarnarnesbæjar, hefur verið ráðinn til Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Gunnar Lúðvíksson hefur því verið ráðinn til sex mánaða í stöðu verkefnastjóra og sinnir meðal annars fjármálastjórn og starfsmannastjórnun.






Erfitt björgunarstarf í kjölfar flóðanna í El Salvador:

# Tíu þúsund í þörf fyrir aðstoð

**EL SALVADOR, AP** Tíu þúsund manns á flóðasvæðunum í El Salvador eru í brýnni þörf fyrir matvælaaðstoð, að því er Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna segir.

Flóð og aurskriður eyðilögðu bæði uppskeru og fjölda húsa um helgina, eftir að úrhellisrigning hafði dunið á landsmönnum dögum saman. Hamfarirnar kostuðu á annað hundrað manns lífið. Að minnsta kosti 13 þúsund manns misstu heimili sitt.

Matvælastofnunin vinnur að því að útvega fólkinu mat í samstarfi með öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna og stjórnvöldum í El Salvador. Meðal annars er verið að aðstoða fimm hundruð manns í héraðinu San Vicente, sem varð einna verst úti.

Hjálparstarfið er erfitt vegna þess að víða eru brýr og vegir ónýtir. Eina leiðin til þess að koma hjálpargögnum til margra svæða er með þyrlu.

Hjálparstarfsfólk notaðist bæði við skóflur og gröfur til þess að grafa sig í gegnum aurinn, en íbúarnir hjálpuðu til eftir megni.

Hugsanlegt er talið að hitabeltisstormurinn Ida, sem hefur gengið yfir Suðurríki Bandaríkjanna, hafi átt þátt í að mynda lágþrýstisvæðið sem olli úrhellinu í El Salvador. - gb



**GRJÓTHNULLUNGAR Á VEGINUM** Í bænum Verapaz ollu flóðin gríðarlegum skemmdum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ

WWW.KELDAN.IS

keldan

GJÖRIÐ SVO VEL

H.F.

H.F. VERÐBRÉF

**GENGIÐ 10.11.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,67 | 124,27 |
| Sterlingspund | 206,7 | 207,7 |
| Evra | 185,58 | 186,62 |
| Dönsk króna | 24,938 | 25,084 |
| Norsk króna | 22,156 | 22,286 |
| Sænsk króna | 18,088 | 18,194 |
| Japanskt jen | 1,3715 | 1,3795 |
| SDR | 198,08 | 199,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

225,9932

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra Frakklands varar við fákeppni banka sem njóta ríkisstuðnings:

# Vill takmarka vöxt bankanna

**VIÐSKIPTI** Aðgerðir ríkisstjórna víða um heim til bjargar fjármálageiranum kunna að leiða af sér fákeppni og markaðsmisnotkun á bankamarkaði. Svo mælir Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakklands.

Lagarde hefur viðrað þessa skoðun sína við fjármálaráðherra tuttugu auðugustu iðnríkja heims fyrr á árinu og mun árétta hana á fundi með fjármálaráðherrum aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) í vikunni.

Breska ríkisútvarpið (BBC) segir hana meðal annars hafa beðið ráðherrana um að kanna hvort bankar sem njóti ríkisstuðnings hafi aukið markaðshlutdeild sína í skugga þess stuðnings. BBC nefnir sem dæmi að bandaríski risabankinn Citigroup og sá breski Royal Bank of Scotland hafi notið stuðnings stjórnvalda þegar alvarlega kreppti að þeim í fjármálahruninu fyrir rúmu ári.

Máli sínu til stuðnings hefur Lagarde bent á að fyrir hrun hafi sex fjárfestingarbankar verið starfræktir í Bandaríkjunum. Þeir eru nú helmingi færri.

Samkeppnisyfirvöld ESB hafa gripið til ýmissa ráða til að hamla vexti banka innan aðildarríkjanna sem notið hafa opinbers stuðnings frá í fyrra. Þar á meðal eru kröfur um aukið eiginfjárhlutfall þeirra, uppstokkun á rekstri þeirra og sala eigna. - jab



**CHRISTINE LAGARDE** Bendir á að fjárfestingabönkum hafi fækkað úr sex í þrjá í Bandaríkjunum eftir hrunið.

Breytingar á Suðurlandsbraut:

# Götuljós óvirk til klukkan tvö

**SAMGÖNGUR Umferðarljósin á mótum Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar verða óvirk í dag frá klukkan 9.30 til 14 vegna breytinga á stýrikerfi umferðarljósanna.**

**„Meðan ljósin eru óvirk verða allar vinstri beygjur bannaðar, til þess að ökumenn beygi ekki fyrir umferð úr gagnstæðri átt," segir í tilkynningu frá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar.**

**„Framkvæmdirnar hafa nær engin áhrif á strætó. Á meðan ljósin eru óvirk breytist leið 14 óverulega og aðeins ein biðstöð við Kringlumýrarbraut verður óvirk af þessum sökum."** - gar

Aðildarviðræðurnar við ESB:

# Fyrsti fundur Evrópunefndar

**STJÓRNMÁL Samninganefnd Íslands í fyrirhuguðum aðildarviðræðum við Evrópusambandið kemur saman til síns fyrsta fundar í dag.**

**Verður hann haldinn í Þjóðmenningarhúsinu.**

**Samninganefndin var skipuð í síðustu viku og er Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra í Brussel, aðalsamningamaður og formaður nefndarinnar.** - bþs



**SENDIBÍLLINN SEM HVARF** Fannst stuttan spöl frá staðnum þar sem honum var stolið.

Stolni bíllinn við Grandagarð:

# Var bak við hús á KR-svæðinu

**LÖGREGLUMÁL** „Það var hringt í mig frá lögreglunni rúmlega átta í morgun [í gær] og sagt að bíllinn væri fundinn," segir Auðunn Þorgrímsson, sem frá því á föstudag hafði leitað að rauðum sendibíl sem stolið var fyrir framan nefið á honum við Grandagarð. Ofan á bílnum voru tvo fiskikör og stýrihús af trillu sem Auðuni hafði verið falið að flytja í viðgerð í Hafnarfirði. Sagt var frá málinu í Fréttablaðinu í gær. Skömmu eftir að blaðið kom út hafði lögreglunni borist ábending um bílinn. „Það var allt óhreyft á honum sem betur fer og allt komið þangað sem það átti að fara," segir Auðunn. - gar




**JÓHANNES Í BÓNUS OG INGIBJÖRG** Stofnandi Bónuss, sem hér stendur með Ingibjörgu S. Pálmadóttur, tengdadóttur sinni, segir að viðræður standi enn yfir við Nýja Kaupþing um framtíð Haga. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Samruni til skoðunar

**Nýja Kaupþing segist hafa yfirtekið 1998, móðurfélag Haga. Samkeppniseftirlitinu hefur verið send samrunaáætlun. Jóhannes í Bónus segir að allt sé óbreytt. Hann vinni að því að afla fjár svo fjölskylda hans fái haldið eignarhlut sínum.**

**VIÐSKIPTI** Nýja Kaupþing segir í tilkynningu að bankinn hafi yfirtekið 1998 ehf., móðurfélag Haga sem meðal annars á Bónus, Hagkaup og fleiri verslanakeðjur. Yfirtakan sé liður í því að tryggja hagsmuni bankans í því úrlausnarferli sem standi yfir.

Þá segir í tilkynningu bankans að í öllum skuldamálum fyrirtækja sem komi til skoðunar í bankanum sé fylgt verklagsreglum bankans. Bankinn leggi áherslu á samstarf við eigendur og stjórnendur í vinnu við endurskipulagningu fyrirtækja. Þannig sé eigendunum gefið tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum að lausn á vandamálum fyrirtækja sinna. Þær þurfi þó að vera raunhæfar og vera í takti við þá kröfu bankans að endurheimta sem mest af verðmætum sínum. Ekki er komin niðurstaða í máli 1998, að sögn bankans.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, staðfesti við fréttastofu Stöðvar 2 í gær að Samkeppniseftirlitið hefði móttekið áætlun um samruna Kaupþings og 1998 ehf. í tengslum við yfirtökuna.

„Ekkert hefur breyst frá okkar hálfu. Ég hef ekki orðið var við það. Staðan er sú sama og fyrir hálfum mánuði. Samningar eru í gangi," segir Jóhannes Jónsson, stofnandi Bónuss og stjórnarmaður í 1998 ehf., móðurfélagi Haga.

1998 ehf. skuldar Nýja Kaupþingi í kringum 48 milljarða króna. Skuldin er til komin vegna umsvifamikillar uppstokkunar á eignasafni Baugs í júlí í fyrra.

Bankinn setti tvo starfsmenn sína í stjórn 1998 ehf. í síðasta mánuði en auk bankamanna situr Jóhannes í Bónus í stjórninni. Hann segir hvorki breytingu hafa orðið á stjórn félagsins né eignarhaldi verslana Haga. Enn sé unnið eftir samkomulagi á milli Kaupþings og fjölskyldu hans. Þar á meðal er aukið hlutafé sem eigi að tryggja fjölskyldunni sextíu prósenta hlut á móti bankanum. Spurður hversu langan frest Jóhannes og fjölskylda hans fái til að afla fjárins segir hann það samningsatriði. „Það fer bara eftir því hvernig gengur."

jonab@frettabladid.is



**LANDSPÍTALI** Inniliggjandi með svínaflensu á Landspítala í gær var 31 sjúklingur, þar af sjö á gjörgæslu.

Bóluefni gegn svínaflensu:

# Seinkun og minna magn

**HEILBRIGÐISMÁL** Afhendingu bóluefnis gegn svínainflúensu hingað til lands hefur seinkað í þessari viku og auk þess kemur minna magn en gert hafði verið ráð fyrir, að því er fram kemur á heimasíðu landlæknisembættisins.

Af þessu leiðir að seinkað getur bólusetningu einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma sem ráðgerð hafði verið í þessari og næstu viku.

Þeir sem bókað hafa tíma í bólusetningu í þessari og næstu viku eru beðnir um að hafa samband við sína heilsugæslustöð um hugsanlega endurbókun á bólusetningunni. - jss

Guðfríður í fæðingarorlof:

# Ólafur á þingi

**ALÞINGI Ólafur Þór Gunnarsson, læknir og bæjarfulltrúi í Kópavogi, hefur tekið sæti á Alþingi.**



**ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON**

**Gegnir hann þingmennsku í fjarveru Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur þingflokksformanns sem er farin í fæðingarorlof.**

**Ólafur settist á þing í fyrsta sinn í gær.**

**Í stað Guðfríðar gegnir Árni Þór Sigurðsson formennsku í þingflokknum.** - bþs




FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.

**Tryggðu þér eintak í tíma.**

CRYMOGEA
—fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**HVASST FRAM UNDAN** Í dag er stund milli stríða, nokkuð hægur vindur víðast hvar, sérstaklega fyrir norðan. En í kvöld eða nótt hvessir sunnanlands. Það verður nokkuð hvasst bæði á morgun og föstudaginn, einkum sunnan- og suðaustanlands.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 10° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 11° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 2° |
| París | 10° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



LJÓSAVEISLA
í tilefni 80 ára afmælis PFAFF laugardaginn 14. nóvember
Ókeypis lýsingarráðgjöf
Nýttu tækifærið og fáðu fagmenn til að aðstoða þig við val á réttu lýsingunni.
Dagsbirtulampar, kynning
Lýsingarhönnuður kynnir dagsbirtulampa bæði sem vinnu- og meðferðarlampa.
Ljósgjafi framtíðarinnar
Komdu og skoðaðu það nýjasta frá Philips í úti- og inniljósum.
Orkusparnaður
Láttu okkur aðstoða þið við val á réttum perum til orkusparnaðar.
System Expo, kynning
System Expo jólaseríurnar sem þola íslenska veðráttu. Komdu með mynd og hönnuður okkar aðstoðar við hönnun jólalýsingar.
20% AFSLÁTTUR AF SERÍUM
LJÓSABOGI
Verð 12.500 kr. TILBOÐ 8.990 kr.
MARÍA aðventuljós
Verð 14.500 kr. TILBOÐ 7.500 kr.
ÚTILJÓS Á AFSLÆTTI
AXELL veggljós
Verð 12.900 kr.
TILBOÐ 6.450 kr.
NAOMI loftljós
Verð 45.900 kr.
TILBOÐ 29.995 kr.
BENJAMIN borðlampi
Verð 5.990 kr.
TILBOÐ 3.990 kr.
IMPULS gólflampi
Verð 22.900 kr.
TILBOÐ 12.900 kr.
AFMÆLIS-TILBOÐ UM ALLA BÚÐ!
Tilboðin gilda aðeins laugardaginn 14. nóv.
Opið kl. 11-16
laugardaginn 14. nóvember
PFAFF 80 1929-2009
Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

## KJÖRKASSINN



*Ættu stjórnvöld að endurskoða stefnu sína gagnvart hælisleitendum?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,3% |
| Nei | 58,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu tilbúin(n) til að taka á þig aukna skattbyrði vegna efnahagsástandsins?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Rangt að Ólafur H. Jónsson eigi Þingvallahúsin sem hann var skráður fyrir:

# Björgólfur Thor á húsin í Gjábakka

**FASTEIGNIR** Björgólfur Thor Björgólfsson og Kristín Ólafsdóttir, kona hans, eiga sumarbústaðina þrjá í Gjábakka í Þingvallaþjóðgarðinum sem sagt var frá í Fréttablaðinu á mánudag. Upplýsingar úr þjóðskrá að Ólafur H. Jónsson, faðir Kristínar, væri eigandi tveggja einkahlutafélaga sem eiga sumarhúsin reyndust ekki vera réttar.

Fram hefur komið að Þingvallanefnd ætlar að óska eftir skýringum á því að vegi í grennd við sumarhúsin, sem standa á leigulóðum í eigu ríkisins, hefur verið lokað með keðju og almenningi bægt frá með skilti um að um einkaveg sé að ræða. Ólafur H. Jónsson, eini stjórnarmaður félagsins Gjábakka sem á tvö húsanna og félagið Vatnsvík sem á þriðja húsið, sagði ekkert um málið þegar Fréttablaðið leitaði til hans.



**BJÖRGÓLFUR THOR** Á mánudag var sagt frá því í Fréttablaðinu að Þingvallanefnd teldi óheimilt að hefta för almennings um leigulóðir undir sumarhús í friðlandinu í Gjábakka.

Félagið Gjábakki ehf. var stofnað árið 2003 og keypti sumarhús SÍBS í Gjábakkalandi 3 á árinu 2004. Í desember 2006 keypti félagið síðan sumarbústaðinn í Gjábakkalandi 5. Einnig á félagið Vatnsvík ehf. sem eignaðist sumarbústaðinn á Gjábakkalandi 1 á árinu 2004. Björgólfur Thor og Kristín voru búin að kaupa Gjábakkaland ehf. – og þar með húsin þrjú – á árinu 2007. Fyrri eigandi Gjábakkalands ehf. var Þorsteinn Steingrímsson. Um síðustu áramót skuldaði félagið nítíu milljónir króna af fasteignaláni. Húseignir félagsins standa þar á móti. **- gar**

Kannabis í Kópavogi:

# Lögreglan tók tuttugu plöntur

**LÖGREGLUMÁL** **Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í íbúð í fjölbýlishúsi í Kópavogi síðdegis í fyrradag. Við húsleit fundust rúmlega tuttugu kannabisplöntur á lokastigi ræktunar. Íbúðin var mannlaus þegar lögreglan kom á vettvang en hún veit hver stendur að baki ræktuninni. Það er karlmaður á þrítugsaldri sem hefur áður komið við sögu lögreglu.**

**Lögreglan biður fólk um að hafa augun opin og koma upplýsingum um fíkniefnamál áfram á framfæri. Það má gera nafnlaust í fíkniefnasímann 800 5005.** **- jss**





ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!

Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


# Ríkið selji kvótann á 120 krónur kílóið

**Samkvæmt stjórnarfrumvarpi á að selja 2.000 tonna kvóta af skötusel og afla ríkinu 240 milljóna króna. Verið að fara fyrningarleiðina með eina fisktegund, segir framkvæmdastjóri LÍÚ og telur aðferðina andstæða stöðugleikasáttmála.**

**FISKVEIÐAR** Ríkið mun selja viðbótarkvóta á skötusel á 120 krónur hvert kíló og afla sér þannig 240 milljóna króna tekna næstu tvö ár ef frumvarp sem Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra lagði fyrir Alþingi í gær verður að lögum. „Þetta er mjög sérstakt,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna. „Þarna er bara verið að fara fyrningarleiðina með eina fisktegund.“

Viðbótarkvótinn verður óframseljanlegur. Útgerðum allra skipa gefst kostur á að kaupa allt að fimm tonn fyrir hvert skip.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkið eigi að verja fjörutíu prósentum af þeim 240 milljónum króna sem fáist við kvótasöluna í rannsóknarsjóð til að auka verðmæti sjávarfangs. Sextíu prósent eiga að renna til byggðaáætlunar til að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum.

Friðrik J. Arngrímsson segir að ríkið hafi aldrei áður selt kvóta á nytjastofna með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir. „Ég held að þetta hljóti að verða endurskoðað í ljósi þeirra loforða sem ríkisstjórnin hefur gefið í tengslum við gerð stöðugleikasáttmálans. Ef þetta á að ganga fram eru það algjör svik við þau loforð sem gefin hafa verið.“

Friðrik vísar þar til yfirlýsingar forsætis- og fjármálaráðherra frá 28. október síðastliðnum um að engin breyting hafi orðið varðandi þann „sáttafarveg sem endurskoðun fiskveiðistjórnarinnar var sett í með skipun nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í sumar, þar sem forsenda nefndarstarfsins er að skapa sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði til langs tíma“. Hann segir vandséð hvernig ákvæði frumvarps Jóns Bjarnasonar samrýmist þeirri yfirlýsingu.

Smábátasjómenn bregðast með öðrum hætti en LÍÚ við frumvarpi sjávarútvegsráðherra. Samtök þeirra hafa undanfarið hvatt til þess að gefinn verði út aukinn skötuselskvóti. Mun meira hafi veiðst af skötusel en áður og á áður óþekktri veiðislóð undan Vestur- og Norðurlandi þar sem hann hafi komið sem meðafli við línu- og grásleppuveiðar. Kvótaskortur hafi valdið vandræðum.

Arthur Bogason, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, sagðist í samtali við Fréttablaðið fagna því að búið væri að stíga þetta skref til þess að auka kvóta á skötusel. „En það á eftir að koma í ljós í framkvæmdinni hvort þetta er rétta lausnin,“ segir Arthur. **peturg@frettabladid.is**



**SKÖTUSELUR** Í stað þess að úthluta viðbótarafla á skötusel til þeirra sem eiga kvóta fyrir mun ríkið selja kílóið á 120 krónur og geta allar útgerðir fengið allt að fimm tonn hverju sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VIÐBÓTARKVÓTINN VERÐI SELDUR

Búið er að veiða rúman helming þess 2.500 tonna kvóta af skötusel sem gefinn var út við upphaf fiskveiðiársins 1. september. Verð á kvóta hefur rokið upp.

Skilyrði í hafinu eru hagstæð skötusel og hefur útbreiðsla hans aukist mikið. Skötuselur veiðist nú á áður óþekktri slóð undan Vestur- og Norðurlandi og kemur í miklum mæli sem meðafli við grásleppu- og línuveiðar hjá bátum sem ekki hafa gert út á skötusel og eiga ekki kvóta í tegundinni.

Eftirspurn eftir kvóta á skötusel hefur verið mikil af þessum sökum og markaðsverðið hefur hækkað verulega.

Í gær seldist kílóið á 270 krónur en um sama leyti í fyrra á um 110 krónur á kíló. Meðalleiguverð á kvóta í tegundinni er 120 krónur sé horft til síðustu átján mánaða.

120 krónur er verðið sem frumvarp sjávarútvegsráðherra miðar við að Fiskistofa taki fyrir hvert kíló af 2.000 tonna viðbótarkvótanum. Það þýðir að þessi kvótasala ríkisins mun skila 240 milljóna króna tekjum í ríkissjóð næstu tvö fiskveiðiár. Kvóti á nytjastofna hefur ekki áður verið seldur með þessum hætti heldur úthlutað til útgerða í samræmi við svokallaða aflahlutdeild þeirra.

Öllum útgerðum sem eiga skip sem hafa heimild til veiða mun nú gefast kostur á að kaupa allt að fimm tonn af viðbótarkvótanum fyrir hvert skip. Ekki má hins vegar nýta viðbótarkvótann til veiða á upphaflegri veiðislóð skötusels undan Suðurlandi.

Breytt fiskveiðistjórnunarlög:

# 10% í stað 33% kvóta geti flust

**SJÁVARÚTVEGUR** **Útgerðum verður aðeins heimilt að flytja tíu prósent af aflaheimildum milli fiskveiðiára í stað 33 prósenta nú, samkvæmt frumvarpi sem sjávarútvegsráðherra lagði fyrir Alþingi í gær. 2008 var þessi heimild hækkuð úr tuttugu prósentum í 33 en verður lækkuð í tíu prósent þetta árið og í fimmtán prósent til frambúðar.**

**Meðal annarra breytinga sem frumvarpið felur í sér er aukin veiðiskylda; nýta þurfi helming af kvóta hvers árs og ekki megi flytja meira en helming af kvóta árs yfir á önnur skip. Markmiðið er að þeir sem fái aflaheimildum úthlutað veiði sem mest sjálfir.** **- pg**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0397





# Í DAG ER OFURDAGUR BENSÍNORKUNNAR

# -5 kr.

**af eldsneytislítranum á öllum stöðvum fyrir handhafa Orkulykla**

**Fáðu þér lykil að sparnaði**

**Alltaf 2 kr. afsláttur**

Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum þér lykilinn þér að kostnaðarlausu. Við fyrstu notkun og á Ofurdögum Bensínorkunnar færðu **5 króna afslátt** af eldsneytislítranum en annars færðu alltaf **2 króna afslátt**.

Sæktu um Orkulykil á **www.orkan.is**

ORKAN BENSÍN

**Spáðu í hvað þú sparar!**

Mál Vilhjálms Bjarnasonar á hendur gamla Glitni var flutt í héraði í gær:

# Vill gögn um lán án trygginga

**DÓMSTÓLAR** Búist er við úrskurði innan fjórtán daga um hvort afhenda eigi Vilhjálmi Bjarnasyni, lektor og fjárfesti, upplýsingar um 24 milljarða króna veðlaust lán Glitnis til fjárfestingarfélagsins Fons. Vilhjálmur stefndi bæði skilanefnd Glitnis og þrotabúi Fons vegna málsins. Málflutningur fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Guðni Ásþór Haraldsson, lögmaður Vilhjálms, segir að Vilhjálmur telji sig, ásamt öðrum þeim sem átt hafi hlut í Glitni, hugsanlega geta haft hagsmuni af því að sjá hvers vegna Fons hafi fengið lán án þess að fyrir því láni væru fullar tryggingar. „Hann vill því fá að sjá lánagögnin er lágu að baki kröfulýsingunni í búið. Skiptastjórinn neitar af því að hann telur að Vilhjálmur hafi ekki sýnt fram á þá hagsmuni sem hann hafi af því að sjá gögnin og skilanefnd Glitnis þorir ekki annað en að neita af því að hún telur sig bundna bankaleynd.“ Málið er hið fyrsta sinnar tegundar hér og segir Guðni það snúast um grunngildi í því hvort bankaleynd nái út yfir gröf og dauða, eða hvort hún falli niður þegar félag fari í þrot. „Við byggjum mál okkar á því að í þrotabúinu verði til nýr aðili sem taki ekki við óhlutbundnum réttindum á borð við bankaleynd.“



**RÆÐA MÁLIN** Vilhjálmur Bjarnason fjárfestir og Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, ræða málin á ársfundi Seðlabankans í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðni segir þó að önnur sjónarmið kunni að eiga við þegar einstaklingur fari í þrot. „Þegar búið er að skipta hlutafélagi er það ekki lengur til, en einstaklingur sem fer í þrot heldur áfram að lifa.“ - óká

# Stjórnarmaður KSÍ vill setja siðareglur

**Stjórnarmaður í KSÍ vill að sambandið setji sér siðareglur í kjölfar máls fjármálastjóra í Sviss. Málið hafi skaðað knattspyrnu á Íslandi og ekki hafi verið tekið rétt á því. Málið verður rætt á stjórnarfundi eftir viku.**

**FÉLAGSMÁL** Ingibjörg Hinriksdóttir, stjórnarmaður í Knattspyrnusambandi Íslands (KSÍ), telur að ekki hafi verið tekið rétt á málum fjármálastjóra sambandsins, en milljónir voru teknar af korti sambandsins sem hann var með á nektarstað í Sviss. Ingibjörg telur að málið hefði átt að vera opinbert frá fyrstu stundu.

„Mér finnst þetta mál ömurlegt í heild sinni og mér var verulega brugðið þegar ég heyrði fyrst af því í fjölmiðlum á fimmtudag. Ég þekkti Pálma [fjármálastjórann] ekki af öðru en að vera æruverðugur og heiðarlegur maður. Sú leið sem var farin var ekki sú sem ég hefði kosið fyrst. Ég hefði kosið að stjórnin hefði verið kölluð saman og upplýst og málið rætt.“

Ingibjörg segir að málið sé KSÍ ekki til sóma og það skaði knattspyrnu á Íslandi. Setja verði siðareglur fyrir sambandið. „Það hefði mátt vera ákvörðun fyrrum framkvæmdastjóra og núverandi formanns að setja slíkar siðareglur. Það tækifæri nýtti hann því miður ekki. Ég held að það sé rangt að fara í felur með svona mál. Það er heiðarlegast að hafa allt uppi á borðinu.“



**ÓSÁTT Í STJÓRNINNI** Ingibjörg telur að upplýsa hefði átt þegar um málefni fjármálastjóra, en 3,2 milljónir króna voru teknar af korti KSÍ á nektarstað í Sviss. Hún kallar eftir siðareglum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að stjórnin muni fara yfir erindi menntamálaráðherra, en líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær, hefur Katrín Jakobsdóttir krafist skýringa frá sambandinu. Málið verði rætt í stjórn sambandsins 19. nóvember. Hann hafi ekki enn kynnt sér dóminn sem féll í Sviss en hann muni gera það.

Ingibjörg hafði ekki heyrt af stjórnarfundinum þegar Fréttablaðið náði tali af henni. „Mér finnst málið nú komið í ógöngur og veit ekki hvaða skref eru best í því. Við í stjórninni þurfum að taka þau skref í sameiningu.“

kolbeinn@frettabladid.is











| Eiginleikar vöru | DULUXSTAR® Stick | DULUXSTAR® Mini Twist | DULUXSTAR® Mini Ball | DULUXSTAR® Mini Candle | DULUXSTAR® Reflector R63 |
|---|---|---|---|---|---|
| Orkusparnaður allt að | 80 %[1] | 80 %[1] | 80 %[1] | 80 %[1] | 80 %[1] |
| Meðallíftími | 10.000 klst. | 8.000 klst. | 10.000 klst. | 10.000 klst. | 10.000 klst. |
| NÝR ljóslitur! Warm comfort | já | já | já | já | já |
| Kveikingar | 20.000 [2] | 5.000 [2] | 10.000 [2] | 10.000 [2] | 20.000 [2] |
| Vött (W) | 5-30 | 5-23 | 5-20 | 5-10 | 11-13 |
| Sökkull | E14, E27 | E14, E27 | E14, E27 | E14, E27 | E27, R63 |

[1]Miðað við venjulegar glóperur | [2] Kveikingar: 90 mín kveikt, 15 mín. slökkt

OSRAM

Jóhann Ólafsson & Co. | Krókhálsi 3 | sími 533-1900 | www.olafsson.is



GÓÐI ELSKHUGINN EFTIR STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR

# ÁST OG AÐSKILNAÐUR

Heillandi saga um ást og aðskilnað, einsemd og eftirsjá, hamingju og vonbrigði – og amerískan geðlækni sem skrifar raunveruleikaskáldsögu með fræðilegu ívafi. Ísmeygileg gamansemi, fágaður stíll og einstök innsýn í heim ástarinnar eru einkenni þessarar glæsilegu skáldsögu sem kallast um margt á við ástsælar bækur Steinunnar, **Tímaþjófinn** og **Ástin fiskanna**.



DYNAMO REYKJAVIK

„Gamansemi hennar og leikandi léttur stíll, sem er einstaklega hugmyndaríkur, gera lesturinn afar ánægjulegan, ekki ósvipað því að lesa verk Halldórs Laxness þegar hann var upp á sitt besta.“
– **Politiken**




Kemur út í dag!

**Tilboðsverð** í verslunum Eymundsson frá 10.-21. nóvember **3.990,-**

„Einstakur höfundur.“
– **Le Monde**

BJARTUR




Afkoma Nova batnaði mikið í hruninu, segir framkvæmdastjóri fyrirtækisins:

# Hlutafé aukið um þrjá milljarða

**VIÐSKIPTI** Novator, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, helsta eiganda fjarskiptafyrirtækisins Nova, lagði Nova til tæpa 2,9 milljarða króna í aukið hlutafé á síðasta ári.

Í fyrirvara endurskoðenda við ársreikning Nova vegna afkomu síðasta árs segir að vegna óvissu í íslensku efnahagslífi eftir hrunið í fyrra og þeirra breytinga sem hafi orðið á íslensku viðskiptalífi í kjölfarið hafi óvissa um framtíðarvöxt Nova aukist. Því hafi hlutafé fyrirtækisins verið bætt verulega. Þá segir að stjórnendur félagsins hafi nægt fjármagn til að fjármagna áætlaðan taprekstur fram á fjórða ársfjórðung á þessu ári, gangi áætlanir eftir.



**LIV BERGÞÓRSDÓTTIR** Segir stefna í að viðskiptavinir Nova verði sextíu þúsund í lok ársins.

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir efnahagshrunið ekki hafa sett það skarð í reksturinn líkt og óttast hafi verið. Þvert á móti stefni í að viðskiptavinir verði sextíu þúsund í lok þessa árs en það er tvöföldun á milli ára. Þá er gert ráð fyrir að tekjur nemi 2,5 milljörðum króna fyrir árið, samanborið við 1,3 milljarða í fyrra. Nova tapaði 1,3 milljörðum í fyrra, á fyrsta rekstrarárinu.

„Við gerðum ráð fyrir því að síðasta ár yrði á þessum nótum. Rekstraráætlanir ársins hafa gengið eftir þrátt fyrir hrunið," segir Liv og þakkar það meðal annars aukinni verðvitund neytenda að viðskiptavinum hafi fjölgað þetta mikið á árinu. - jab



**SUÐUR-KÓRESK HERSKIP** Þessi skip eru sömu gerðar og herskipið sem lenti í átökum við skip frá Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Orrusta herskipa við strendur Kóreu

**Átök urðu milli herskipa frá Norður- og Suður-Kóreu úti af vesturströnd ríkjanna, þar sem landhelgislína er umdeild. Suður-Kóreustjórn segir herskip að norðan hafa siglt yfir línuna. Norður-Kóreumenn neita því og krefjast afsökunarbeiðni.**

**SUÐUR-KÓREA, AP** Átök milli herskipa frá Norður- og Suður-Kóreu hafa ekki orðið í sjö ár. Á þriðjudaginn skiptust herskip frá ríkjunum á skotum úti af vesturströnd ríkjanna.

Samkvæmt frásögn Suður-Kóreumanna sigldi norður-kóreska skipið yfir landhelgislínu, sem deilur hafa lengi staðið um. Suður-Kóreumenn segjast hafa skotið á skipið frá Norður-Kóreu, sem hafi þó komist undan illa laskað.

Norður-Kóreustjórn neitar því að skipið hafi siglt yfir línuna. Þvert á móti hafi skipið frá Suður-Kóreu verið komið norður yfir línuna og skotárásin því verið algerlega ástæðulaus. Norður-Kóreumenn segjast strax hafa brugðist við og stökkt skipi andstæðingsins á flótta. Norður-Kóreumenn krefjast afsökunarbeiðni frá Suður-Kóreumönnum vegna þessa atviks.

Átökin urðu þegar Bandaríkjamenn skýrðu frá því að Barack Obama myndi senda sérstakan fulltrúa sinn til Norður-Kóreu til að eiga beinar viðræður við stjórnina þar um kjarnorkuáform landsins.

Þetta yrðu fyrstu beinu viðræðurnar við Norður-Kóreumenn frá því Obama tók við völdum í janúar síðastliðnum.

„Þetta var vísvitandi ögrun af hálfu Norður-Kóreumanna til þess að vekja athygli áður en Obama kemur," sagði Shin Yul, stjórnmálafræðingur við háskóla í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu.

Hann segir einnig að stjórnvöld í Norður-Kóreu séu með þessu að senda Obama skilaboð um að þau vilji að varanlegur friðarsamningur verði gerður við Suður-Kóreu, sem fæli í sér að Norður-Kórea fengi að halda kjarnorkuvopnum sínum.

Bandaríkjastjórn hefur jafnan haldið fast við þá afstöðu að Norður-Kóreumenn verði að losa sig við öll kjarnorkuvopn áður en af friðarsamningi geti orðið.

Kóreuríkin hafa ekki náð samkomulagi um legu landhelgismarka, meira en hálfri öld eftir að Kóreustríðinu lauk. Friðarsamningur var aldrei gerður, heldur aðeins vopnahléssamningur sem enn er í gildi. Strangt til tekið eiga ríkin því enn í stríði. gudsteinn@frettabladid.is









Þingmenn úr öllum flokkum skora á forsætisráðherra í þingsályktunartillögu:

# Öll gögn verði opin almenningi

**UPPLÝSINGAR** Forsætisráðherra á að lýsa því yfir hið fyrsta að öll gögn í umsjá opinberra aðila verði hér eftir opin og aðgengileg almenningi, nema brýnar ástæður séu til annars. Þetta segja tólf þingmenn úr öllum flokkum í nýlegri þingsályktunartillögu um opin gögn og rafrænan aðgang að þeim.

Í tillögunni er mælst til þess að hér eftir verði lögð áhersla á upplýsingaskyldu stjórnvalda, fremur en á upplýsingarétt almennings.

Með nýrri hugsun um upplýsingar megi komast hjá því að vilji stjórnvalda hverju sinni ráði því hvaða gögn séu aðgengileg almenningi.

Um leið ætti að endurskoða og skilgreina nánar hvaða ástæður teljist nægilegar til að hindra aðgang að gögnum.

Þar sem gögnunum hefur verið safnað fyrir skattfé sé eðlilegt að skattgreiðendur fái aðgang að þeim. Þetta séu gögn þjóðarinnar, kostuð af henni og unnin í hennar þágu.

Leynd valdi tortryggni og greiðari aðgangur að upplýsingum auki því traust á stjórnsýslunni.

Þannig verði ráðuneytum og stofnunum veitt aukið aðhald.

Fyrsti flutningsmaður tillögunnar er Davíð Stefánsson, þingmaður VG. **- kóþ**



**SKJALASAFN** Víst er að margt leynist í gagnabönkum og geymslum íslenskrar stjórnsýslu. Nú vilja þingmenn allra flokka gera stjórnvöld skyldug til að upplýsa almenning, frekar en að almenningur hafi takmarkaðan rétt á upplýsingum. NORDICPHOTOS/AFP


Ný vetrardekk
Dekkjaskipti




Sparaðu, láttu
skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á fjórum fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.190 kr.** Kauptu vetrardekkin hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

*Opið virka daga frá 8-17 og laugardaga frá 9-13*

**Reykjavík:** Bíldshöfði 5a, Bíldshöfði 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
**Hafnarfjörður:** Dalshraun 5, sími 515 7190.
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 462 2700.

MAX1 BÍLAVAKTIN

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*


Margmilljónerinn Trump:

## Selur Boeing 727 einkaþotu

**BANDARÍKIN** Boeing 727 einkaþota auðjöfursins bandaríska, Donalds Trump, er til sölu. Á lífsstílsvef danska viðskiptablaðsins Berlingske Tidende kemur fram að vélin sé komin til ára sinna, fyrst skráð árið 1968 og hafi um árabil verið í farþegaflugi með 134 farþega flutningsgetu fyrir American Airlines áður en Trump eignaðist hana.



**DONALD TRUMP**

Trump lét svo breyta vélinni og innrétta með margvíslegum lúxus, en nú tekur hún 24 farþega í sæti. Í sölulýsingu segir að þótt vélin sé gömul þá séu innréttingar nýtískulegar.

Ekki fylgir sögunni hvaða verð er sett á vélina, eða hvers vegna Donald Trump velur að selja núna. **- óká**

Þjófagengið á Hvolsvelli:

## Stálu tóbaki, áfengi og úrum

**LÖGREGLUMÁL Mikið magn af tóbaki og áfengi, talsverður fjöldi af úrum og háþrýstidæla voru meðal þess sem lögregla fann í þremur húsleitum á Hvolsvelli í fyrradag. Fimm manns voru handteknir vegna innbrotahrinu að undanförnu, tvær konur og þrír karlmenn, öll á þrítugsaldri. Konunum var sleppt að loknum yfirheyrslum en karlmönnunum ekki. Fólkið er af erlendu bergi brotið og hefur verið búsett á tveim stöðum á Hvolsvelli í lengri eða skemmri tíma. Ayk þýfisins fann lögregla í húsleitunum landabrugg og leifar af fíkniefnum. Lögreglan á Hvolsvelli naut aðstoðar lögreglunnar á Selfossi við aðgerðina. Þá var hundur frá Litla-Hrauni notaður. - jss**

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

## Lögreglan noti ekki rafbyssur

**ALÞINGI** Þórunn Sveinbjarnardóttir Samfylkingunni hvatti í gær dómsmálaráðherra til að koma í veg fyrir að lögregla beri rafbyssur.

Ríkislögreglustjóri vill að sérsveitarmenn beri slík vopn en endanleg ákvörðun þar um hefur ekki verið tekin.

Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra, sagði ákvörðunina lögreglunnar en hennar vilji stæði til að ákvörðun yrði tekin með upplýstum hætti, eins og hún orðaði það.

Benti Þórunn á að á síðustu átta árum hefðu 300 manns látist í Bandaríkjunum eftir að hafa hlotið stuð úr rafbyssu. **- bþs**


VIÐ VILJUM AÐ ÞÚ
**KYNNIR ÞÉR MÁLIÐ**

nóvember
20

Sjálfvirk greiðslujöfnun - aðgerðir Ríkisstjórnar

Öll verðtryggð lán, sem eru tryggð með fasteignaveði og eru í skilum fara sjálfkrafa í greiðslujöfnun og tekur sú greiðslujöfnun gildi frá og með gjalddaga í desember nk.

→ Þann **1. desember** fara sjálfkrafa í greiðslujöfnun öll verðtryggð lán, sem eru tryggð með fasteignaveði og eru í skilum.

→ Óski lántaki eftir því að vera undanþeginn úrræðinu gerir hann það með því að fylla út form á heimasíðu Nýja Kaupþings banka www.kaupthing.is, í netbankanum eða í næsta útibúi bankans fyrir **20. nóvember.**

→ Allar nánari upplýsingar má finna á www.kaupthing.is, www.island.is og www.felagsmalaraduneyti.is.

NÝI KAUPÞING BANKI



**SKRAUTLEG HAUSKÚPA** Á allraheilagramessu tíðkast það í Bólivíu að skreyta hauskúpur í kirkjugörðum. Ef vel er hugsað um þær er talið að þær verndi fólk frá illu. Þessi er með þrjár sígarettur í munni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisendurskoðun finnur að tímafrekri meðferð mála hjá Lyfjastofnun:

# Átta mánuði tók að svara tölvupósti

**STJÓRNSÝSLA** Átta mánuðir liðu frá því að eftirlitssviði Lyfjastofnunar var send fyrirspurn í tölvupósti seint á árinu 2008 og þar til svar barst nú í sumar. Stofnunin hefur ekki enn skilað greinargerð vegna úttektar sem gerð var á ónefndu apóteki um mitt ár 2008.

Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar eftir forkönnun á starfsemi Lyfjastofnunar. Meginniðurstaða þeirrar forkönnunar er þó sú að ekki sé ástæða til að gera stjórnsýsluúttekt á starfsemi Lyfjastofnunar. Sú niðurstaða byggist á því meðal annars að Lyfjastofnun hafi fram á síðasta ár afgreitt þorra verkefna sinna innan tilsettra tímamarka. Undanfarin fjögur ár hafi einnig orðið framfarir hjá Lyfjastofnun í 95 prósentum þeirra tilvika sem hugað var að varðandi yfirstjórn, veitingu markaðsleyfa, lyfjagát og eftirlit.



**LYFJASTOFNUN** Þótt uppsafnaður halli stofnunarinnar sé 108 milljónir króna á hún 144 milljónir króna á sjóði vegna þess að markaðar tekjur stofnunarinnar hafa verið meiri en áætlaðar voru.

Ríkisendurskoðun nefnir í skýrslu sinni sérstaklega að mikilvægt sé að Lyfjastofnun vandi vel til allra ákvarðana; gæti meðalhófs og sanngirni og byggi niðurstöður sínar á lögum. Þessi ábending er sett fram eftir að rakið er að síðustu fjögur ár hafi átján kærur vegna stjórnsýsluákvarðana Lyfjastofnunar verið sendar heilbrigðisráðuneytinu. Fjórar séu enn í vinnslu, fjórar hafi verið dregnar til baka eða vísað frá en af þeim tíu ákvörðunum sem eftir standa hafi ráðuneytið fellt fimm úr gildi. **- pg**

Skal greiða 300 þúsund:

# Réðst á barnsmóður sína

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur í Héraðsdómi Reykjaness verið dæmdur til að greiða 150 þúsund króna sekt í ríkissjóð fyrir að ráðast á barnsmóður sína. Konan hlaut allmikla áverka í andliti. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða henni 150 þúsund krónur í miskabætur.**

**Árásin var gerð í ágúst í fyrra. Konan bar að maðurinn hefði komið heim til sín ölvaður. Hann hefði viljað hitta son þeirra, sem er fimm ára. Maðurinn hafi vaðið inn í íbúðina og þegar konan bað hann að fara hafi hann gripið um andlit hennar og kreist og síðan hrint henni í gólfið.** **- jss**

Berlusconi reynir á ný:

# Með nýtt frumvarp í smíðum

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi forsætisráðherra og félagar hans á Ítalíuþingi ætla að leggja fram frumvarp sem myndi losa hann úr snöru réttarkerfisins vegna spillingarmála sem hann er ákærður fyrir.



**SILVIO BERLUSCONI**

Réttarhöld ættu að hefjast í næsta mánuði vegna þess að lög, sem hann hafði áður fengið samþykkt á þingi til að koma sér undan réttarhöldum, voru felld úr gildi af stjórnlagadómstól. Gianfranco Fini, samherji Berlusconi, hafði lýst yfir efasemdum um nýju lögin, en nú virðast þeir hafa náð samkomulagi. **- gb**

Mál gamla Landsbankans á hendur Imoni:

# Lögmenn kanna leiðir til sátta

**DÓMSTÓLAR** Lögmenn taka sér þrjár vikur til að kanna hvort grundvöllur sé fyrir sáttum í fimm af sex skuldamálum sem gamli Landsbankinn hefur höfðað á hendur eignarhaldsfélaginu Imoni. Málflutningur vegna frávísunarkröfu sjötta og stærsta málsins fer fram um miðjan janúar.

Málin voru tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun. Haldið er uppi frávísunarkröfu í öllum málunum af hálfu lögmanns Imonar, en það er eignarhaldsfélag í eigu Magnúsar Ármann.

Málið sem tekið verður fyrir í janúar er það langstærsta í hópnum, en þar krefur Landsbankinn Imon um yfir fimm milljarða króna. Sú skuld varð til örfáum dögum fyrir hrun bankanna í fyrra þegar Imon tók lán í Landsbankanum fyrir kaupum á um fjögurra prósenta hlut í bankanum. Lánað var gegn veði í stofnfjárbréfum Imons í Byr sparisjóði.

Málin fimm sem frestað var og varða lægri upphæðir verða tekin fyrir dóm að nýju í byrjun desember þegar liggur fyrir niðurstaða viðræðna lögmanna Imons og Landsbankans.

Haft var eftir Geir Gestssyni, lögmanni Imons, í frétt blaðsins fyrir helgina, að ágreiningur væri um fjárhæð krafna og um verðmæti innleystra veða. **- óká**



**CLINTON MÆTIR TIL LEIKS** Bill Clinton, fyrrverandi forseti, mætti á fund demókrata í öldungadeildinni til að stappa í þá stálinu fyrir baráttuna fram undan um heilbrigðistryggingar. NORDICPHOTOS/AFP

Barátta demókrata færist yfir í öldungadeildina:

# Hart deilt enn á ný um fóstureyðingar

**BANDARÍKIN** Deilur um fóstureyðingar eru orðnar háværar enn á ný í Bandaríkjunum eftir að fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti að framlengja bann við því að ríkið taki þátt í að greiða kostnað við fóstureyðingar.

Málið kemur fljótlega til kasta öldungadeildar þingsins. Bæði andstæðingar og fylgismenn fóstureyðinga hafa blásið í herlúðra og ætla að beita öllum þeim þrýstingi sem hægt er til að hafa áhrif á niðurstöðu þingdeildarinnar.

Eins og frumvarpið liggur fyrir í öldungadeild er ekkert ákvæði í þeim um fóstureyðingar. Andstæðingar fóstureyðinga berjast nú fyrir því að farin verði svipuð leið og í fulltrúadeildinni.

Jan Schakowsky, einn þingmanna demókrata í fulltrúadeildinni, segir fáránlegt að ætlast til þess að konur kaupi sér sérstaka tryggingu til að greiða fyrir fóstureyðingu. „Engin skipuleggur óvænta þungun," segir hann.

> Engin skipuleggur óvænta þungun.
>
> **JAN SCHAKOWSKY**
> ÞINGMAÐUR DEMÓKRATA

Flestir repúblikanar og nokkrir tugir demókrata samþykktu fóstureyðingarákvæðið í frumvarpi um heilbrigðistryggingar, sem afgreitt var frá deildinni á laugardag. Ólíklegt þykir að frumvarpið hefði fengist samþykkt án þessa ákvæðis.

Barack Obama Bandaríkjaforseti segist vonast til þess að geta undirritað lögin, samþykkt frá báðum deildum, fyrir áramót. **- gb**








ENNEMM / SÍA / NM39420
NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

# Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

| | | |
|---|---|---|
| 12. nóvember | Akranes | Fjármál heimilisins |
| 19. nóvember | Hamraborg | Fjármál heimilisins |

**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is. Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn



**189.989 kr.**
Fullt verð ~~219.989~~

42 tommur

**United LTV9742**
42" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta uppl. • 3D Comb filter • 100.000:1 skerpa • FullPIX2 / FullPIX HD • PIP (mynd í mynd) og PAP (mynd og mynd) • DVB-T stafr. móttakari • 2 x HDMI, VGA ofl.

*LCD með DVB-T móttakara*




**10.989 kr.**

# Raftæki og afþreying
# Þú færð það í Max! Ódýrt



24p playback

32 tommur

**Panasonic TXL32C10**
32" HD LCD BREIÐTJALD • 1366x768 punkta uppl. • Vreal 4 • 24p Playback • 15.000:1 skerpa • 3D Colour • Sub-Pixel Control • Progressive Scan • VIERA Link • Stafr. DVB-T móttakari • SD/SDHC kortalesari • 2 x Scart • 2 HDMI ofl.

**137.989 kr.**
Fullt verð ~~169.989~~



*SLR með skiptilinsum*

**Nikon D3000 KIT1855DX**
Stafræn SLR • 10.2 milljón p. uppl. • DX myndflaga með Nikon EXPEED • ISO 100 -1600 • 3" LCD skjár • Ofurskarpur 11 svæða sjálfv. fókus • Active D-Lighting • Skjámynd snýst • Stop-motion • 3D litafylkis ljósmæling II • Þyngd 485g

**114.989 kr.**
Fullt verð ~~129.989~~



*10MP stafræn vél*

**Olympus FE5000**
10 milljón p. uppl. • Auto ISO 80-1600 • Advanced Face Detection • Intelligent Auto • Dual hristivörn • 2.7" LCD skjár • 5x Optical og 4x Digital Zoom • Hreyfim.taka • USB • 48MB minni • Tekur xD og MicroSD kort • Fislétt

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~34.989~~

*DVD*




**2.389 kr.**
Væntanlegt á morgun



*CD tónlist*

**1.989 kr.**



PHILIPS
Senseo

*Kaffivél*

**Philips HD7810SV**
1450w Senseo kaffivél • Hellir upp á 1 eða 2 ferska bolla í einu með lagi af froðu • Aðeins 30 sek. að laga kaffi • Lagar einnig kakó • Auðvelt að hreinsa

**15.989 kr.**
Fullt verð ~~18.989~~



*Örbylgjuofn*

**United MWO9100**
Hvítur 800w örbylgjuofn • 20 lítra • 5 stillingar • Snúningsdiskur • Afþýðing

**11.989 kr.**
Fullt verð ~~13.989~~



*1600w ryksuga*

**Kenwood VC2781**
Einföld og handhæg 1600w ryksuga • Með stillanlegu röri og litlum bursta

**8.989 kr.**

*Þráðlaust sléttujárn*



**Exido 235021**
Þráðlaust keramik sléttujárn • On/off og MCH (snögg og jöfn hitun) • Má tengja með snúru • Hæsta hitastig 230°C • Slekkur á sér eftir 60 mín.

**4.489 kr.**
Fullt verð ~~6.989~~

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

# X-tra ódýrt!






249 kr/stk.

**SAFI, 1,5l**
ananas, epla eða appelsínu




379 kr/pk.

**SALT FLÖGUR**
400g




139 kr/pk.

**HAFRAKEX**
400g



398 kr/pk.

**KAKOMALT**
1kg

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

www.markhonnun.is



**179** kr/stk.

**TÚNFISKUR**
í olíu, 185g



**199** kr/pk.

**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
2 stk.



**399** kr/pk.

**FRANSKAR KARTÖFLUR**
1kg



**119** kr/stk.

**MAISKORN**
300g



**129** kr/pk.

**PASTASKÚFUR**
500g



**299** kr/stk.

**PASTASÓSA**
500g



**459** kr/stk.

**HUNANG**
450g



**179** kr/stk.

**ANANASSNEIÐAR**
567g



**119** kr/pk.

**BRAUÐRASP**
500g



**189** kr/pk.

**HVEITI**
2kg



**298** kr/stk.

**MATAROLÍA RAPS**
1 lítri



**239** kr/stk.

**FERSKJUR**
820g



**179** kr/pk.

**KAFFIFILTER 102**
200 stk., óbl.



**279** kr/pk.

**KAFFIFILTER 104**
200 stk., óbl.



**259** kr/stk.

**BÖKUNARPAPPÍR**
20m



**199** kr/stk.

**PLASTFILMA**
60m



**299** kr/pk.

**PLASTPOKAR, HVÍTIR**
3x30 stk



**299** kr/pk.

**ELDHÚSRÚLLUR**
4 rúllur



**229** kr/stk.

**WC HREINSIR**
750ml



**389** kr/pk.

**WC PAPPÍR**
8 rúllur

Birt með fyrirvara um prentvillur

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

FRÉTTASKÝRING: Ísland og erlendir fjárfestar

# Flestir hlynntir erlendum fjárfestingum

**Íslensk tryggingafélög og fjarskiptafyrirtæki verða vænlegir kostir fyrir erlenda fjárfesta í náinni framtíð. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Capacent Glacier sem kynnt verður í dag.**

## Viðhorf til erlendra fjárfestinga á Islandi

Hversu mikilvægt eða lítilvægt telur þú fyrir íslenskt efnahagslíf að fá erlenda aðila til að fjárfesta hér á landi?

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi?




Capacent Gallup framkvæmdi könnunina fyrir Capacent Glacier í september síðastliðnum. Tveir hópar voru spurðir í könnuninni, annars vegar almenningur og hins vegar stjórnendur. Úrtakið í stjórnendahópnum var tilviljunarúrtak úr fyrirtækjaskrá og Viðhorfahópi stjórnenda. Haft var samband við fyrirtæki með fjóra starfsmenn eða fleiri. Endanlegt úrtak var 956 manns og svarhlutfallið 52,2 prósent.

Í hópnum sem hér er kallaður almenningur var upphaflegt úrtak 1.300 manns en endanlegt úrtak var 1265. Svarhlutfallið var 58-59,8 prósent.

Mikill meirihluti venjulegra Íslendinga og stjórnenda í íslenskum fyrirtækjum er hlynntur erlendum fjárfestingum á Íslandi. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem ráðgjafarfyrirtækið Capacent Glacier lét gera fyrir sig og birtist í nýrri skýrslu sem nefnist Erlendar fjárfestingar á Íslandi: Lærdómur fortíðar, staðan í samtímanum og tækifæri framtíðarinnar (e. Foreign investment in Iceland: Past lessons – present situation – future opportunites) sem kynnt verður á ráðstefnu á Grand Hótel í dag.

Magnús Bjarnason, forstjóri Capacent Glacier, segir niðurstöðurnar vera miklu jákvæðari en hann bjóst við. „Það skiptir gríðarlega miklu máli þegar verið er að kynna Ísland erlendis að geta sýnt fram á að íbúarnir séu hlynntir erlendri fjárfestingu,“ segir Magnús, sem hefur undanfarið heimsótt fjárfesta og kynnt Ísland sem mögulegt land tækifæra fyrir erlenda fjárfesta. Fyrirtækið aðstoðaði meðal annars við kaup Magma Energy á hlut í HS Orku.

### Mikil þörf fyrir fjármagn á Íslandi

Magnús segir áhuga á fjárfestingum á Íslandi vera mikinn og enn fremur sé ljóst að mikil þörf sé fyrir eigið fé inn í mörg fyrirtæki hér á landi. Áhugi stjórnenda íslenskra fyrirtækja á erlendum fjárfestingum komi því ekki á óvart en í viðhorfskönnuninni kemur fram að 86 prósent þeirra eru hlynntir erlendum fjárfestingum á Íslandi og 92 prósent telja þær mikilvægar. Almenningur er ekki alveg jafn hrifinn en þó er mikill meirihluti þeirra sem svöruðu könnuninni hlynntur erlendri fjárfestingu, eða 70 prósent, og 81 prósent telur hana mikilvæga fyrir íslenskt hagkerfi.

Magnús segir reynslu erlendra fjárfesta af Íslandi undanfarna áratugi mjög góða. Álfyrirtækin séu þar fyrirferðarmest en ekki flest að tölu. Fyrsta stóra fjárfesting erlendra aðila var álverið í Straumsvík sem hóf starfsemi árið 1969. Í skýrslunni kemur fram að sú fjárfesting var umdeild á sínum tíma, rétt eins og álverið á Reyðarfirði var áratugum síðar. Reynslan af erlendum fjárfestingum sé hins vegar góð. „Fjárfestingarnar hafa gengið mjög vel upp bæðir fyrir neytendur og fjárfesta. Nú er reynslan orðin löng og farsæl,“ bendir Magnús á. Í skýrslunni kemur enn fremur fram að þó að viðhorf til erlendra fjárfestinga sé almennt jákvætt eigi það ekki við um fjárfestingar í öllum greinum.



**MISVELKOMNIR ÚTLENDINGAR** Almenningur er ekki sérlega jákvæður í garð fjárfestinga erlendra aðila í sjávarútvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meirihluti sé til að mynda andvígur erlendum fjárfestingum í sjávarútvegi og orkufyrirtækjum. Þegar spurt var í framhaldi hvort andstæðingarnir* væru tilbúnir að skipta um skoðun, yrði sanngjarnt gjald tekið fyrir notkunina á auðlindunum, kemur í ljós að mikill meirihluti aðspurðra var til í það.

### Sjóvá og VÍS til sölu

Magnús segir ljóst að veik staða krónunnar heilli erlenda fjárfesta. Tækifærin fyrir þá verði mýmörg á næstunni, þegar fyrirtæki sem nú séu í eigu eignaumsýslufélaga bankanna verði seld á markaði. Í skýrslunni eru tekin dæmi um trygginga- og fjarskiptafyrirtæki sem líklegt er talið að verði seld á næstu árum. Þar á meðal er Sjóvá, sem bent er á að hafi í raun verið yfirtekið af ríkinu í gegnum eignarhald þess á Glitni og Íslandsbanka. Bent er á að Vörður sé þegar í meirihluta Færeyjabanka. Stærsta tryggingafyrirtæki landsins, VÍS, er talið á meðal líklegra tækifæra í náinni framtíð, og bent er á að Vodafone sé nú að meirihluta í eigu Landsbanka og endurskipulagning á fyrirtækinu miði að því að fá inn nýja fjárfesta.

Magnús bendir á að í skýrslunni séu leiddar líkur að því að þessi fyrirtæki verði seld.

„Ísland hefur gott orðspor erlendis, það er stórlega búið að oftúlka hinn svokallaða ímyndarhnekki sem Ísland hefur beðið á alþjóðavettvangi,“ segir Magnús, sem hrósar stjórnvöldum fyrir að hafa komið fram af ábyrgð eftir hrunið og komið í veg fyrir að eignir væru seldar hér á brunaútsölu. Nú sé búið að búa svo um hnúta að umhverfið sé gott fyrir alvöru erlendar fjárfestingar og margir sýni þeim áhuga. „Og það er engin ástæða til að óttast að erlendir aðilar færi sér ástandið hér í nyt.“



FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR
sigridur@frettabladid.is

## Viðhorf til fjárfestinga í sjávarútvegi og orkuiðnaði

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) fjárfestingum erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum?




Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum ef tryggt væri að auðlindin væri í eigu Íslendinga og sanngjarnt verð væri greitt fyrir nýtingu hennar?




Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) fjárfestingum erlendra aðila í íslenskum orkufyrirtækjum?




Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) fjárfestingum erlendra aðila í orkufyrirtækjum ef tryggt væri að auðlindin væri í eigu Íslendinga og sanngjarnt verð væri greitt fyrir nýtingu hennar?




Nýlegar breytingar í utanríkismálum Færeyja:
Ófullvalda ríki í alþjóðasamfélaginu
Latest Developments in Faroese Foreign Affairs:
A Non-Sovereign State in the International Arena



Hádegisfundur í Norræna húsinu,
fimmtudaginn 12. nóvember frá klukkan 12.00 til 13.30

Beinta í Jákupsstovu, dósent í stjórnmálafræði við Fróðskaparsetur Færeyja og Molde háskóla í Noregi, flytur erindi á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Norræna hússins og ræðismannsskrifstofu Færeyja á Íslandi.

*Beinta* mun fjalla um breytingar í utanríkismálum Færeyja, þar á meðal nýstofnaða nefnd sem skoðar hugsanlegar breytingar á samskiptum Færeyja við Evrópusambandið.

**Fundarstjóri:** *Alyson JK Bailes*, aðjúnkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.


Alyson JK Bailes


Beinta í Jákupsstovu

Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er opinn öllum.
Boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 11.30.

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI


FORTIS
KITCHEN STAINLESS STEEL SINKS
TILBOÐ
ELDHÚS
STÁLVASKAR
STEELART
1005c 81 x 44 sm
BOTNVENTILL OG VATNSLÁS FYLGJA
16.900,- stgr.
CAS 810L 57 x 43 sm
STEELART
LYFTITAPPI OG BOTNVENTILL FYLGJA
43.900,- stgr.
PAS 621 100 x 51 sm
STEELART
LYFTITAPPI OG BOTNVENTILL FYLGJA
65.900,- stgr.
1075c 58,5 x 48,5 sm
BOTNVENTILL OG VATNSLÁS FYLGJA
12.900,- stgr.
1011c 45 x 45 sm
BOTNVENTILL OG VATNSLÁS FYLGJA
10.900,- stgr.
CFS 811 84 x 47 sm
STEELART
LYFTITAPPI OG BOTNVENTILL FYLGJA
55.900,- stgr.
2025c 89 x 48 sm
BOTNVENTILL OG VATNSLÁS FYLGJA
22.900,- stgr.
1008c 43 x 38 sm
BOTNVENTILL OG VATNSLÁS FYLGJA
9.900,- stgr.
PAS 611 84 x 51 sm
STEELART
LYFTITAPPI OG BOTNVENTILL FYLGJA
52.900,- stgr.
til afgreiðslu af lager
Christina
Blöndunartæki fyrir eldhús
VERÐ FRÁ:
4.900,-
SÁPUDÆLA
fyrir stálvaska
3.900,- stgr.
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Sameiningartákn dagsins í dag verður menningararfur framtíðarinnar.

## Eigum við að ræða það eitthvað?

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Íslensk kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð hefur staðið í blóma undanfarin misseri. Að einhverju leyti er þjóðin enn að njóta afurða sem til var stofnað meðan betur áraði en nú. Í önnur verkefni hefur verið ráðist eftir hrun vegna þess að eftirspurnin er til staðar.

Sérstaklega er ástæða til að fagna leiknu íslensku sjónvarpsefni, sem hefur verið bæði meira að umfangi og gæðum nú upp á síðkastið en nokkru sinni fyrr. Á rysjóttum tímum er það þjóðinni hollt að sameinast fyrir framan sjónvarpsskjáina yfir skemmti- og menningarefni sem hefur skírskotun í hennar eigin veruleika. Hlegið hefur verið í kaffitímanum á mánudögum að uppákomunum í Fangavaktinni sem margir munu sakna sárt af skjánum á sunnudagskvöldum. Þá var Hamarinn Sjónvarpsins einnig einstaklega vel heppnuð, bæði spennandi og skemmtileg, sjónvarpsþáttaröð, svo hápunktar en þó alls ekki eina góða leikna sjónvarpsefni vetrarins hingað til, séu nefndir.

Það er því heldur betur af sem áður var að áhorfendur sitji meira og minna með kjánahroll við skjáinn þegar leikið íslenskt efni er þar borið fram.

Og það er ekki aðeins sjónvarpsþáttagerð sem stendur í blóma. Á lista yfir tíu mest sóttu myndir bíóhúsanna um síðustu helgi voru þrjár íslenskar bíómyndir. Á vef Kvikmyndamiðstöðvar kemur fram að nú eru átta leiknar bíómyndir í fullri lengd í framleiðslu. Það er því til nokkurs að hlakka.

Þótt spár um að bíó og sjónvarp myndi leysa bókina af hólmi hafi ekki gengið eftir þá er myndmiðillinn fyrirferðarmikill í lífi allra kynslóða. Það er því mikilvægt hverri þjóð að geta speglað sig í slíku efni.

Það einkennir nýtt íslenskt kvikmynda- og sjónvarpsefni að yrkisefnin eru nú í meira mæli sótt í samtímann en tíðkaðist á upphafsárum íslenskrar kvikmyndagerðar. Og þrátt fyrir að ein og ein metsölubók rati á hvíta tjaldið þá er hitt algengara að handrit sé frumsamið fyrir leikna efnið en ekki byggt á bók. Í íslenskum bíómyndum og sjónvarpsþáttum er fengist við ýmsar hliðar íslensks veruleika, í þeim er íslenskur húmor og þar er talað íslenskt mál. Þetta efni er því gríðarlega mikilvægt framlag til menningarinnar í landinu. Auk þess sem það verður mikilvægur vitnisburður um tíðaranda hvers tíma þegar fram líða stundir.

Þá er ótalið framlag bíómynda og leikins sjónvarpsefnis til þess að efla vöxt og viðgang íslenskunnar. Það er mikilvægt hverju málsamfélagi að eiga, auk bókmenntanna, sameiginlegan sjóð af leiknu efni; að börn alist ekki upp við að allt leikið efni sé á erlendum tungumálum, og þá einkum einu, heldur sé hægt að nota móðurmál þeirra í leiknu efni. Sömuleiðis verður þetta efni mikilvæg heimild til framtíðar um íslenskt mál og þróun þess.

Íslensk kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð er ekki, og á ekki að vera, munaður sem hægt er að leyfa sér á uppgangstímum. Hún er nauðsynlegt framlag til menningar þjóðarinnar alltaf.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Brautargengi frjálslyndra

Frjálslyndi flokkurinn náði þeim áfanga í gær að á Alþingi var rætt um frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, sem flokksmenn segja að sé að miklu leyti samið af Guðjóni Arnari Kristjánssyni, formanni flokksins. Og það aðeins hálfu ári eftir að flokkurinn missti alla sína menn af þingi. Með mátulega miklum ýkjum mætti segja að stefnumál Frjálslynda flokksins hafi náð meira brautargengi þegar flokkurinn var utan þings en nokkurn tímann á þingi. Og hver veit, hefði Frjálslyndi flokkurinn aldrei farið á þing til að byrja með væri kannski jafnvel búið að afnema kvótakerfið.



### Sófaróttækni

Ung vinstri græn standa fyrir „róttæku kaffihúsakvöldi“ á Kaffi Rót í kvöld. Meðal skemmtiefnis er upplestur úr pólitískum verkum. Á heimasíðu VG segir að markmið kvöldsins sé að slaka á með góðan kaffibolla og „gleyma stund, stað og þjóðfélagsumræðunni“. Tekur það ekki dálítið róttæknina úr kvöldinu?

### Grunsamlegt

Lögreglan kom upp um kannabisrækt í Kópavogi í gær. Í kjölfarið sendi hún frá sér ábendingar til almennings um atriði sem gætu bent til að ekki sé allt með felldu í nágrenni þeirra. Sem dæmi nefnir lögreglan þegar íbúar finna lykt á stigagangi, vatnshljóð og ef byrgt er fyrir glugga. Þá getur raki í gluggum bent til kannabisræktunar eða opnir gluggar. Þá þykir grunsamlegt ef hlutir eru færðir úr stað og í einhverjum tilvikum gætu heyrst hljóð eins og það sé verið að smíða. Með öðrum orðum, þar sem býr fólk er mögulega verið að rækta kannabis.



bergsteinn@frettabladid.is

## Pólitískar vinaráðningar

Ein birtingarmynd kunningjaþjóðfélagsins er kunningjakapítalisminn. Þar hafa fjölskyldu-, vina og pólitísk hagsmuna- og kunningjatengsl myndað náið samband stjórnmála, stjórnsýslu og viðskipta. Einkavinavæðing og einhvers konar „ástarsamband“ milli stjórnmálamanna og ýmissa framámanna í viðskiptalífinu eru þannig ein birtingarmynd kunningjakapítalismans. Önnur birtingarmynd kunningjaþjóðfélagsins er það kunningjasamfélag sem verður til innan opinberrar stjórnsýslu við það að ættar-, vina-, og pólitísk hagsmuna- og kunningjatengsl ráða meiru við ráðningar í embætti og störf hjá hinu opinbera en hæfni, þekking og reynsla. Þetta kallast í daglegu tali pólitískur klíkuskapur, eða pólitískar vinaráðningar (e. political cronyism). Pólitískar vinaráðningar þekkjast víða, en eru hvað útbreiddastar í vanþróuðum ríkjum. Þegar pólitískar vinaráðningar hafa viðgengist um margra ára skeið og sami stjórnmálaflokkur eða flokkar hafa verið við völd lengi verður til kunningjasamfélag innan stjórnsýslunnar, þ.e. kunningjastjórnsýsla.



SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR

**UMRÆÐA** | Stjórnsýslumál

Pólitískum vinaráðningum fylgja oftast væntingar um hollustu og hlýðni. Stundum er um ákveðinn vinargreiða ræða. Það breytir því þó ekki að hvort heldur sem er, þá myndast í kjölfarið samband milli þess sem ræður og þess sem er ráðinn, samband sem líkja má við „skjólstæðingssamband“ (e. clientelism), þar sem sá sem tekur ákvörðun um ráðningu er orðinn „verndari“ (e. patron) þess sem er ráðinn. Við það ráðningarsamband sem skapast við pólitískar ráðningar verða til ákveðnar aðstæður þar sem sá sem ræður telur sig geta með nokkurri vissu sagt fyrir um hvernig sá sem er ráðinn hagar ákvörðunum sínum. Þetta þykir mörgum stjórnmálamönnum kostur þar sem opinber stjórnsýsla fæst við undirbúning ákvarðana og mörkun stefnu í sameiginlegum málum þjóðarinnar. Þar mætast oft ólíkir hagsmunir almennings og einkaaðila.

Kunningjastjórnsýsla þarf ekki að þýða að innan stjórnsýslunnar, þ.e. ráðuneytanna sé að finna eitt allsherjar kærleiksheimili kunningja. Nei, öðru nær. Í kunningjastjórnsýslum ríkir oft mikil óvissa, einkum við ráðherraskipti. Þegar hinn „pólitíski verndari“ er horfinn af svæðinu skapast óöryggi hjá „skjólstæðingnum“. Kvíði, innri átök og valdabarátta geta hafist milli einstaklinga og jafnvel heilu deildanna innan ráðuneytanna á meðan menn keppast við að ná athygli nýja ráðherrans. Að komast í „náðina“ skiptir miklu til að losna úr viðjum gamla „skjólstæðingssambandsins“, sanna sitt eigið ágæti eða fá ný tækifæri. Við þessar aðstæður getur kunningjastjórnsýslan hæglega orðið að kerfi sem byrjar að þjóna sjálfu sér. Pólitískar vinaráðningar veikja því stjórnsýsluna.

Pólitískar vinaráðningar gera stjórnsýsluna pólitískari. Við ákvarðanatöku kann faglegt mat að markast af pólitísku mati, vegna þess að menn óttast að faglegt mat sem er á skjön við hið pólitíska verði túlkað sem óhollusta. Pólitískt mat getur þannig fengið meira vægi við undirbúning ákvarðana en faglegt mat. Skilin milli þess faglega og þess pólitíska verða óljós. Því pólitískari sem stjórnsýslan verður því minna gegnsæi og þeim mun óljósari ábyrgð.

Neikvæð áhrif pólitískra vinaráðninga eru meiri í fámennum samfélögum en stærri samfélögum og ýmsir eiginleikar kunningjastjórnsýslunnar eru þar hraðvirkari og víðtækari. Kunningjastjórnsýslan er t.d. algengasti farvegur skilaboða eða viðvarana til einstaklinga innan sem utan stjórnsýslunnar og því eitt helsta burðarvirki þöggunar og bælingar á gagnrýnni umræðu í samfélaginu. Fyrir stjórnmálamenn sem vilja hafa stjórn á hinni opinberu umræðu getur kunningjastjórnsýslan því ekki aðeins verið mjög gagnleg heldur mjög áhrifarík vegna þess að í fámenninu eru skilin milli einkalífs og vinnu nánast engin. Þar er í færri hús að venda fyrir gagnrýnisraddir og þar eiga menn því oft meira undir ráðherrum og stjórnmálamönnum en raunin er í stærri samfélögum sem bjóða upp á margbreytileika og fleiri möguleika og tækifæri fyrir fólk sem hefur sérhæft sig til að þjóna hagsmunum almennings.

Hvað er til ráða? Setja þarf á laggirnar ráðningarstofu stjórnsýslunnar sem starfi undir eftirliti þingskipaðrar nefndar og hafi það hlutverk að ráða í öll embætti og áhrifastöður innan stjórnsýslunnar. Ráðningarstofan sjái til þess að stjórnarráðið og stofnanir þess búi ávallt yfir bestu fáanlegri hæfni og getu sem stjórnvöld þurfa á að halda á hverjum tíma. Með tilkomu hennar mun fækka þeim kærum til umboðsmanns Alþingis sem geta leitt til skaðabóta á hendur ríkinu.

*Höfundur er stjórnsýslufræðingur.*

## Lóðaskortsstefna R-listans

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um skipulagsmál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Hver man ekki söng sjálfstæðismanna í Reykjavík allt síðasta kjörtímabil sem náði hámarki fyrir kosningar þar sem fullyrt var að Reykjavíkurlistinn stundaði lóðaskortsstefnu. Ekki var nægt lóðaframboð, lóðirnar voru ekki nógu ódýrar, Reykjavíkurborg var ekki að standast „samkeppni“ við nágrannasveitarfélögin. Borgin var að dragast afturúr, allt vegna hinnar meintu lóðaskortsstefnu Reykjavíkurlistans. Þessi söngur var í efsta sæti vinsældalista sjálfstæðismanna árið 2006.

Sjálfstæðismenn skiptu svo sannarlega um gír hvað varðar úthlutanir lóða þegar þeir komust til valda. Tekið var upp fastverðs fyrirkomulag á lóðaúthlutunum og lóðum í nýjum hverfum borgarinnar dælt út af miklu kappi, langt undir markaðsverði, í samkeppni við sjálfstæðismenn í Kópavogi. Nú er þessi bóla eins og aðrar bólur sjálfstæðismanna sprungin og sú skelfilega staðreynd blasir við, að fjárfestingar fyrir á annað hundrað milljarða króna standa nú ónotaðar og tekjulausar fyrir samfélagið í nýbyggingarhverfum. Til að vinda ofan af þessu þarf íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu að aukast um 20%.

Þegar þetta er dregið fram í dagsljósið bregst formaður Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, Júlíus Vífill Ingvarsson, við með því að reyna að kenna Reykjavíkurlistanum um ástandið. Segja það svo á „lágu plani“ að tala um þessi mál, því á bak við tóma grunna séu harmsögur og brostnar vonir fjölskyldna. Þá þykir mér nú fyrst ástæða til að ræða málin. Ef engin væru fórnarlömbin og engar afleiðingar væri glæpurinn ekki stór og ástæðulaust að fara yfir stöðu þessara mála. En það eru afleiðingar og fórnarlömb og ljóst að stefna Sjálfstæðisflokksins brást í þessu sem svo mörgu öðru. Sjálfstæðismenn geta reynt að hagræða ýmsu en það er beinlínis móðgun við allt hugsandi fólk að þeir reyni að kenna Reykjavíkurlistanum og Samfylkingunni um offramboð á lóðum í Reykjavík eftir áralangan áróður sjálfstæðismanna um meinta lóðaskortsstefnu Reykjavíkurlistans.

*Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**GÖNGUSKÍÐAFERÐ** verður farin á vegum Ferðaþjónustu bænda 30. janúar til 6. febrúar. Ferðinni er heitið til Oberstdorf í þýsku Ölpunum sem er jafnframt syðsti bær Þýskalands. Þar er frábært gönguskíðasvæði en heimsmeistaramótið í norrænum greinum var haldið þar árin 1987 og 2005. www.baendaferdir.is











Íslensku dýrasængurverin
Ný sending - óbreytt verð
Lín DESIGN
Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220
www.lindesign.is







Ægir Sævarsson lenti í hremmingum með fjögurra manna hrakfallabálkafjölskyldu frá Frakklandi í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hasarinn við Höfðann

**Ægir Sævarsson hefur starfað í og með sem leiðsögumaður um Ísland í ein sautján ár. Áætluð ferð út á Ingólfshöfða með fjögurra manna fjölskyldu frá Frakklandi er honum minnisstæðari en flestar aðrar.**

„Ég hef aldrei lent í öðru eins. Og hef ég nú lent í ýmsu,“ segir Ægir Sævarsson, sölumaður hjá Betware á Íslandi, sem gripið hefur í leiðsögumennsku flest sumur síðustu sautján ár eða svo. Ein slík ferð í júlí síðastliðnum er Ægi minnisstæð.

Ægir var leiðsögumaður í svonefndri VIP-ferð þar sem viðskiptavinir, í þessu tilfelli fjögurra manna fjölskylda frá Frakklandi, panta jeppa með leiðsögumanni í heila viku til að ferðast um landið þvert og endilangt.

„Eldsnemma einn morguninn ákváðum við að keyra út í Ingólfshöfða, klettahöfðann suður af Öræfajökli, eins og ákveðið hafði verið. Keðja hafði verið sett fyrir vegarslóðann út í höfðann en ég hugsaði ekki mikið út í það, hélt að um varúðarráðstöfun væri að ræða,“ segir Ægir. „Þar sem við erum að keyra í makindum okkar sé ég skyndilega í baksýnisspeglinum hvar LandRover-jeppi kemur brunandi á brjálaðri ferð á eftir okkur. Svo veit ég ekki fyrr til en jeppinn keyrir þvert í veg fyrir mig og snarstoppar.“

Ægir þurfti að nauðhemla og lá við að hann fengi alla fjölskylduna á mælaborðið hjá sér. Hann steig út úr bílnum og ætlaði að ræða við manninn á jeppanum. „Hann er svona rosalega reiður og engu tauti né rauli komandi við hann. Áður en ég vissi hvað var að gerast var hann búinn að vinda sér inn í bílinn hjá okkur, taka lykilinn úr svissinum og keyra burt.“

Ægir segist ekki hafa vitað sitt rjúkandi ráð þegar þarna var komið við sögu. „Mér datt í hug að sýna þessum ágætu ferðamönnum smá sýnishorn af þjóðaríþróttinni, íslenskri glímu, og stökkva upp á bakið á manninum. En ég hætti nú við það. Í ljós kom að þarna var á ferð maður sem rak þarna ferðaþjónustu og keyrði ferðamenn á dráttarvél út í höfðann. Í einfeldni minni hélt ég að gengið hefði verið frá öllum hnútum varðandi þennan mann, en svo var ekki.“

Ægir hringdi í ferðaþjónustuna sem hann vann hjá og bað um aðstoð. Svo tók við heil klukkustund þar sem fjölskyldan og leiðsögumaðurinn sátu á sandinum og veltu fyrir sér næsta skrefi. „Ég vissi svo sem að þetta myndi reddast, enda kom eiginkona mannsins um síðir á traktor út á sandinn og skilaði lyklunum.

En það sem stendur upp úr eru viðbrögð mannsins. Vel má vera að ég hefði ekki átt að losa keðjuna og nota aðstöðu sem hjónin höfðu byggt upp, en þetta voru algjörlega fáránleg viðbrögð við lítilfjörlegum glæp, ef um glæp var þá að ræða. Ábyrgðarleysið er algjört. Maður veit aldrei hvernig fólk maður hefur í bílnum og milljón hlutir geta komið upp á,“ segir Ægir.

Hann segir frönsku fjölskylduna hafa verið töluvert skelkaða, en þó tekið hlutunum með ró. „Þau sögðu mér að þau hefðu lent í alls kyns skakkaföllum á ferðum sínum um heiminn. Greinilega fyrirtaks hrakfallabálkar þarna á ferð.“

*kjartan@frettabladid.is*




# JÓLIN KOMA



**HEIMAGERÐAR JÓLAGJAFIR** eru bráðskemmtilegar. Nú er lag að hefjast handa svo þær verði tilbúnar fyrir jólin.


La Villa
Gistiheimili í Kaupmannahöfn
Herbergi og studioíbúðir
í miðbænum
sími 0045-2848 8905



20% afsláttur á meðan birgðir endast!
100% náttúrulegt
Metasys er áhrifaríkt fæðubótaefni sem hefur hjálpað þúsundum Íslendinga við að létta sig. Að auki er Metasys mjög heilnæmt og þykir auka orku og úthald. Þeir sem hafa náð bestum árangri á Metasys hafa bætt inn hæfilegri hreyfingu og viðhaft skynsamlegt mataræði
**Kíktu inn á www.metasys.is**
Þú færð Metasys í heilsu- og lyfjaverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.
metasys


# Verður betri og betri

**Bob Dylan-aðdáandinn Ölvir Gíslason mælir heils hugar með nýútkominni jólaplötu meistarans, Christmas in the Heart, fyrir jólin. Platan hefur vakið mismikla lukku hjá Dylan-fólki um víða veröld.**



„Jesús og jólasveinninn eru álíka fyrirferðarmiklir á plötunni," segir Ölvir Gíslason um jólaplötu Bobs Dylan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég hef aldrei verið neitt sérstaklega gefinn fyrir jólalög, en þessa plötu hef ég hlustað á margoft síðan hún kom út og hún verður betri við hverja hlustun," segir Ölvir Gíslason, framkvæmdastjóri spurningafyrirtækisins Ekki spurning ehf., um nýútkomna jólaplötu Bobs Dylan. Ölvir er einn mesti aðdáandi tónlistarmannsins á Íslandi og tilheyrir meðal annars Íslensku Dylan-mafíunni svokölluðu, hópi manna sem hittast reglulega og ræða um alla mögulega Dylan-tengda hluti og þeir skiptast á sögum og geisladiskum.

Fyrr á árinu sendi Bob Dylan frá sér plötuna Together through Life, og segir Ölvir að mörgum aðdáendum kappans hafi brugðið þegar tilkynnt var um útkomu plötu númer tvö á árinu. Á plötunni, sem ber titilinn Christmas in the Heart, syngur Dylan sígild jólalög á borð við Winter Wonderland, Little Drummer Boy og Here Comes Santa Claus.

„Þetta eru meira og minna gamlir standardar og fátt sem kemur á óvart," segir Ölvir, „en fílingurinn á plötunni er svo notalegur og húmorískur að maður heyrir ýmislegt í þessum lögum sem maður hafði ekki kveikt á áður. Blíðir og vinalegir straumar ráða ríkjum."

Það er óhætt að segja að platan hafi vakið mismikla lukku hjá gamalgrónum Dylan-mönnum, en allur ágóði af sölu hennar rennur til bágstaddra. „Flestir í kringum mig eru hæstánægðir, en auðvitað eru alltaf einhverjir ósáttir. Mörgum finnst sem röddin í Dylan sé alveg farin, og það er þó nokkuð til í því, en hann nýtir vel það sem hann hefur."

Eitt af því sem sett hefur verið út á í sambandi við plötuna er að þar syngi Dylan, gyðingurinn sjálfur, jólalög af miklum móð. Ölvir gefur lítið fyrir slíka gagnrýni.

„Þeir eru margir gyðingarnir sem hafa gefið út jólaplötur, og eru Barbra Streisand og Neil Diamond nærtæk dæmi. Jesús og jólasveinninn eru álíka fyrirferðarmiklir á plötunni, og ýmsir hafa bent á að samkvæmt ströngustu reglum mætti Dylan þá heldur ekki syngja um sveinka vegna þess að hann trúir ekki á hann. Sumir kjósa einfaldlega að nöldra yfir öllu."

Ölvir mælir heils hugar með Christmas in the Heart fyrir jólin. „Svona blíðir og vinalegir straumar henta einstaklega vel fyrir hátíðarnar," segir Ölvir sáttur við Dylan. *kjartan@frettabladid.is*



ALLT TIL INNPÖKKUNAR
KÖRFUR Í MIKLU ÚRVALI
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500



LAGERSALA
Gabor
Mikið úrval af ódýrum skóm á alla fjölskylduna
Opið virka daga 12:00 - 18:00 - laugardaga 12:00 - 16:00
xena
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík
Allar upplýsingar í síma 517-2040



Patti Húsgögn
Landsins mesta úrval af sófasettum
299.900 KR
VERÐ ÁÐUR 469.000 KR
MAN-87-LEÐUR BOGASÓFI
BOSTON-LUX ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
◆ Tungusófar
◆ Sófasett
◆ Stakir sófar
◆ Hornsófar
NICE ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
ROMA ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
BONN ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
BOSTON-LUX ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
149.900 KR
VERÐ ÁÐUR 399.900 KR
MAN-8356 3+1+1
P-8185 ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

# BARNABÆKUR

11. NÓVEMBER 2009































FRÉTTABLAÐIÐ

## Flugvélakossar/Airplane kisses



Sagan er eftir tengdamæðgurnar Ingibjörgu Vilbergsdóttur og Nancy Myer og er myndskreytt af Jean Antoine Posocco. Daníel býr á Íslandi og amma hans í Ameríku. Þau finna sniðuga leið til að halda sambandi. Skemmtileg og hjartnæm saga um væntumþykju sem berst heimsálfa á milli. Bókin er bæði til á íslensku og ensku.

## Arngrímur apaskott og fiðlan




Arngrímur apaskott gengur fram á Sólrúnu sem er að spila á fiðlu. Hann heillast af seiðandi tónunum og ætlar sér að ná fiðlunni – hvað sem það kostar! Sérlega falleg myndabók fyrir yngstu kynslóðina. Texti og myndir eru eftir Kristínu Arngrímsdóttur.

## Gusugangur í grasinu




Gullfalleg myndabók fyrir yngstu börnin eftir Erlu Sigurðardóttur. Sagan fjallar um litlu mýslurnar Mjóna, Múshildi og Mýsling sem lenda í ærlegum gusugangi!

## Ég skal vera dugleg

Í sögunni rifjar Lovísa María Sigurgeirsdóttir upp dvöl sína á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þegar hún var lítil stelpa upp úr 1960. Hún lýsir heimi sem einkenndist jafnt af æðruleysi og örvæntingu – sorgum og sigrum. Einstaklega falleg saga fyrir börn á öllum aldri.




Salka

Skipholti 50 c www.salka.is




● **ENID BLYTON** (1897-1968) var einn vinsælasti barnabókahöfundur tuttugustu aldar. Bækur hennar hafa verið þýddar á nærri níutíu tungumál en frægustu bækurnar eru Fimmbækurnar, Ævintýrabækurnar, Ráðgátubækurnar og Doddabækurnar.




# Hefur séð skugga skjótast

**Meðal barna og unglingabókanna sem Salka gefur út fyrir jólin er Galdrasteinninn. Hún er fyrir alla sem hafa gaman af ævintýrum að sögn höfundarins, hinnar sextán ára Hörpu Dísar Hákonardóttur. En um hvað er hún?**



**Rithöfundurinn ungi Harpa Dís við álfasteininn í garðinum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Bókin fjallar um stelpu sem einn daginn tekur eftir því að allir í kringum hana eru farnir að rífast. Svo hittir hún tvö álfabörn og fer með þeim til álfheima. Hún þarf að hjálpa þeim að leysa vanda því að svartdvergar þar í landi eru farnir að beita galdrasteininum og þegar hún reynir að stoppa þá lendir hún í ýmsum ævintýrum.“ Þannig lýsir Harpa Dís innihaldinu í örstuttu máli, án þess að vilja ljóstra of miklu upp fyrir væntanlegum lesendum. Hún kveðst hafa gengið með hugmyndina í kollinum um tíma og svo ákveðið að byrja að skrifa hana niður.




Harpa Dís er nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð á félagsfræðibraut og hefur nóg að gera í frístundum því fyrir utan ritstörfin lærir hún á píanó í Tónlistarskóla Kópavogs og hefur gert í átta ár, hún syngur í Skólakór Kársness og æfir ballett í Ballettskóla Sigríðar Ármanns. Svo er hún bókaormur. „Ég les mikið og hef mjög gaman af ævintýrum,“ viðurkennir hún.

Galdrasteinninn er fyrsta langa saga Hörpu Dísar enda er hún bara sextán ára en hún hefur þegar fengið birtar eftir sig þrjár smásögur í barnablaði Moggans og ljóð eftir hana lenti í öðru sæti í ljóða- og smásögukeppni Æskunnar. „Ég fæ margar hugmyndir og mér finnst gaman að semja,“ segir hún brosandi og er að sjálfsögðu með fleiri sögur í kollinum.

Í Kópavoginum þar sem Harpa Dís á heima eru víða holt með grjóti og klöppum. Því er hún spurð hvort hún hafi fengið hugmyndir í söguna úr nánasta umhverfi. „Já, hér er að minnsta kosti mikið um álfasteina og ég er meira að segja með einn í garðinum hjá mér,“ ljóstrar hún upp. En heldur hún að þar búi álfar í alvörunni?

„Já, ég gæti trúað því,“ segir hún leyndardómsfull. „Ég hef séð skugga skjótast þar og við segjum oft þegar eitthvað týnist heima að álfarnir hafi fengið það lánað. Svo kemur það upp í hendurnar á okkur seinna.“ *- gun*

# Hollar teiknimyndasögur



Lestur teiknimyndasagna getur verið jafn hollur fyrir námsþroska barna og aðrar tegundir bóka, ef marka má rannsóknir vísindamanna frá Háskólanum í Illinois í Bandaríkjunum. Frá þessu er greint á vefsíðu Telegraph.

Kennarar og foreldrar eiga til að líta niður á teiknimyndasögur og telja þær óþarfa truflun á lestri „alvöru“ bóka. Þeir sem eru gagnrýnir á teiknimyndasögur vilja margir meina að þær krefjist ekki jafn mikillar einbeitingar af lesendum og bækur með fleiri orðum og færri myndum.

Carol Tilley, prófessor í bókasafns- og upplýsingafræðideild Háskólans í Illinois, segir að lestur teiknimyndasagna krefjist jafn mikils af hálfu lesenda og annars konar bækur.

Niðurstöður rannsóknar deildarinnar bendi til að með lestri slíkra sagna auki börn við orðaforða sinn og fái meiri áhuga á lestri bóka almennt.

„Upp að vissu marki geta allar bækur verið góðar og slæmar,“ segir Tilley. „Það er undir gáfum og persónuleika lesendanna komið. Í raun og veru eru teiknimyndasögur einungis annar miðill, annað form.

Ef skoðað er ofan í kjölinn hvernig myndirnar og orðin vinna saman að því að segja söguna, þá sést að teiknimyndasögur eru alveg jafn flóknar og allar aðrar tegundir bóka.“ *- kg*



**Ef marka má vísindamenn í Háskólanum í Illinois græða börn jafn mikið á teiknimyndasögum um Súper-, og Leðurblökumanninn og öðrum tegundum bóka.**



Jói Fel bakarameistari

# ENN EIN METSÖLUBÓKIN?

## *Nýja brauð og kökubókin*

framreidd af Jóa Fel, einum færasta bakara landsins!

KOMIN Í VERSLANIR HAGKAUPS






**1.999kr.**

**24 Hagkaup OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára **HAGKAUP** *fyrir Íslendinga í 50 ár*





**● BÓKABÚÐ BARNANNA Í PEKING**

Bókabúðin The Kid's Republic í Peking í Kína er ævintýraveröld út af fyrir sig. Búðin er hönnuð af arkitektastofunni SAKO og hafa hönnuðirnir sett sig vel í spor barnanna. Á fyrstu hæðinni er leikherbergi og á annarri hæðinni er bókabúðin. Engar eiginlegar bókahillur er að finna og geta börnin setið eða legið hvar sem þau langar til og lesið sögur og ævintýri.

www.nextdoortomagic.blogspot.com



**●TWILIGHT-BÆKURNAR SLÁ Í GEGN**

Vampírufantasían Twilight eftir bandaríska höfundinn Stephenie Meyer hefur notið gífurlegra vinsælda síðan fyrsta bókin kom út árið 2005. Bækurnar í seríunni eru alls fjórar og heita, Twilight, New Moon, Eclipse og Breaking Dawn. Þær segja sögu unglingsstúlkunnar Isabellu Swan eða Bellu sem flytur til Forks í Washington, Bandaríkjunum og verður ástfangin af 104 ára gamalli vampíru að nafni Edward Cullen. Verið er að vinna að gerð bíómynda úr fyrstu þremur bókunum, en sú fyrsta, Twilight, kom út í fyrra og er önnur, New Moon, væntanleg í lok mánaðarins.




# Ævintýrin á stóra tjaldinu

**Frægar barna- og unglingabækur hafa oftar en ekki verið kvikmyndaðar með góðum árangri. Hér eru nokkrar sem eru löngu orðnar klassískar.**

Ella í álögum, eða Ella Enchanted, er bók eftir Gail Carson Levine sem gefin var út árið 1997. Ella fær í vöggugjöf frá mislukkaðri dís þá ánauð að þurfa að gera allt sem henni er sagt. Í sögunni er nokkurs konar Öskubuskuþema þar sem Ella er kúguð af stjúpsystrum sínum en verður að lokum drottning í ríkinu. Kvikmynd var gerð eftir bókinni árið 2004 en þar lék Anne Hathaway aðalhlutverkið.



Kvikmyndin Bambi er byggð á bókinni Bambi, lífið í skóginum, eftir austurríska rithöfundinn Felix Salten. Hún var gefin út árið 1923 og segir frá Bamba, karlkyns dádýrskálfi, sem missir móður sína ungur. Bókin var þýdd og gefin út í Bandaríkjunum árið 1928 og hefur síðan verið þýdd á yfir 20 tungumál.

Walt Disney framleiddi teiknimyndina um Bamba árið 1942. Hún varð gríðarlega vinsæl og hlaut meðal annars þrjár tilnefningar til Óskarsverðlauna fyrir hljóð, lag og frumsamda tónlist.



Harry Potter þarf vart að kynna. Bækurnar um galdradrenginn og vini hans gerðu höfundinn J. K. Rowling heimsþekkta á svipstundu.



Þær eru sjö talsins og hafa sex þeirra verið kvikmyndaðar. Harry Potter og viskusteinninn, Harry Potter og leyniklefinn, Harry Potter og fanginn frá Azkaban, Harry Potter og eldbikarinn, Harry Potter og Fönixreglan og Harry Potter og blendingsprinsinn. Síðasta bókin, Harry Potter og dauðasjásnin, verður kvikmynduð í tveimur hlutum, sú fyrri kemur út árið 2010 og sú síðasta árið 2011.

Hundraðogeinn Dalmatíuhundur er skáldsaga eftir Dodie Smith frá árinu 1956. Sagan fjallar um illu tískudrottninguna Grimmhildi Grámann sem stelur dalmatíuhvolpum til að hamfletta þá og búa til loðfeld. Disney framleiddi teiknimynd eftir sögunni árið 1961 og aflaði hún tíundu mestu tekna allra kvikmynda það árið. Myndin var endurútgefin fjórum sinnum, árin 1969, 1979, 1985 og 1991. Fleiri teiknimyndir hafa verið gerðar, lauslega byggðar á sögunni.






Sagan endalausa er þýsk ævintýrabók eftir Michael Ende og var gefin út fyrst árið 1979. Enska útgáfan var gefin út 1983. Sagan gerist í hliðstæðri veröld sem kallast Hugarheimar sem er í mikill hættu vegna þess að fólkið í raunveruleikanum er hætt að geta ímyndað sér.

Nokkrar kvikmyndir hafa verið gerðar eftir sögunni. Sú fyrsta árið 1984. Ende var mjög óánægður með útkomuna þar sem verulega var vikið frá sögunni. Mynd númer tvö kom út árið 1990 og sú þriðja árið 1994. Talið er að til standi að kvikmynda söguna á ný á næstunni.

Lísa í Undralandi var skrifuð af enska rithöfundinum Charles Lutwidge Dodgson árið 1865, en hann skrifaði undir dulnefninu Lewis Carroll. Sagan segir af Lísu sem fellur niður um kanínuholu og inn í ævintýraveröld þar sem lifa furðuskepnur ýmsar. Sagan hefur oft verið kvikmynduð, sett upp á sviði og í sjónvarpsþáttum. Í fyrsta sinn var hún kvimynduð árið 1903 og þá sem mynd án tals. Nýjasta afurðin er kvikmynd eftir leikstjórann Tim Burton sem er væntanleg í bíóhús á næsta ári. Þar er Lísa leikin af leikkonunni Miu Wasikowska, óði hattarinn er leikinn af Johnny Depp. Helena Bonham Carter er rauða drottningin og Anne Hathaway hvíta drottningin.



Bræðurnir Ljónshjarta er eftir hina sænsku Astrid Lindgren. Hún var gefin út árið 1973 og hefur notið mikilla vinsælda um allan heim. Hún fjallar um bræðurna Jónatan og Karl sem báðir deyja en fara þá til ævintýralandsins Nangijala þar sem þeir lenda í ýmsum hættulegum ævintýrum, þurfa að berjast við óvætti og ómenni.

Sagan um bræðurna var kvikmynduð árið 1977 og leikstýrt af Svíanum Olle Hellbom. Myndin sem er á sænsku var að einhverjum hluta kvikmynduð á Þingvöllum á Íslandi en einnig í Danmörku og Svíþjóð.




Bókin um Ronju Ræningjadóttur eftir Astrid Lindgren kom fyrst út árið 1981. Hún fjallar um stúlkuna Ronju sem elst upp í kastala föður síns og ræningjahöfðingjans Mattis. Ronja gerist vinkona Birkis Borkasonar, sonar erkióvinar Mattis. Við það fellur Ronja í ónáð og hún og Birkir fara að búa saman úti í skógi þar sem ýmis ævintýri bíða þeirra.

Sagan var kvikmynduð á sænsku árið 1984. Myndin hlaut verðlaunin Silfurbjörninn á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín.





Narníubækurnar eru ævintýrasögur eftir C.S. Lewis. Fyrsta bókin: Ljónið, nornin og skápurinn kom út árið 1950. Hún segir af fjórum systkinum sem ramba inn í ævintýraheiminn Narníu og þurfa að berjast við ill öfl. Bækurnar eru sjö alls og hafa verið þýddar á 41 tungumál.

Þó höfundurinn hafi ekki viljað að sögurnar yrðu kvikmyndaðar hefur það verið gert fjórum sinnum. Þrisvar fyrir sjónvarp og einu sinni fyrir kvikmyndahús. Fyrstu sjónvarpsþættirnir fóru í sjónvarp árið 1979 en kvikmynd eftir fyrstu bókinni kom í bíóhús árið 2005. Næsta bókin um Prins Kaspían var gefin út árið 2008 en verið er að kvikmynda þriðju bókina.



Panduro HOBBY

Tilda jólasveinn

**Föndraðu flottan jólasvein**

Pakkningin inniheldur allt efni fyrir utan tróð. Hæð 57 sm.

Verð **4.990 kr.**

A4 Skrifstofa og skóli

Smáratorgi 1, Kópavogi + Sími: 515 5100 + sala@a4.is + www.a4.is

Glerárgötu 34, Akureyri + Sími: 515 5160 + akureyri@a4.is + www.a4.is




**ASTRID LINDGREN** (1907-2002) var sænskur barnabókahöfundur. Hún var ákaflega afkastamikil og njóta bækur hennar jafnmikilla vinsælda í dag og þegar þær komu út. Bækur hennar hafa verið þýddar á 94 tungumál og gefnar út í yfir hundrað löndum. Meðal frægustu verka hennar eru Lína Langsokkur, Emil í Kattholti, Bróðir minn Ljónshjarta, Ronja ræningjadóttir, Elsku Míó minn, Lotta, Kalli á þakinu og Börnin í Ólátagarði.



# Skemmtun fyrir alla fjölskylduna frá Eddu

**Edda gefur meðal annars út Andrésar Andar-fjölskylduspilið, jólabók um bílinn Krók og upprunalegu sögurnar um Bangsímon fyrir þessi jól.**



**Svala Þormóðsdóttir, útgáfustjóri Eddu, segir Disney-jólasyrpurnar hafa notið gríðarlegra vinsælda undanfarin ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ein helsta nýjungin okkar fyrir þessi jól er Andrésar Andar-fjölskylduspilið, borðspil sem byggir að miklu leyti á spurningum en ekki alfarið,“ segir Svala Þormóðsdóttir, útgáfustjóri hjá Eddu, en fyrirtækið leggur metnað sinn í að sjá fjölskyldum landsins fyrir fjölbreyttu og vönduðu lesefni og afþreyingu.

Svala segir Andrésar Andarspilið snúast um mikið kapphlaup um Andabæ. Happaskildingurinn fer á flakk og spurningin er hver verður fyrstur til að finna hann og koma honum fyrir í peningageymi Jóakims Aðalandar. „Þetta er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna,“ segir Svala.

Útgáfa Eddu byggir fyrst og fremst á efni frá Disney. Dæmi um slíkar útgáfur fyrir jólin eru Disney-Jólasyrpan 2009 og jólabók um Krók úr bílateiknimyndunum, sem ber heitið Krókur bjargar jólunum. Undirtitill bókarinnar er „byggt á sannsögulegum atburðum – fullyrðir Krókur“.

Disney-Jólasyrpurnar hafa komið út síðastliðin þrjú ár, en þar lenda helstu persónur Disney í ýmsum jólaævintýrum. „Syrpurnar hafa notið gríðarlegra vinsælda,“ segir Svala. „Síðustu tvö ár hafa þær selst upp allt of snemma, en núna höfðum við vaðið fyrir neðan okkur og pöntuðum gott upplag. Bókin um Krók er mjög jólaleg og hann Krókur er svo yndislegur og sætur. Þetta eru jólalegustu útgáfurnar í ár,“ segir Svala.

Edda gefur þó ekki eingöngu út efni frá Disney. Til að mynda koma út upprunalegu bækurnar um Bangsímon eftir A.A. Milne, sem myndskreyttar eru af E.H. Shepard. „Fyrsta bókin, sem heitir einfaldlega Bangsímon, kom út hjá okkur í fyrra og er endurprentuð hjá okkur í ár.

Hin Bangsímon-bókin eftir Milne heitir Húsið á bangsahorni, og kemur hún út í fyrsta skipti á Íslandi. Báðar bækurnar eru í snilldarþýðingu Guðmundar Andra Thorssonar, en hann hlaut þýðingarverðlaun Reykjavíkurborgar á síðasta ári fyrir fyrri bókina,“ segir Svala.

Þá kemur einnig út bókin Snúið heim í Hundraðmetraskóg, sem er framhald hinna tveggja bókanna um Bangsímon, skrifuð af David Benedictus og myndskreytt af Mark Burgess.

„Í sumar komu svo út hjá okkur prjónabækur sem hafa notið mjög mikilla vinsælda,“ segir Svala.

# Aldrei nóg af barnabókum










„Það er aldrei til nóg af barna- og unglingabókum. Það verður að vera nóg úrval, því hver og einn verður að geta fundið eitthvað skemmtilegt við sitt hæfi,“ segir Þorbjörg Karlsdóttir, bókasafnsfræðingur hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur.

Spurð um vinsælustu bækurnar á safninu segir Þorbjörg það fara mikið eftir kyni og aldri. „Unglingsstelpur leita mikið að bókum sem fjalla um lífið eins og það er, og ekki skemmir fyrir ef ástarsorg eða önnur lífsreynsla er með í spilinu. Íslenskar unglingabækur eru mjög vinsælar, til dæmis bækurnar hennar Jónínu Leósdóttur um samkynhneigða stelpu og vinkonur hennar.“ Þorbjörg nefnir einnig prinsessubækurnar eftir Meg Cabot sem dæmi um vinsælar bækur hjá stelpum á unglingsaldri.

„Unglingsstrákarnir eru meira í fantasíubókum eins og Eragon og Harry Potter,“ segir Þorbjörg. „Yngsta fólkið sækir mikið í bækur sem hægt er að hlæja að og líka skemmtilegar draugasögur. Svo er Lína Langsokkur sívinsæl, og í raun flestar bækur eftir Astrid Lindgren. Svo vekur hin uppátækjasama Fíasól eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur ávallt lukku,“ segir Þorbjörg. *-kg*

## Bangsímon - Húsið á Bangsahorni

**Höfundur A.A.Milne, teikningar eftir E.H.Shepard**

„Þýðing Guðmundar Andra Thorssonar er algjör snilld og er einstök unun að lesa ljóðaþýðingarnar. Orðfærið á bókinni, Húsið á Bangsahorni, er mjög fágað og þroskað. Húsið á Bangsahorni er ekki bara skemmtileg barnabók, í henni er einnig djúp heimspeki og leiðbeiningar um vináttu og mannleg samskipti“, segir Valva Árnadóttir, starfsmaður Pennans í Kringlunni.

A.A. Milne skrifaði þessa bók á sama tíma og fyrstu bókina um Bangsímon fyrir um 80 árum síðan. Bangsímon Púi var besti félagi Jakobs Kristófers sonar höfundar.



## Snúið heim í Hundraðmetraskóg



**Höfundur David Benedictus, teikningar eftir Mark Burgess**

Starfsmaður í barnabókadeild Eymundsson, Gunnhildur Magnúsdóttir:

„Hundraðmetraskógur hefur beðið í 80 ár eftir endurkomu Jakobs og nú er komið að því. David Benedictus tekur upp þráðinn þar sem A. A. Milne skildi við Bangsímon. Hann nær að fanga stíl Milne ótrúlega vel og smýgur lesandi auðveldalega inn í heim Hundraðmetraskógar og beint inn í líf dýranna þar. Það er auðvelt að detta aftur inn í ævintýraheim dýranna með Jakob Kristófer og Bangsímon Púa og gleyma sér yfir uppátækjum og ævintýrum félaganna“.

## JólaSyrpa

### Innbundið fjör af bestu gerð úr smiðju Disney!

Undanfarin ár hefur Edda útgáfa gefið út sérstaka Jóla-Syrpu - síðustu Syrpu ársins, fallega innbundna bók með jólastemningu. Þetta árið segir frá þegar jólin eru að nálgast í Andabæ og Andrés Önd og félagar eru á fullu í undirbúningnum eins og þeim einum er lagið. Andrés öðlast nýja sýn á lífið á jörðinni eftir erfiða vinnuferð seint á Þorláksmessukvöld, Mikki Mús lendir í undarlegum óhöppum við að bera út jólapóstinn með Guffa. Addi Önd og vinir hans velta því fyrir sér hvort jólasveinninn sé til í alvörunni? Svarti Pétur finnur hamingjuna mitt í jólaamstrinu og Andrés gerir ævintýralega tilraun til að flýja með ungana undan vinnuhörku Jóakims.




## Bílar

### Sérstök spariútgáfa frá Disney



Leiftur McQueen er ungur og upprennandi kappakstursbíll sem ætlar sér stóra hluti! Hann ætlar að sigra Kóngsa og fast á eftir honum fylgir Kalli Kaldi sem hefur vermt annað sætið allan feril sinn en ætlar nú að freista þes að breyta því, með illu eða góðu!

Þessa sögu er hægt er að lesa aftur og aftur og núna er hún komin í flottri útgáfu í fallegri, glansandi og bólstraðri blárri bók. Myndirnar sem prýða bókina segja oft meira en mörg orð.

edda

www.edda.is



**Á BarnUng-vefnum má finna ýmsar upplýsingar sem tengjast börnum og unglingum og lestri.**

## Vefur um barnabækur

BarnUng er vefur um barna- og unglingabókmenntir í umsjón Þuríðar Jóhannsdóttur og Torfa Hjartarsonar sem hannaði vefinn.

Efni vefsins hefur orðið til á námskeiðum í barnabókmenntun og upplýsingatækni í Kennaraháskólanum. Meðal annars hafa nemendur á leik- og grunnskólabraut lagt vefnum til efni og nýtt hann sem gagnagrunn.

Á vefnum, sem finna má á slóðinni mennta.hi.is/vefir/barnung/, má finna bókalista, efni um höfunda, fréttir um útgáfu, ráðstefnur, námskeið, krækjur á vefsíður sem tengjast börnum og lestri og ýmislegt fleira.

# Múmínálfar skyldulesning

**Líklega eiga flestir sér eftirlætis barna- eða unglingabók. Fréttablaðið spurði rithöfund og tvo bókmenntafræðinga hvaða bækur hafa staðið upp úr í þeim flokki í gegnum tíðina.**



Friðrik Erlingsson.



Anna Heiða Pálsdóttir.



Þröstur Helgason.

„Í minningunni stendur bókaflokkurinn um Múmínálfana upp úr," segir Friðrik Erlingsson rithöfundur þegar hann er inntur eftir uppáhaldsbók sinni fyrir börn og unglinga.

Friðrik segir Finnann Tove Jansson hafa skapað stórkostlegar bókmenntir með Múmínálfunum. Persónurnar séu frábærar og búi yfir mikilli speki. „Ég las þessar bækur í tætlur sem barn og man að ég hreifst mjög af Pípuhatti galdrakarlsins, fyrstu bókinni um Múmínálfana sem kom út á íslensku. Það felst mikil heimspeki, siðfræði og boðskapur í bókunum, en boðskapnum er ekki ýtt inn á þig heldur liggur hann milli línanna. Það er eina réttin leiðin til að miðla boðskap," segir Friðrik. Hann bætir við að skoðun sín sé sú að æsku landsins væri stór greiði gerður með því að gera Múmínálfana að skyldulesningu í skólum.

Bókmenntafræðingurinn Anna Heiða Pálsdóttir nefnir öllu nýlegri bók en Friðrik. „Draugaslóð eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur er í miklu eftirlæti hjá mér þessa dagana. Ég dáist að þessari bók af mörgum ástæðum, en einna helst fyrir það hversu mörg lög hún hefur. Ég hef lesið hana þrisvar eða fjórum sinnum og sé alltaf eitthvað nýtt í hvert skipti."

Anna Heiða notar Draugaslóð í námskeiði í ritun barnabóka sem hún kennir hjá Endurmenntunarstofnun. „Inn í söguna er fléttað mörgum þjóðsögum, og landslagi svo fléttað inn í þjóðsögurnar. Bókin er alveg laus við predikunartón, sem gerir það að verkum að fullorðnir hafa líka gaman af henni," segir Anna Heiða.

„Skemmtilegasta bók sem ég man eftir að hafa lesið sem barn er Róbinson Krúsó. Það er lestrarreynsla sem lifir með mér enn þá, hef sjaldan verið jafn spenntur yfir nokkurri bók," segir Þröstur Helgason bókmenntafræðingur.

Hann segist muna eftir tímabili á unglingsárunum þar sem hann lá í stríðssagnaskáldinu Sven Hassel. Lesturinn hafi hann upplifað sem eins konar vígslu inn í heim fullorðinna. „Á fullorðinsárum hef ég lesið mikið af barna- og unglingabókum fyrir dætur mínar, sérstaklega íslenskar bækur. Þar er satt að segja fátt um fína drætti. Það eru ekki margir góðir höfundar að skrifa barnabækur hérlendis. Sumar bækur Guðrúnar Helgadóttur eru ágætar. Rímþulur Þórarins Eldjárns hafa líka vakið lukku. Bækurnar um Albert eftir Lani Yamamoto hafa líka verið vinsælar meðal þeirra yngstu. Þær fjalla um flókna hluti á einfaldan hátt. En sumar bækur sem gefnar eru út fyrir börn hérlendis eru beinlínis vondar fyrir börn," segir Þröstur. *-kg*


**ÞEIR ERU ÓBORGANLEGIR!**




**Bakkabræður eru með þekktustu þjóðsagnapersónum Íslendinga. Sögur af heimskupörum þeirra hafa gengið mann fram af manni og skemmt börnum á öllum aldri. Öllum börnum er nauðynlegt að kynnast þessum óborganlegu bræðrum sem svo rækilega hafa greypt sig inn í þjóðarvitund Íslendinga.**

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


**● BESTA UNGLINGABÓK ÁRSINS 2009**




Amazon.com hefur sett saman lista af bestu bókum ársins 2009. Í efsta sæti listans yfir unglingabækur ársins er bókin Beautiful Creatures eftir Kami Garcia og Margaret Stohl. Sagan gerist í smábæ í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum og segir frá ástarsambandi Ethans Wate og Lenu Duchannes. Fantasía sem dregur lesandann inn í myrkan og dularfullan galdraheim. Spennandi bók sem enginn unglingur ætti að láta fram hjá sér fara.



**● C.S. LEWIS** (1898-1963) var írskur skáldsagnahöfundur, fræðimaður og bókmenntagagnrýnandi. Hann var náinn vinur J.R.R. Tolkien en báðir voru þeir áberandi í enskudeild Oxford-háskóla. Hann giftist árið 1956 bandaríska rithöfundinum Joy Gresham sem var sautján árum yngri en hann. Hún lést fjórum árum síðar úr krabbameini. Sjálfur lést Lewis þremur árum á eftir konu sinni úr hjartaáfalli. Lítið var fjallað um andlát hans enda dó hann 22. nóvember 1963, sama dag og John F. Kennedy var myrtur. Þennan dag lést einnig rithöfundurinn Aldous Huxley. Frægustu verk C.S. Lewis eru bækurnar um ævintýraheiminn Narníu.







**●HEIMSMETABÓKIN Í EFSTA SÆTI HJÁ AMAZON** Heimsmetabókin Guinness World Records 2010 situr í efsta sæti sölulista yfir barnabækur hjá Amazon. co.uk, en eins og frægt er orðið kom Sultan Kosen, stærsti maður heims, til landsins á dögunum til að kynna bókina.

Í Guinness World Records 2010 er að finna topplista yfir 100 athyglisverðustu heimsmet aldarinnar, heimsmet fyrir hvern dag ársins og met sem hafa aldrei verið slegin.



Bókin segir af dreng sem reynir að fela áfengissýki föður síns.

# Barnabók um áfengissýki

David Yelland, fyrrverandi ritstjóri enska götublaðsins The Sun, hefur nýlokið við skriftir á barnabókinni „The Truth About Leo, eða Sannleikurinn um Leo, sem fjallar um ungan dreng sem á föður sem er alkóhólisti. Bókin kemur út á vegum útgáfufyrirtækisins Penguin í apríl á næsta ári.

Bókin segir frá tíu ára gömlum dreng, Leo, sem reynir að fela drykkjusýki föður síns fyrir umheiminum. Ritstjórinn fyrrverandi segir bókina það mikilvægasta sem hann hefur nokkurn tímann gert.

Höfundurinn Yelland, sem býr í London ásamt Max, ellefu ára gömlum syni sínum, opinberaði í ræðu á barnabókasamkomu á þriðjudagskvöld að bókin væri byggð á eigin reynslu sem alkóhólisti. „Ég er ekki faðirinn í bókinni, en hann er sá maður sem ég varð næstum því,“ sagði Yelland.

Hann sagðist hafa orðið áfengissýkinni að bráð eins og faðirinn í bókinni. „Um tíma stjórnaði drykkjan lífi mínu og var nálægt því að eyðileggja mig. Fyrir nokkrum árum sá ég að ef ég hætti ekki að drekka myndi ég deyja og ég þarfnaðist hjálpar. Sem betur fer fann ég hjálp og fór að batna. Of margir fara í hina áttina. Of mörg börn búa á heimilum í ringulreið eða án foreldra. Þetta var sársaukafull reynsla, en ég fann mig knúinn til að skrifa bókina,“ sagði Yelland, sem hefur verið edrú síðan 2005.



Yrsa Sigurðardóttir hlaut verðlaunin árið 2003 fyrir bókina Bíóbörn.

# Íslensku barnabókaverðlaunin

Íslensku barnabókaverðlaunin eru bókmenntaverðlaun sem veitt eru árlega af Verðlaunasjóði íslenskra barnabóka, sem rithöfundurinn Ármann Kr. Einarsson stofnaði í samvinnu við Vöku-Helgafell árið 1985. Verðlaunin eru veitt fyrir áður óbirt handrit að skáldsögu fyrir börn og unglinga eða myndskreyttri barnabók.

Fyrsta bókin sem hlaut verðlaunin árið 1986 var Emil og Skundi eftir Guðmund Ólafsson. Tvisvar, árin 1995 og 2006, hafa tvær bækur hlotið verðlaunin. Árið 2005 voru engin verðlaun veitt þar sem ekkert handrit þótti nógu gott.

*- kg*

# Grænahlíð er til

Sögurnar um Önnu í Grænuhlíð eftir L.M. Montgomery hafa notið vinsælda frá því fyrsta bókin kom út árið 1908 en þær urðu alls átta talsins. Á íslensku komu fyrstu þrjár bækurnar út árið 1933 í þýðingu Axels Guðmundssonar og síðar kom sú fjórða út en fleiri hafa ekki verið þýddar á ástkæra ylhýra málið.

Sagan segir frá munaðarleysingjanum Önnu sem elst upp hjá systkinum í Grænuhlíð. Hún hefur fjörugt ímyndunarafl, hrífst auðveldlega af öllu sem fallegt er en lendir í alls konar vandræðum.

Sögusviðið er bærinn Avonlea á Eðvarðseyju við austurströnd Kanada. Þangað streymir ferðafólk árlega til að skoða safnið sem helgað er Önnu þó hún hafi aldrei verið annað en sögupersóna. Húsið sem höfundurinn sá sem æskuheimili hennar er hins vegar til. Það er næsta hús við það sem hann ólst upp í. *Heimild: www.visindavefurinn.hi.is*



Grænahlíð á Eðvarðseyju.




# Hrói höttur ruddi brautina

Erfitt er að segja til um hvenær barna- og unglingabókmenntir litu fyrst dagsins ljós en á fimmtándu öld voru skrifaðar sögur sem börn og unglingar hafa hrifist að æ síðan þó að þær hafi ekki verið sérstaklega ætlaðar þeim. Þar á meðal eru sögurnar um Hróa hött.




Árið 1658 kom bókin Orbis Pictus eftir hinn tékkneska Jan Ámos Komenský út í Tékkóslóvakíu. Hún er talin fyrsta myndskreytta barnabókin. Á sama tíma lagði hinn franski Charles Perrault grunninn að ævintýrahefðinni með sögum á borð við Rauðhettu, Þyrnirós, Stígvélaða köttinn og Öskubusku.

Í byrjun nítjándu aldar skráðu bræðurnir Jakob og Wilhem Grimm þýskar munnmælasögur eins og Mjallhvíti, Garðabrúðu og Hans og Grétu en þær hafa síðan tilheyrt Grímsævintýrum. Nokkrum áratugum síðar komu út Litla hafmeyjan, Litli ljóti andarunginn, Nýju fötin keisarans og fleiri ævintýri eftir hinn danska Hans Christian Andersen en síðar sömu öld perlur eins og Lísa í Undralandi eftir hinn enska Lewis Carroll og Heidi eftir hina svissnesku Johönnu Spyri.

Í byrjun tuttugustu aldar kom Galdrakarlinn í Oz eftir L. Frank Baum út í Bandaríkjunum en undir lok hennar sló hin breska J.K. Rowling í gegn með bókum sínum um galdrastrákinn Harry Potter. *-ve*



**● TALAN ÞRÍR** Algengt er að eitthvað þrennt gerist í ævintýrum. Notkun tölunnar þrír í ævintýrum er sennilega tilkomin vegna þess að frá örófi alda hefur hún verið talin afar máttug og einnig vegna þess að í frásagnarlist er endurtekning stílbragð sem getur magnað upp spennu. Gott dæmi um það er ævintýrið um Mjallhvíti þar sem vonda stjúpan reynir í þrígang að ráða söguhetjuna af dögum og heppnast næstum því með því að gefa henni eitrað epli. Nánar á www.visindavefur.is.



**● BEATRIX POTTER** „Ég hata fjölmiðlaathygli, og ég hef lagt á ráðin um að verða gömul kona án hennar, nema í heimilislegu andrúmslofti landbúnaðarsýninga." Helen Beatrix Potter (1866-1943) var enskur barnabókahöfundur og mynskreytingamaður. Hennar þekktasta persóna er Pétur kanína (Peter Rabbit) og fleiri dýr. Hún varð síðar á ævinni einnig þekkt sem náttúruverndarkona. Hún skrifaði alls 23 bækur sem gefnar voru út með sniði sem hentaði börnum.





**● TOVE JANSSON** (1914-2001) var sænskumælandi finnskur rithöfundur, málari, heimspekiprófessor og teiknari. Hennar þekktustu verk eru án efa bækurnar um Múmínálfana. Fyrstu Múmínbókina skrifaði hún árið 1945 meðan stríðið geisaði enn. Bókin vakti litla athygli en næstu bækurnar, sem komu út árið 1946 og 1948, gerðu hana fræga.




Bókabúð Máls & menningar

á sama stað í hjarta borgarinnar í 48 ár

BARNABARNADAGAR

dagana 13. - 22. nóvember

20% - 50% afsláttur af völdum titlum

- Daglegar uppákomur
- Leikir fyrir börnin
- Höfundar lesa
- Sprell og gaman

Tökum sérstaklega vel á móti ömmum og öfum

UPPLESTUR ALLA SUNNUDAGA

Kennaranemar lesa fyrir yngstu börnin alla sunnudaga klukkan 11:00 - 11:45





Þvílík vika

Þvílík vika er kraftmikil unglingasaga úr samtímanum sem gerist á einni viku í byrjun júní. Höfundur hennar, Guðmundur Brynjólfsson hlaut á dögunum Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir bókina.



Prinsessan á Bessastöðum

Gerður Kristný er margverðlaunaður og afar fjölhæfur rithöfundur. Æsileg saga hennar um Ballið á Bessastöðum sló rækilega í gegn hjá lesendum en nýja bókin, Prinsessan á Bessastöðum, er ekki síður fjörug og skemmtileg.



Finnur finnur Rúsínu

Finnur finnur Rúsínu er fjörug og skemmtileg saga úr íslenskri sveit eftir Sigrúnu Eldjárn, einn okkar virtustu barnabókahöfunda.



Bókasafn Ömmu Huldar

Þórarinn Leifsson, sem vakti mikla athygli fyrir barnabókina Leyndarmálið hans pabba, er hér kominn með nýja meistaralega myrka og afar snjalla barnabók sem skemmta mun lesendum á öllum aldri.



Lubbi finnur málbein

Bókin um Lubba er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Höfundar bókarinnar, Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir, eru talmeinafræðingar með áralanga reynslu af talþjálfun barna.



Heimsmetabók Guinness 2009

Heimsmetabækur Guinness þarf vart að kynna en bækur þær hafa skemmt kynslóðum um árabil. Í tilefni af útgáfu þeirrar nýjustu kom hæsti maður heims til Íslands, sjálfur Sultan Kösen frá Tyrklandi sem er litir 2,46 metrar á hæð.




Bókabúð Máls & menningar | Laugavegi 18 | Sími: 580 5000 | bmm@bmm.is

# Pakkað inn í íslenskan jólapappír í fyrsta sinn

**Íslenskar jólakúlur og hefðbundinn hátíðamatur landans prýða nýjan jólapappír. Það eru Ólöf Erla Bjarnadóttir leirkerasmiður og Inga Dóra Jóhannsdóttir, nemi í vöruhönnun, sem að framtakinu standa.**



Ólöf Erla og Inga Dóra, með Freyju Benediktsdóttur á handleggnum, sýna nýju fjölskylduafurðina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við erum eins og í Spaugstofunni, fólkið bak við störfin,“ segir Ólöf Erla hlæjandi þar sem þær Inga Dóra, tengdadóttir hennar, sitja sjálfar við að pakka jólapappír með íslenskum myndum og merkimiðum í stíl. Þrjár arkir af pappír, tólf merkimiðar og bönd fara í hvern pakka. Það skal þó tekið fram að þær prentuðu pappírinn ekki sjálfar heldur sá Oddi um þann þátt. Hér er sem sagt alíslensk afurð á ferð.

„Þetta eru tvær mismunandi línur og þrjú mynstur í hvorri. Á pappír Ólafar Erlu eru myndir af jólakúlum sem hún gerir úr postulíni með mismunandi bakgrunni en minn pappír er óhefðbundnari því á honum eru myndir af hangikjötsmáltíð, Nóa-konfektmolum og malti og appelsíni á hvítum grunni,“ segir Inga Dóra.

Arkirnar eru í stærðinni 100X70 svo hægt er að hafa pakkana stóra. „Við ætluðum fyrst að hafa pappírinn í rúllum,“ segir Ólöf. „En það er erfitt hér á landi svo við enduðum með hann í svona glæsiörkum.“

Íslenski jólapappírinn var meðal þess sem bar fyrir augu gesta á hinni stóru sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu nýverið og þeir sýndu honum mikinn áhuga að sögn höfundanna. Sem stendur er hann til sölu í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu, blómabúðinni Dans á rósum á Baldursgötu, safnbúðum Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, Melabúðinni og Rósa Design á Skólavörðustíg.

*gun@frettabladid.is*



Jólakúlurnar íslensku taka sig vel út á pappír.



Þjóðarréttur á jólum, hangikjöt, laufabrauð og grænar baunir.



Maltið og appelsínið má ekki vanta.

Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is
FRÉTTABLAÐIÐ
visir.is
„...ég sá það á vísi“

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Geymslu- og dekkjahillur
kr.15.990.-
viðbótareining kr. 10.527.-

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330


## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Notalegt nudd! Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Ódýrir og vandaðir ferðanudd- og óléttubekkir til sölu. Nemaafsl. 891 6447 Óli.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leig 3-4 herb. íbúð í Flúðaseli 109 Rvk. Verð 100þ. pr. mán. + hússj. Uppl. í s. 899 6400, Einar.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

100 fm 3-4 herb. íbúð í atvinnuh. á Bíldshöfða. Leiga 130 þús. Laus strax. S. 699 0059.

Einstaklingsíbúðir/ herbergi til leigu í hverfi 101. Uppl. í s. 661 1247 og 694 6396 á milli kl. 17-21 alla virka daga.

100fm íbúð til leigu í Seljahverfi, 109 Rvk. Laus fljótlega, langtímaleiga. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 899 8195.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 59 þ. S. 824 6692.

Room for rent/herb til leigu in 101. Everything included. Nálægt Iðnskólanum Uppl. í s. 692 1681, Sandra.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

## Húsnæði óskast

Óska eftir að taka á leigu litla 3 herb. íbúð, er með hund. Reglusemi og skilvísi. Uppl. í s. 557 9293.

Fjölskylda óskar eftir 3-4h íbúð í Vesturbænum sem fyrst. Langtímaleiga. Reglusemi og skilvísi heitið. S. 896 0774.

Par óskar eftir snyrtilegri 2-3 herbergja íbúð , reglusemi og skilvísi heitið. s 866-1176

## Fasteignir

Einstaklingsíbúð í Vesturbergi , 111 RVK, laus strax. Stutt í bæði skóla, sund, strætó og aðra þjónustu. Uppl í 5571861 eða 8241861 eftir hádegi.

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. Nokkrar stærðir, hagstætt verð. S: 8224200

Lager/geymslu- og skrifst.húsnæði laust í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

Er með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi - tjaldvagna - hjólhýsi - pallhýsi. S. 867 1282.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Bílskúr

I'm looking for a garage in the Reykjavik area max 15.000 to 20.000 Isk. Phone: 857 6593.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

2 manna herb. í miðbæ Rvk. 6500 kr. nóttin. Gistiheimilið Egilsborg s. 896 4661.

## Atvinna

# Vaktstjóri

Hamborgarabúlla Tómasar óskar eftir áhugasömum vaktstjóra í þægilega vaktavinnu.

**Upplýsingar sendist á netfang: bullanofanleiti@gmail.com**

## Tilkynningar

# Hestamannafélagið Andvari Garðabæ

Aðalfundur Andvara fyrir árið 2009 verður haldinn í félagsheimili Andvara á Kjóavöllum miðvikudaginn 18. nóvember nk. kl. 20.00.

**Dagskrá:**

Venjuleg aðalfundastörf.

Kynning og umræða um skipulagsmál svæðisins
Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri Garðabæjar mætir og ræðir m.a. um úthlutun lóða.

Önnur mál.

Stjórnin.

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Gufunes, útivistarsvæði

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Gufunes útivistarsvæði vegna skemmtigarðs. Í breytingunni felst m.a. að þjónustubygging fyrir skemmtigarð færist nær Gufunesvegi og byggingareitur er stækkaður. Bílastæðum á svæðinu er fjölgað og gervigras- og frjálsíþróttavöllur færast örlítið vestar ásamt vallarhúsi
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 11. nóvember 2009 til og með 23. desember 2009**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 23. desember 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 11. nóvember 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN** Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### 17 Júnítorg 7
**- glæsileg íbúð - verð 38,0m.**






Einstaklega falleg og vönduð 4ra herbergja145 fm endaíbúð á þriðju hæð ásamt stæði í lokaðri bílageymslu í fallegu lyftuhúsi við Sjáland í Garðabæ. Tvennar svalir. Íbúðin er öll hin glæsilegasta með fasaðri plankaeik á gólfum og fallegum eikar innréttingum. **OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17:00 - 18:00**

### Seinakur 1
**- ný fullbúin íbúð - verð 26,9m.**






Stórglæsileg og vel hönnuð fullbúin 3ja herbergja íbúð á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðinni eru stór og björt rými. Húsið eru aðeins tveggja hæða en þó með lyftu. Undir því er vel hönnuð og lokuð bílageymsla þar sem sérgeymsla íbúðar er inn af stæði hennar.
Áhvíl. 21,5 m. **OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:00 - 18:00**

### Línakur 3
**- íbúð 304 - 4ra herbergja - verð 27,9m.**






Fullbúin, björt og vel skipulögð 4ra herbergja 133,6 fm útsýnisíbúð í enda við Línakur 3. Íbúðin er með parketi og flísum á gólfum. Þar sem hún er í enda er bæði gluggi á baðherbergi og þvottaherbergi.
Áhvíl. ca 22,7 m. **OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:00 - 18:00**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu á tvískiptar vaktir frá 07-13 og 13-18. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

**BARNAFÖT-SÖLUSTARF:**
**LEITUM AÐ GÓÐUM OG TRAUSTUM STARFSKRAFTI HELST VÖNUM TIL STARFA MEÐ GÓÐA ÞJÓNUSTULUND. VINNUT: MIÐVD-FIMMTUD-FÖSTUD FRÁ 14-18 OG ANNAN HVORN LAUGARDAG .**
**ÁHUGASAMIR SENDIÐ UMSÓKN Á iana@simnet.is**



Vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu" leitar Rauða Torgið samstarfs við djarfar og yndislegar konur, 25 ára og eldri. Góðir tekjumöguleikar fyrir ófeimnar, lífsreyndar konur. Sjá nánar á heimasíðu okkar, www.RaudaTorgid.is (atvinna).

**Sniðningar.**
**Við leitum að starfskrafti í sniðdeild okkar. Þekking á sniðum og reynsla við efnisskurð nauðsynleg. Stundvísi og dugnaður skilyrði.**
**Áhugasamir hafi samband. halldor@henson.is HENSON Sports HF 5626464 / 8922655**

**Thorvaldsen Bar**
**Óskum eftir vönum þjónum í hlutastarf.**
**Upplýsingar veitir Marco á staðnum, milli kl. 17-19.**

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsstúlkum i í eftirfarandi þjónustustörf: Fullt starf, vaktavinna 11-23, einnig hlutastarf á kvöldin og um helgar.**

**Ekki yngri en 18 ára, íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

Aukavinna í boði Heima er best leitar að drífandi og jákvæðum einstaklingum í fjölbreytileg verkefni í heimaþjónustu við eldri borgara og fatlaða. Um er að ræða verkefni á daginn, kvöldin og um helgar þannig að við ættum að vera með verkefni sem hentar þínum tíma. Ef þú hefur áhuga á skemmtilegri aukavinnu hafðu þá endilega samband við okkur í síma 511-5070 eða netfang vala@heb.is.

Salagrill óskar eftir starfsfólki. Aðeins 20 ára + koma til greina. Upplýsingar í 6168798

Vantar þig dagvinnu eða auka vinnu m/skóla? Þá erum við m/rétta starfið fyrir þig. Okkur vantar duglegt og metnaðarfullt fólk í sal bæði dag, kvöld og helgarvinnu. Ísl.kunnáta skilyrði. Komdu og vertu með okkur að opna nýjan og frábæran stað í Skeifunni 11. Kristinn s. 822 8830, Tandoori.

SALA - Járniðnaður Leitum að traustum og vönum sölumanni í sölu og ráðgjöf til járnsmíða og vélsmíða fyrirtækja. Þarf að geta lesið og skrifað ensku, góða grunnþekkingu í vinnu á tölvu. Helst með reynslu úr járn-vélsmíða iðnaði. Tæknifræði eða önnur fagmenntum æskileg. Aðeins algerlega reyklausir aðilar koma til greina. Framtíðarvinna. Vinsamlega sendið upplýsingar til: verkfaeri@gmail.com

Óska eftir pizzabakara vönum eldofn. Góð laun í boði. Uppl. í s. 893 7599.

SÍMVARSLA/BÓKHALD 55+ % framtíðarstaða. Ferill er greinir hvers vegna starfshlutfallið hentar, menntun, starfsreynslu í tímaröð, bókhaldsreynslu, veikindi, persónu- og fjölskylduhagi og meðmælanda síðasta atv.rekenda óskast á stjori@gmail.com.

**Bónstöð**
Vanur starfskraftur óskast á bónstöð, þarf að geta unnið sjálfsstætt og helst vera vanur við gerðum líka. Uppl. í s. 615 9091

## Atvinna óskast

Karlm.(Sjúkraliði). Get tekið að mér ýmis störf. S. 822 0603 netfang, epli@internet.is

Vandvirkar og vanar stelpur taka að sér heimilisþrif og stærri stofnanir. Uppl. í s. 845 7802, tala ensku.

## Viðskiptatækifæri

Frábært þóknunarkerfi. Miklir tekjumöguleikar. Áhugasamir hafi samband bjornelmar@hotmail.com

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis, vegna áranna 2007 og 2008 verður haldin föstudaginn 27. nóvember að Mörkinni 6 108 Reykjavík kl. 19:30. Venjuleg aðalfundastörf. Önnur mál. Stjórnin.

## Einkamál



Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem elska að daðra við karlmenn í djörfum samtölum og spennandi símaleikjum. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

**Símadömur 908 1616**
**okkur langar að heyra í þér !**

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Ríkisstjórnin endurskoði áherslur í atvinnumálum

UMRÆÐAN
Elín Björg Jónsdóttir skrifar um atvinnumál

BSRB átti aðild að stöðugleikasáttmálanum sem aðilar vinnumarkaðarins komu sér saman um ásamt stjórnvöldum og sveitarfélögum síðastliðið sumar. Bandalagið studdi – og styður enn – það meginmarkmið sáttmálans að verja kjör launafólks og tryggja fulla atvinnu. Hins vegar er ekki sama hvernig að verki er staðið. Það skiptir að sjálfsögðu höfuðmáli hvernig þetta er gert, hverjar áherslurnar eru við atvinnusköpun og hvernig stjórnvöld bera sig að.


ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

Á nýafstöðnu þingi BSRB var lögð rík áhersla á að standa vörð um almannaþjónustuna.

Bent var á að á samdráttartímum væri meiri þörf en nokkru sinni fyrir öflugt velferðarkerfi. Göt á öryggisneti velferðarþjónustunnar geta hæglega valdið óbætanlegu tjóni, ekki eingöngu fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga heldur samfélagið allt. Frændur okkar Finnar sem gengu í gegnum djúpa kreppu á tíunda áratug síðustu aldar hafa varað alvarlega við því að skera um of niður í velferðarþjónustu á samdráttartímum – og ekki að ástæðulausu. Rannsóknir þar í landi hafa nefnilega sýnt að enn í dag er samfélagið að súpa seyðið af of kröppum niðurskurði í velferðarþjónustunni á þessum tíma.

Þessi atriði komu öll til skoðunar á þingi BSRB og varð niðurstaðan sú að þingið fól forystu bandalagsins að beita sér af alefli til að verja störf í almannaþjónustunni í þeim niðurskurði sem hafinn er. Þing bandalagsins var ósátt við þau áform sem birtast í stöðugleikasáttmálanum þar sem aðaláhersla er á uppbyggingu hefðbundinna karlastarfa á sama tíma og áformað er að skera ótæpilega niður á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála.

Ein hlið á þessum málum er sú að niðurskurður í samfélagsþjónustunni bitnar fremur á konum en körlum því í velferðarkerfinu eru kvennastörf í yfirgnæfandi meirihluta. Það er öfugsnúið að byrja á því að fækka kvennastörfum en setjast að því búnu yfir úrræði sem miða fyrst og fremst að því að skapa störf fyrir karla, að þeim ólöstuðum að sjálfsögðu. Þess má geta að á þingi BSRB kom fram gagnrýni á þessa stefnumörkun og ekkert síður frá hinum svokölluðu karlastéttum en kvennastéttum.

Allir stjórnmálaflokkar hafa sagst vilja standa vörð um jafnrétti kynjanna í atvinnumálum sem öðru. Þessi framganga er hins vegar ekki í þeim anda. Stjórnmálamenn verða að vera sjálfum sér samkvæmir í orðum og athöfnum. Þetta er nokkuð sem núverandi ríkisstjórn verður að taka til sín. Mér virðist því miður skorta á að samræmi sé í fyrirheitum hennar annars vegar og gjörðum hins vegar.

Þegar þeir þættir sem hér hafa verið raktir eru teknir saman – mikilvægi velferðarþjónustunnar á krepputímum á annan bóginn og svo jafnrétti kynjanna í atvinnumálum á hinn bóginn – er augljóst að ríkisstjórnin verður að endurskoða áherslur í fjárlagagerðinni fyrir komandi ár.

*Höfundur er formaður BSRB.*

# Níundi nóvember

UMRÆÐAN
Sveinn Rúnar Hauksson skrifar um aðskilnaðarmúra

Í Íslandssögunni er níundi nóvember dagur Gúttóslagsins. Árið var 1932 og fimmti hver maður atvinnulaus. Lækka átti kaup um þriðjung og stéttaátök brutust út í uppþoti á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík þar sem kauplækkun var til afgreiðslu og síðar götubardagar. Yfir 20 lögregluþjónar særðust og verkamenn virtust hafa Reykjavík á valdi sínu.


SVEINN RÚNAR HAUKSSON

Árið 1989 var Berlínarmúrinn brotinn niður á sama degi og alþýða manna sprangaði frjáls milli austurs og vesturs. Þessa ánægjulega atburðar hefur rækilega verið minnst síðustu vikur og mánuði í flestum fjölmiðlum. Það er hins vegar visst tómahljóð í fögnuði yfir falli Berlínarmúrsins, þegar hvergi er minnst á annan múr sem stendur og er margfalt lengri og þrisvar sinnum hærri en Berlínarmúrinn var.

Það er aðskilnaðarmúrinn í Palestínu sem Ísraelsstjórn heldur áfram að lengja og stækka, þrátt fyrir úrskurð alþjóðadómstólsins í Haag í júlí 2004. Þá var múrinn dæmdur ólögmætur, Ísraelsstjórn gert að rífa hann og bæta Palestínumönnum tjón sem múrinn hefur valdið.

Aðskilnaðarmúrinn er reistur á landi Palestínumanna en fer ekki eftir landamærum. Með byggingu hans eru Palestínumenn lokaðir inni, lokaðir hver frá öðrum, lokaðir frá sínu ræktarlandi, lokaðir frá ættingjum og vinum, lokaðir frá sjúkrahúsum og skólum. Síðan ræðst herinn inn á þessi innilokuðu svæði, drepur fólk og fangelsar. Landtökuliðið gengur oft enn lengra í árásum á palestínsku íbúana í skjóli hersins. Smám saman er byggðum á Vesturbakkanum breytt í útrýmingarbúðir eins og búið er að gera Gaza-svæðið.

Það er ekki á valdi Palestínumanna að rífa múrinn. Það hvílir á hverri einustu aðildarþjóð Sameinuðu þjóðanna að knýja á Ísraelsstjórn að fara að alþjóðalögum. Ísland er ekki undanskilið í þeim efnum. Það þarf sameiginlegt átak í öllum löndum til að brjóta ísraelsku aðskilnaðarstefnuna á bak aftur, rétt eins og gert var gagnvart Suður-Afríku.

Fögnum falli Berlínarmúrsins, en minnumst þess að annar múr, ekki síður óhugnanlegur, er veruleiki sem blasir við íbúum Vesturbakkans og Jerúsalem.

Í vikunni frá 9.-16. nóvember mun alþjóðleg samstöðuhreyfing efna til ýmissa atburða gegn múrnum og umsátrinu um Gaza. Leggjum okkar af mörkum.

*Höfundur er læknir og formaður Félagsins Ísland-Palestína.*

Opið í útibúinu á Kirkjusandi til klukkan 21 í kvöld



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-2029

Við tökum vel á móti þér og förum yfir úrræðin sem standa til boða

Að undanförnu höfum við kynnt úrræði með það að markmiði að auðvelda viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins.

Má þar nefna:
- Höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána
- Höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun erlendra húsnæðislána
- Höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun bílalána

Úrræðin henta viðskiptavinum misvel og við viljum hjálpa þér að vega og meta kosti þeirra og galla. Þess vegna er gott að setjast niður og fara ítarlega yfir málin.

**Komdu í kvöld og ræddu við starfsmenn um hvaða úrræði henta þér.**

**Starfsfólk okkar í Þjónustuverinu verður einnig við símann til kl. 21 í kvöld. Síminn er 440 4000.**

Íslandsbanki

LEONARDO DICAPRIO ER 35 ÁRA Í DAG.



*„Ekki halda eitt augnablik að ég sé eitthvað líkur þeim persónum sem ég leik. Ég er það ekki. Það er þess vegna sem þetta heitir leikur.“*

***Bandaríski leikarinn Leonardo Dicaprio sló fyrst í gegn í This Boy's Life sem hann fylgdi eftir með myndinni What's Eating Gilbert Grape.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. NÓVEMBER 1918

## *Fyrri heimsstyrjöldinni lauk*




Fyrri heimsstyrjöldinni lauk þennan dag árið 1918. Fyrri heimsstyrjöldin, sem var kölluð „heimsstríðið“, fyrir seinni heimsstyrjöldina, „stríðið mikla“ og „stríðið sem enda átti öll stríð“, var mannskætt stríð sem geisaði í Evrópu í fjögur ár.

Morðið á Frans Ferdinand erkihertoga og ríkisarfa Austurríkis í Sarajevó þann 28. júní 1914 er sá atburður sem miðað er við þegar talað er um upphaf stríðsins. Átök hófust í ágúst 1914 og breiddust hratt út. Þegar upp var staðið lágu um tíu milljónir manna í valnum og tuttugu milljónir höfðu særst.

Sigurvegarar í stríðinu voru bandamenn undir forystu Frakka en auk þeirra voru Bretar og Rússar (til 1917) og síðar einnig Ítalir og Bandaríkjamenn. Andstæðingarnir voru Austurríki-Ungverjaland, Þýskaland, Búlgaría og Ottómanveldið.

Stríðinu lauk með uppgjöf Þjóðverja 11. nóvember 1918. Að stríðinu loknu funduðu fyrrum fjandmenn í Versölum í Frakklandi og var Versalasamningurinn gerður.

### MERKISATBURÐIR

- **1920** Matthías Jochumsson er gerður að heiðursborgara Akureyrar og heiðursdoktor í guðfræði við Háskóla Íslands.
- **1928** Iðnskólinn í Hafnarfirði er stofnaður.
- **1958** Skipaflutningafyrirtækið Hafskip er stofnað.
- **1962** Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir leikritið Hart í bak eftir Jökul Jakobsson. Leikritið var sýnt 205 sinnum og alltaf fyrir fullu húsi.
- **1965** Ródesía lýsir einhliða yfir sjálfstæði frá Bretlandi.
- **1975** Angóla fær sjálfstæði frá Portúgal.
- **2007** Rússneskt olíuskip brotnar í tvennt í miklum stormi í Svartahafi og veldur miklu tjóni.




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


### AFMÆLISBÖRN



**SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON** hljóðfæraleikari er 35 ára.



**CALISTA FLOCKHART** leikkona er 45 ára.



**ÞÓRHALLUR GUNNARSSON** fjölmiðlamaður er 46 ára.

PAVEL MANÁSEK: SKIPAÐUR SKÓLASTJÓRI TÓNLISTARSKÓLANS Í BRNO

# Gerir það gott í Tékklandi

Organistinn Pavel Manásek, sem bjó á Íslandi um sextán ára skeið, var nývverið skipaður skólastjóri Tónlistarskólans í Brno sem er næststærsta borg Tékklands. „Skólinn heitir á tékknesku Konservator Brno en þar læra nemendur ýmist á hljóðfæri, söng eða leiklist og eru skólar sem þessir oft nefndir School of Music and Drama á ensku,“ segir Pavel sem talar nánast óaðfinnanlega íslensku.

Skólinn, sem er ætlaður nemendum á menntaskólastigi, eða á aldrinum fimmtán til rúmlega tuttugu ára er ríkisrekinn og eru tíu til fimmtán sams konar skólar í öllu Tékklandi. „Nemendur útskrifast með stúdentspróf en bæta síðan við sig tveimur árum á sínu sérsviði ásamt kennslufræði.“

Skólinn í Brno var stofnaður af tékkneska tónskáldinu Leos Janácek árið 1919 og er því níutíu ára á árinu. Pavel á því sérstaklega annríkt um þessar mundir. „Það hefði nú kannski verið betra ef afmælisárið væri að baki þar sem ég er bara nýtekinn við því það er alveg nóg að halda utan um þá 360 nemendur og þá 156 kennara sem stunda nám og starfa við skólann,“ segir Pavel sem heldur þó vel á spilunum.



**TEKUR VIÐ Á AFMÆLISÁRI** Tónlistarskólinn í Brno var stofnaður af tónskáldinu Leos Janácek árið 1919 og er því níutíu ára á árinu. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hann flutti til Íslands ásamt konu sinni, Vieru Manásek, árið 1991 og bjuggu þau á Djúpavogi fyrstu tvö árin. „Síðan fluttum við til Reykjavíkur og starfaði ég sem organisti í Háteigskirkju til ársins 1999. Eftir það fór ég í námsleyfi til Tékklands og lærði hljómsveitarstjórnun en við endurkomuna til Íslands var ég ráðinn organisti við Árbæjarkirkju.“ Pavel var einnig kórstjóri karlakórsins Söngbræðra og gospelkórs Árbæjarkirkju ásamt því að vera skjalavörður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og undirleikari í Leiklistarskóla Íslands. Hann kom því víða við og eignaðist marga góða vini. „Ég er ekki búin að gleyma Íslandi og er nú þegar búinn að bjóða nemendum í Listaháskóla Íslands til okkar í mars á næsta ári.“

Eiginkona Pavels er líka að gera það gott í Tékklandi en hún var organisti við Seltjarnarneskirkju og nam óperusöng við Nýja tónlistarskólann hjá Alinu Dubik. Hún er sólisti í kammersveitinni Virtuosi di Praga og hefur meðal annars ferðast með henni til Íslands og út um alla gömlu Tékkóslóvakíu.

Pavel segist á margan hátt sakna Íslands. „Það er talsvert flóknara að búa í tíu milljóna manna landi en á Íslandi og bið ég fyrir góðri kveðju til allra vina minna.“ vera@frettabladid.is



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanhvít Friðriksdóttir**

frá Efri-Hólum, Norður-Þingeyjarsýslu, síðast til heimilis að Hvassaleiti 24, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 6. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 18. nóvember kl. 15.00.

**Friðrik Stefánsson**
**Björn Stefánsson**
**Guðrún Stefánsdóttir**
**Stefán Þór Björnsson**
**Svanhvít Friðriksdóttir**
**Hjálmar Friðriksson**
**Svanur Sigurjónsson**
**Hektor Stefánsson**
**og tengdabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingunn Tryggvadóttir**

Efstasundi 63, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi 4. nóvember síðastliðinn, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 13. nóvember næstkomandi og hefst athöfnin klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Samtaka lungnasjúklinga.

**Hörður Lárusson**
**Unnur Harðardóttir** **Jón Eiríksson**
**Lárus Þórarinn Harðarson** **Tina Hardarson**
**Tryggvi Harðarson** **Harpa Jónsdóttir**
**Anna Guðrún Harðardóttir** **Hallgrímur Guðmundsson**
**Hafdís Harðardóttir** **Jóhann Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Haukur Jóhannsson**

Sólheimum 1, Akureyri,

lést 6. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. nóvember kl. 13.30.

**Jóhann Hauksson** **Sigríður Hermanns**
**Friðrik Jóhannsson** **Eygló Björnsdóttir**
**Sólveig Jóhannsdóttir** **Sushant Sinha**
**Ásta Jóhannsdóttir**
**Guðrún Jóhannsdóttir** **Guðmundur Njálsson**
**og systkinabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ólöf Erla Bjarnarson (Lóló)**

Hraunbæ 120, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 8. nóvember. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 13. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar láti Bergmál, sími 587-5566, njóta þess.

**Baldur Bjarnarson**
**Ragnar B. Bjarnarson** **Margrét Óskarsdóttir**
**Þorsteinn B. Bjarnarson** **Thelma Guðmundsdóttir**
**Guðmundur B. Bjarnarson** **María Pisani**
**Jón B. Bjarnarson** **Hildur Melsted**
**og barnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Föndruðu fiðrildi fyrir afmælið

Konur á öllum aldri hittust á mánudaginn var á notalegri föndurstund á vegum UNIFEM á Íslandi. Þar urðu til fiðrildi, stór og smá, hekluð, máluð eða prjónuð. Tilefnið var 20 ára afmæli UNIFEM á Íslandi sem haldið verður í lok mánaðarins en ætlunin er að skreyta með fiðrildum á afmælinu. Fiðrildin eiga að tákna hin svokölluðu fiðrildaáhrif, það er að eitthvað lítið getur skapað aðstæður fyrir miklar breytingar annars staðar.

Frábærar tónlistarkonur spiluðu ljúfa tóna meðan konurnar klipptu límdu, prjónuðu, þæfðu, hekluðu og spjölluðu. Lay Low spilaði og söng svo og Trúbatrixur.

Föndurmeistari mætti á staðinn og kenndi fiðrildagerð úr þæfðri ull. Pappafiðrildi voru máluð og skreytt með glimmeri og perlum en ætlunin er að öll litlu fiðrildin verði notuð til að skreyta stórt fiðrildi í eigu UNIFEM.



**NOTALEG STUND** Lay Low spilaði meðan fiðrildin urðu til á föndurborðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sesselja Einarsdóttir**
áður til heimilis í Löngumýri 26, Garðabæ,

verður jarðsungin frá Vídalínskirkju, Garðabæ, fimmtudaginn 12. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga.

**Edda Sigrún Gunnarsdóttir** **Þórður Sigurðsson**
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Sigurjón Sigurðsson**
**Marteinn Gunnarsson** **Ingunn Steinþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðbjörn N. Jensson**
Fannafold 183, Reykjavík,

lést á Landspítalanum laugardaginn 7. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 17. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarþjónustu Karitasar.

**Guðrún R. Pálsdóttir**
**Ása Linda Guðbjörnsdóttir** **Ragnar H. Ragnarsson**
**Gunnar Páll Guðbjörnsson**
**Björgvin Jens Guðbjörnsson** **Steinunn Jónsdóttir**
**Rafnar Þór Guðbjörnsson** **Guðrún Á. Eðvarðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Sigríðar Helgadóttur (Deddu)**
Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

**Jóhann Helgason** **Sigríður Árnadóttir**
**Sigrún Helgadóttir** **Jón Bjarnason**
**Hólmfríður Andersdóttir** **Úlfar Hauksson**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð við fráfall eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðnýjar Erlu Jónsdóttur**

Blessuð sé minning hennar.

**Völundur Jóhannesson**
**Anna Ósk Völundardóttir og fjölskylda**
**Harpa Völundardóttir og fjölskylda.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Hlífar Gestsdóttur**
áður til heimilis að Ljósheimum 20.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Skógarbæjar fyrir góða umönnun.

**Gunnar Sigurgeirsson** **Anna Guðmundsdóttir**
**Vilhjálmur Sigurgeirsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Svala Ingimundardóttir**
**og ömmubörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og afi,*

**Bergur Guðnason**
lögmaður, Neðstaleiti 5, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 5. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Hjördís Böðvarsdóttir**
**Guðni Bergsson** **Elín Konráðsdóttir**
**Sigríður Bergsdóttir** **Skúli Rúnar Skúlason**
**Böðvar Bergsson**
**Bergur Þór Bergsson**
**Þorsteinn Bergsson** **Soffía Ingvarsdóttir**
**systkini og barnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Eyglóar V. Hjaltalín**

Guð blessi ykkur öll.

**Vigfús Hjartarson**
**Sigursteinn Hjartarson** **Jytte Hjartarson**
**Pálmi G. Hjartarson**
**Guðmundur B. Hjartarson** **Björg D. Snorradóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þóra Stefánsdóttir Bachmann (Tóta)**

Tjarnarbraut 23, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, þriðjudaginn 10. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Jónína Ágústsdóttir.**

---



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Millý Birna Haraldsdóttir**
Ofanleiti 29, Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 5. nóvember.

**Líney Ólafsdóttir** **Karl Tómasson**
**Ólafur Karlsson** **Erla Hrund Halldórsdóttir**
**Birna Karlsdóttir**

---



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Jónsson**
frá Kastalabrekku

lést á heimili sínu 9. nóvember. Jarðsungið verður frá Oddakirkju á Rangárvöllum 19. nóvember kl. 11.00.

**Steinunn Guðný Sveinsdóttir**
**Sveinn Sigurðsson** **Gróa Ingólfsdóttir**
**Þórunn Sigurðardóttir**
**Sigurveig Þ. Sigurðardóttir** **Lárus S. Ásgeirsdóttir**
**Hildur Sigurðardóttir** **Aðalsteinn Stefánsson**
**Guðlaug Sigurðardóttir** **Agnar R. Agnarsson**
**Hjördís Sigurðardóttir**
**Jóna Sigurðardóttir** **S. Kolbeinn Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Útför föður okkar, sonar, bróður og mágs,*

**Steingríms Eyfjörð Guðmundssonar**

sem lést 2. nóvember, fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 13. nóvember kl. 15.00.

**Sigurður Árni Steingrímsson**
**Sindri Már Steingrímsson**
**Guðmundur Pétursson**
**Bergljót Björg Guðmundsdóttir**
**Sveinn Haraldsson**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Sveinsson**
frá Siglufirði,
Grjótaseli 12, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

**Anna Jóna Ingólfsdóttir**
**Ingólfur Jónsson** **Ragna Halldórsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,*

**Lárus Kristinn Pálsson**
Stórhóli í Álftafirði,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð á Akureyri þann 25. október síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Við viljum þakka auðsýnda samúð og hlýhug frá vinum og ættingjum. Einnig viljum við þakka starfsfólki á Dvalarheimilinu Hlíð, Asparhlíð, fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Lára Björg Jónsdóttir og fjölskylda**
**Ásta Lárusdóttir og fjölskylda**
**Stefanía Inga Lárusdóttir og fjölskylda**
**Helga Halldórsdóttir**


MORÐGÁTA
Skemmtileg hlutverkapartí
ESKIMOS | www.eskimos.is, eskimos@eskimos.is
Símar: 414-1500 / 8220033

GJAFABÚÐIN
GLUGG-INN
HEFUR OPNAÐ Í HAFNARFIRÐI

OPNUNARTÍMI
MÁN.-FÖST. 13-18
LAUGARD. 13-16
S:861-1004
LÆKJARGÖTU 34 C, HF.



E.B. FRÉTTABLAÐIÐ
J.V.J. DV
FRÁBÆRT FJÖLSKYLDULEIKRIT
SÍÐUSTU SÝNINGAR:
Sun 15. nóv kl.13:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
Sun 15. nóv kl.15.00
Sun 22. nóv kl.13:00
Sun 22. nóv kl.15:00
Sun 29. nóv kl.13:00
Sun 29. nóv kl.15.00
MIÐASALA Á: WWW midi.is OG Í SÍMA 823 5477
SÝNT Í HAFNARGÖTU 7A, GRINDAVÍK

Aðalfundur Íbúasamtaka miðborgar verður haldinn 25. nóvember næstkomandi í Iðnó á efri hæð.

*Dagskrá:*
*Fundur hefst kl 20.00*
*Hefðbundin aðalfundarstörf*
*Hjálmar Sveinsson flytur erindi*

Allir velkomnir

Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur midbaerinn.is


# Fallinn

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Ég er því marki brenndur, líkt og margir fleiri, að rogast með hugmyndir sem hafa þann eina tilgang að upphefja sjálfan mig. Þær krefjast þess að ég taki mér sæti með þjáningabræðrum mínum á sjónarhóli þar sem við virðumst nokkru betri en allir aðrir. Ég kalla þá þjáningabræður því venjulega vill það koma fyrir að menn detta af þessum sjónarhóli og það getur verið býsna sárt. Það fékk ég að reyna fyrir stuttu við morgunverðarborðið á kaffihúsi einu í Zújar á Spáni.

**Á MORGNANA** áður en haldið er út á akurinn er gott að sötra þar kaffi og spjalla við bændur. Hef ég sagt þeim ófáa fróðleiksmola um Ísland sem oft eru skreyttir enda um að gera að nýta skáldaleyfið.

**UM DAGINN** sagði ég þeim frá því hvað ég saknaði sjósundsins sem við Íslendingar stundum grimmt í Nauthólsvíkinni. Áttu þeir erfitt með að trúa því að við eyjaskeggjar fleygðum okkur til sunds um hávetur. Taldi ég það ekkert undarlegt að veimiltítulegir landbúnaðarsynir ættu erfitt með að trúa sögum um vaska sjóvíkinga sem hefðu stundað sjósund frá örófi alda. Til dæmis hefði Grettir Ásmundsson orðið eldlaus í Drangey og heldur en að sleppa því að reykja það kvöldið hafi hann synt nokkra kílómetra til að fá eld.

**ÞAR SEM** nefið var hvort sem er farið að stækka sagðist ég hafa synt nokkur hundruð metra í fyrravetur fyrir eitt koníaksglas. Ég væri nefnilega ekkert svo ólíkur þessum frækna forföður mínum. „En hvernig eiga stráhattastrákar eins og þið að trúa svona löguðu sem getið ekki einu sinni unnið úti á akrinum á meðan rignir,“ sagði ég og fann til mín.

**EN DAGINN** eftir var ekki eins uppi á mér typpið. Veimiltíturnar spyrðu hvers vegna ég væri svo rotinpúrulegur. Ég tjáði þeim eins og rétt var að það væri allt rafmagnslaust. Þá væri ekki hægt að hita vatnið og ég yrði alveg ómögulegur þegar ég kæmist ekki í heita sturtu á köldum haustmorgni.

**VEIMILTÍTURNAR** voru hins vegar nýþvegnar eftir kalda sturtu, eitthvað sem afkomandi Grettis hafði ekki treyst sér til að gera. Ég sá svipinn á mér í speglinum við barborðið; ég minnti á kommúnista við fall Berlínarmúrsins eða frjálshyggjumann við fall Glitnis.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Falsið og hið sanna

Bókmenntir ★★★

**Hið fullkomna landslag**

Skáldsaga eftir Rögnu Sigurðardóttur

**Mál og menning** 2009. bls. 224.




Ungur sérfræðingur í listasögu snýr heim til Íslands frá daufu hjónabandi í Amsterdam, hinu setta og formfasta samfélagi gamalla nýlendukúgara, þar sem borgarleg regla heimtar sína reglu en heimilar frjálsræði. Hingað komin læsist konan inni í þröngum og einangruðum safnaheimi sem sýningarstjóri: fyrr en varir er hún lent í fámenni ríkissafns. Hún leitar til samstarfsmanns sem vinnur við forvörslu og saman finna þau falsað verk.

Sagan tekur á ýmsum sviðum vitundar: þrá eftir félagsskap og virðingu studd líkamlegri þrá sem togast á við eldri ást og skyldu. Hún spyr hvað er falskt og hvað er upphaflegt, hvernig hinn opinberi leitast við að halda andlitinu þótt það sé gríma. Öll þessi svið slást saman og skarast í frásögn sem verður á löngum kafla spennandi, sálfræðilega þaulhugsuð og samsett á nokkrum plönum.

Ragna er höfundur sem leitar inn í textann af því sviði listsköpunar sem hefur óáreitt sótt yfir sundruð mörk, myndlistin er í deildarskiptingu sinni búin að skapa sér aflukt rými innan safna og gallería sem minna mest á borgaralegar meinlausar launhelgar. Hún þarf ekki lengur sem fyrirbæri að vera komin upp á almenna neyslu fjöldans sem lætur sér duga iðnaðarímyndir svo hinir fáu geti átt sína fundi í skjóli opinberra safna eða gallería: stóri draumur myndlistarmanns á eylandinu í dag er frægð í útlöndum við hné einhvers auðmanns. Sú list verður ekki samfélagsleg í öðrum skilningi en sem settleg sjálfsfróun sem engan styggir. Réttlæting fyrir athafnafrelsinu verður söguleg tilvísun um eitthvað sem er upphaflegt, í besta falli stæling, í versta falli stuldur, fölsun. Þetta er öngstræti sem endar í gríðarstóru hringtorgi.

Ragna er ekki að feta þá slóð: í skáldsöguformi hneppir hún örfáa strengi af því flókna fyrirbæri sem myndlistin er í dag. Það er gert af skyni og innsæi: það svarar aftur ekki hinum stóru spurningum borgaralegrar myndlistar, enda varða þær sjálfan grunn sköpunarinnar og eru svo stórar að menn verða orðlausir. Næmi hennar sem sögumanns skilar okkur sögu sem vekur ýmsar spurningar og svörin verðum við að rekja sjálf.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Spennandi og þaulhugsuð saga um hljóðlát en stór spurningamerki.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 11. nóvember 2009**

### ➜ Tónleikar



**12.30** **Tríó Vadims Fedorov** flytur verk eftir Jo Privat, Marc Berthoumiex, Astor Piazzolla, Richard Galliano og Leif Gunnarsson auk rússneskra þjóðlaga, á tónleikum í Norræna húsinu við Sturlugötu.

**20.00** **Skólahljómssveit Kópavogs** heldur popptónleika í sal **Fjölbrautaskólans í Garðabæ** við Skólabraut. Fram koma 130 hljóðfæraleikarar og á efnisskránni verða lög eftir meðal annars Michael Jackson, Coldplay, Earth Wind and Fire og Emilíönu Torrini.

### ➜ Listahátíð

**Unglist**, listahátíð ungs fólks, stendur til 14. nóvember. Ókeypis er á alla viðburði. Nánari upplýsingar á www.hitthusid.is.

**20.00** **Leiktu betur**, spunakeppni framhaldsskólanna, fer fram í **Íslensku óperunni** við Ingólfsstræti.

### ➜ Hláturjóga



**12.10** **Ásta Valdimarsdóttir** leiðir námskeið í hláturjóga í **Guðríðarkirkju í Grafarholti**. Þessi viðburður er hluti af hamingju-hádegi sem kirkjan býður upp á alla miðvikudaga í vetur. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

### ➜ Sýningar

Í **Þjóðminjasafninu** við Suðurgötu stendur yfir sýning á ljósmyndum frá árunum 1900-1960. Safnið leitar aðstoðar gesta við greiningu myndanna. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

Í **Víkinni**, Sjóminjasafni Reykjavíkur við Grandagarð, hefur verið opnuð yfirlitsýning á verkum **Bjarna Jónssonar** listmálara. Opið þri.-fös. kl. 11-17 og um helgar kl. 13-17.

**Guðmunda Kristinsdóttir** hefur opnað málverkasýningu í gullsmíðaverslunni **Hún og hún** Skólavörðustíg 17b. Opið virka daga kl. 12-18 og um helgar kl. 12-16.

Á **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu hefur verið opnuð sýning á verkum **Gunnfríðar Jónsdóttur** myndhöggvara. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** **Magnús Björnsson** flytur erindi um efnahagsumbætur í Kína eftir 1979. Fyrirlesturinn fer fram hjá HÍ, **Lögbergi** við Sæmundargötu 8.

**12.00** **Þorlákur Axel Jónsson** fjallar um heimildarvanda í ritun sögu utangarðsmanna í erindi sem hann flytur hjá **Háskólanum á Akureyri**, Sólborg við Norðurslóð (st. 201).

**16.00** **Enrique del Acebo Ibáñez** flytur erindi um örsagnaformið sem tjáningarform samtímans hjá HÍ, **Gimli** við Sæmundargötu 10 (st. 102). Fyrirlesturinn er haldinn á spænsku og er opinn öllum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


**Borgarleikhúsið**

568 8000 – borgarleikhus.is – midasala@borgarleikhus.is



Fjölskyldan - ágúst í Osagesýslu (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 12.11. Kl. 19:00 6. kort U | Fim 26.11. Kl. 19:00 11. kort U | Fös 11.12. Kl. 19:00 14. kort U |
| Fös 13.11. Kl. 19:00 7. kort U | Fös 27.11. Kl. 19:00 12. kort U | Sun 13.12. Kl. 19:00 Ö |
| Sun 15.11. Kl. 19:00 8. kort U | Sun 29.11. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö | Fös 18.12. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö |
| Mið 18.11. Kl. 19:00 Aukasýn. U | Fim 3.12. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö | Lau 19.12. Kl. 19:00 Ö |
| Fös 20.11. Kl. 19:00 9. kort U | Lau 5.12. Kl. 19:00 13. kort U | Þri 29.12. Kl. 19:00 Ö |
| Sun 22.11. Kl. 19:00 10. kort U | Sun 6.12. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö | Mið 30.12. Kl. 19:00 Ö |
| Mið 25.11. Kl. 19:00 Aukasýn. | Fim 10.12. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö | |

Sýningin er þrír þættir, hver 1 klst að lengd. Hlé eftir 1. og 2. þátt.



Söngvaseiður (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 14.11. Kl. 14:00 U | Lau 28.11. Kl. 14:00 Aukasýn. Ö | Sun 27.12. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 15.11. Kl. 14:00 Aukasýn. U | Sun 29.11. Kl. 14:00 Aukasýn. Ö | Sun 27.12. Kl. 19:00 Ö |
| Lau 21.11. Kl. 19:00 Aukasýn. U | Lau 5.12. Kl. 14:00 | |
| Sun 22.11. Kl. 14:00 U | Sun 13.12. Kl. 14:00 | |

Nýjar aukasýningar í sölu. Tryggðu þér miða strax.



Harry og Heimir (Litla sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 13.11. Kl. 19:00 35. kort U | Þri 1.12. Kl. 20:00 43. kort U | Mán 28.12.Kl. 19:00 U |
| Fös 13.11. Kl. 22:00 36. kort U | Fös 4.12. Kl. 19:00 44. kort U | Fös 8.1. Kl. 19:00 U |
| Lau 14.11. Kl. 19:00 37. kort U | Fös 4.12. Kl. 22:00 45. kort U | Fös 8.1. Kl. 22:00 Ö |
| Lau 14.11. Kl. 22:00 38. kort U | Lau 12.12. Kl. 19:00 46. kort U | Fös 15.1. Kl.19:00 U |
| Fös 20.11. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö | Lau 12.12. Kl. 22:00 47. kort U | Lau 16.1. Kl. 19:00 U |
| Fös 20.11. Kl. 22:00 Aukasýn. Ö | Sun 13.12. Kl. 20:00 48. kort U | Lau 16.1. Kl. 22:00 Ö |
| Sun 22.11. Kl. 20:30 39. kort U | Fös 18.12. Kl. 19:00 49. kort U | Sun 17.1. Kl. 20:00 Ö |
| Fim 26.11. Kl. 20:00 40. kort U | Fös 18.12. Kl. 22:00 50. kort U | Fim 21.1. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 27.11. Kl. 19:00 41. kort U | Lau 19.12. Kl. 16:00 U | |
| Fös 27.11. Kl. 22:00 42. kort U | Sun 27.12. Kl. 22:00 U | |

Sala hafin á sýningar í janúar.



Djúpið (Litla svið/Nýja svið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 13.11. Kl. 20:00 Aukasýn. Ö | Þri 24.11. Kl. 20:00 Aukasýn. U | |
| Lau 14.11. Kl. 20:00 Aukasýn. | Mið 25.11. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö | |
| Sun 15.11. Kl. 20:00 U | Mið 25.11. Kl. 21:00 Ö | |

Síðustu sýningar! Sýningartími: 1 klst, ekkert hlé.



Bláa gullið (Litla svið)

| | |
|---|---|
| Sun 15.11. Kl. 14:00 | Lau 28.11. Kl. 15:00 |
| Lau 21.11. Kl. 15:00 | |

Uppsetning Opið út í samstarfi við Borgarleikhúsið.



Dauðasyndirnar (Litla sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 12.11. Kl. 20:00 U | Mið 2.12. Kl. 20:00 U | Sun 6.12. Kl. 20:00 Aukasýn. |
| Lau 14.11. Kl. 15:00 U | Fim 3.12. Kl. 20:00 síðasta sýn. U | Þri 8.12. Kl. 20:00 Aukasýn. |
| Sun 22.11. Kl. 14:00 U | Sun 6.12. Kl. 16:00 Aukasýn. | |

Síðustu sýningar. 20% afsláttur til Vísa kreditkorthafa.



Sannleikurinn (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Lau 21.11. Kl. 22:30 Aukasýn. | Lau 12.12. Kl. 19:00 Aukasýn. |
| Fös 4.12. Kl. 22:30 Aukasýn. | Lau 12.12. Kl. 22:00 Aukasýn. |

ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR



Við borgum ekki (Stóra svið)

| | |
|---|---|
| Lau 14.11. Kl. 19:00 U | Fim 19.11. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 14.11. Kl. 22:00 | |

Uppsetning Nýja Íslands.



Jésús litli (Litla sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 19.11. Kl. 20:00 Ö | Sun 29.11. Kl. 16:00 U | Lau 5.12. Kl. 20:00 U |
| Lau 21.11. Kl. 20:00 U | Sun 29.11. Kl. 20:00 | Mið 9.12. Kl. 20:00 U |
| Lau 28.11. Kl. 20:00 U | Lau 5.12. Kl. 16:00 U | Fim 10.12. Kl. 20:00 |

Þau eru mætt aftur og svífast einskis!








**> ALDREI HLUSTAÐ Á JAY-Z**

Söng- og leikkonan unga, Miley Cyrus, sagðist fyrir stuttu ekki hlusta á popptónlist og að hún hefði aldrei heyrt tónlist rapparans Jay-Z. Lag hennar Party in the USA þykir svipa mjög til lags eftir Jay-Z en þegar Cyrus var spurð út í lagið sagðist hún ekki hafa samið það sjálf. „Þetta er ekki minn stíll. Ég samdi ekki lagið. Ef ég á að vera hreinskilin þá vantaði mig bara skemmtilegt lag fyrir fatalínu mína. Ég bjóst ekki við að lagið mundi ná þessum vinsældum," sagði stúlkan.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Brunabjalla og raddmissir

Tvöföld tónleikaplata með Megasi og Senuþjófunum, Segðu ekki frá (með lífsmarki), er komin í búðir. Platan inniheldur tónleikaupptökur frá árinu 2007 þar sem Megas og Senuþjófarnir ferðuðust um landið og léku allar helstu perlur meistarans af mikilli list. Alls eru 26 lög á plötunum tveimur og að sögn Kidda úr Senuþjófunum var úr miklu af góðu efni að moða. „Það voru ekki endilega tekin best spiluðu lögin heldur líka þau sem höfðu sögulegt gildi eins og þegar brunabjallan fer í gang eða þegar Megas missir röddina," segir Kiddi.

Upptökurnar eru frá Bræðslunni á Borgarfirði eystra, Græna hattinum á Akureyri, Edinborgarhúsinu á Ísafirði og Laugardalshöll og innihalda þær lög á borð við Lóa Lóa, Ragnheiður biskupsdóttir, Reykjavíkurnætur, Spáðu í mig og Paradísarfuglinn. Platan er sú fyrsta með Megasi sem Borgin – hljómplötuútgáfa gefur út.

Von er á nýrri hljóðversplötu frá Megasi og Senuþjófunum og er Megas þessa dagana í óða önn að semja efni á hana. Líklegt er að upptökur fari í gang á næsta ári og að platan líti dagsins ljós næsta sumar. **-fb**



**MEGAS** Megas og Senuþjófarnir hafa sent frá sér tónleikaplötuna Segðu ekki frá (með lífsmarki). FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GHOSTIGITAL** Einar Örn Benediktsson og Curver eru forsprakkar Ghostigital.

## Spila tvisvar í New York

Hljómsveitin Ghostigital heldur tvenna tónleika í New York í vikunni. Fyrri tónleikarnir verða í kvöld á staðnum Monkey Town í borginni Williamsburg þar sem Casper Electronics sér um upphitun. Á morgun kemur sveitin fram á listahátíðinni Performa 09 ásamt Casper og listamanninum Finnboga Péturssyni. Þar flytja þeir stutt verk ásamt hópi annarra listamanna. **- fb**

# Semur leikreglur um kreppubíó

**Börkur Gunnarsson hefur búið til manifestó, eða nokkurs konar leikreglur yfir það hvernig gera skal kreppubíómyndir á Íslandi í framtíðinni.**

Börkur telur að íslensk kvikmyndagerð sé í hættu og að við því þurfi að bregðast. Gera þurfi kvikmyndir þar sem sagan og persónurnar séu í algjörum forgrunni. „Ég hef alla mína ævi verið í kreppu. Ég gerði mína fyrstu bíómynd í kreppu í Tékklandi 2004 þegar allt var í fullum blóma hér heima og þróaði bara með mér skjalið út frá kreppuaðstæðum," segir Börkur og á þar við myndina Sterkt kaffi sem var gerð fyrir aðeins tuttugu milljónir. Hún hlaut Menningarverðlaun DV sem besta íslenska myndin og naut einnig mikillar hylli erlendis.



**BÖRKUR GUNNARSSON** Börkur hefur búið til leikreglur um hvernig gera skal kreppumyndir á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikreglur Barkar eru sextán talsins og eru í anda dogma-stefnunnar, vinnubragða leikstjórans Mikes Leigh og hinnar svokölluðu frönsku bylgju. Á meðal þeirra skilyrða sem Börkur setur þeim sem vilja spreyta sig á kreppubíómyndum er að þær fjalli um samtímann, handritið skuli skrifað með kvikmyndavélinni, leikarar noti eigin föt, aðeins sjö manns megi vera í kvikmyndateyminu og að veðrið megi aldrei koma í veg fyrir tökur.

„Það er gaman að skoða hvað getur komið út úr því að vinna úr svona aðstæðum þegar þú býrð til stíl. Hvort sem þú ert að gera skáldsögu eða bíómynd þarftu að skoða hvernig útkoman verður ef þú einbeitir þér að þessum stíl. Ég held að þetta verði mjög spennandi, fyrir utan að núna eru Ísland og kreppa nátengd orð eins og ást og hatur. Þetta er líka frábært markaðstæki úti," segir Börkur, sem hefur fengið góð viðbrögð hjá vinum sínum úr kvikmyndabransanum.

Börkur heldur á morgun boðsýningu á mynd sinni Sterkt kaffi í Laugarásbíói í tilefni af útgáfu hennar á mynddiski. Þar ætlar hann að nota tækifærið og kynna þessar nýju leikreglur sínar, sem gætu orðið áberandi í íslenskri kvikmyndagerð í framtíðinni.

freyr@frettabladid.is




# ALLTAF BETRA VERÐ




## acer FARTÖLVA

FERRARI RAUÐ

5 TÍMAR Á RAFHLÖÐU

**Acer Ferrari One 313G25N**

1.2Ghz AMD Athlon X2 Dual Core L310 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 11,6" TFT WXGA skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort • Mjög vönduð snertinæm músarstýring með skruni • Vefmyndavél • Li-ion rafhlaða (5 tímar) • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**




## LCD SKJÁR

**Acer V243HQBD**

23.6" LCD breiðskjár með 1920 x 1080 punkta uppl, 40.000:1 í dínamískri skerpu og 5ms svartíma. VGA og DVI tengi.

**42.990**

BLEK, DUFT OG PAPPÍR
MIKIÐ ÚRVAL
GOTT VERÐ

## EPSON BLEKSPRAUTU PRENTARI



**Epson S21**

A4 bleksprautuprentari með 5760 x 1440 punkta upplausn og USB. Prentar allt að 26 bls. á mín. Windows og Mac.

**8.990**

## UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI




**United HD MMP 9530**

3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

HDMI 720p/1080i

**14.990**

## HEYRNARTÓL

Logitech



**Logitech ClearChat Stereo**

Heyrnatól með hljóðnema og umhverfishljóðsíu. Styrkstillir og takki til að slökkva á hljóðnema á snúru.

**5.990**

## LEIKJAMÚS

Logitech



**Logitech MX518**

Optical tölvumús með stillanlegri næmni, fjölda Macro takka ofl. Pottþétt í leikina.

**6.990**

## LASERMÚS

Logitech



Fæst bleik eða svört

**Logitech LS1**

Laser mús með hárnákvæmum stýringum sem skrolla lóðrétt og lárétt, stömu gúmmí gripi ofl. Windows/Mac.

**4.990**

## VEFMYNDAVÉL

Logitech



**Logitech WebCam C120 VGA**

VGA vefmyndavél á skjái og fartölvur. Tekur 1.3MP kyrrmyndir. Virkar á skype, Windows Live Messenger ofl. Logitech VID fylgir.

**3.990**

**ALLT FYRIR PRENTARANN - PAPPÍR OG BLEK - GOTT VERÐ**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

NÝTT Í BÍÓ  LAUGARÁSBÍÓ  Sími: 553 2075 - bara lúxus





LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 6 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 og 10 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |






Frábær mynd um uppvaxtarár eins ástsælasta körfuboltamann samtímans, Lebron James.



NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ - 118
já -er svarið

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| THE INFORMANT | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 5:50 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMER | kl. 8 | 16 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| TURANDOT | kl. 6:30 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| THE INFORMANT | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 10:30D | 12 |
| SKELLIBJALLA | sýnd á morgun kl. 6:15D | L |
| FAME | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| DESEMBER LÚXUS | kl. 4 - 6 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 8* | 10 |
| THIS IS IT | kl. 10 | L |
| JÓHANNES | kl. 5.45 - 8 - 10 | L |
| *Síðasta sýning | | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| WANTED AND DESIRED | kl. 5.45 | 12 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 6 - 9 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |


Tónlist ★★★

**Bróðir Svartúlfs**

Bróðir Svartúlfs



## Byrjað með trukki

Það getur brugðið til beggja vona með sigursveitir Músíktilrauna. Fyrir sumar er sigurinn hápunktur ferilsins, fyrir aðrar er hann bara upphafið á glæstum ferli. Hljómsveitin Bróðir Svartúlfs, sem varð til í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, sigraði í vor með frumlegri blöndu af rokki og rappi. Hvert nákvæmlega Bróðir Svartúlfs mun ná á eftir að koma í ljós, en bandið byrjar með trukki á þessari ágætu sex laga, 26 mínútna stuttskífu.

Hljómsveitin gefur diskinn út sjálf. Umslagið er flott, en góðir textarnir eru reyndar full klesstir á prenti. Og reyndar líka úr munni Arnars Freys söngvara/rappara – hann spýtir þeim út eins og vélbyssa. Taktfast og kvikt munnræpurapp hans er aðalsérkenni hljómsveitarinnar. Bandið að baki honum er þétt og öruggt. Það svissar úr djössuðu poppi í þungarokk og þaðan í dramatískt sinfóníupopp eins og að drekka vatn. Lögin eru misgóð. Tvö góð hafa verið í spilun, „Gullfalleg útgáfa af forljótum nunna" og „Fyrirmyndarveruleikaflóttamaður", og eru hér í vel heppnaðri andlitslyftingu. Af nýjum lögum finnst mér „Rólan sveiflast enn" best. Það er jafnframt besta lag disksins. Þetta er dramatískt lag um bernsku og uppvöxt, mjög flott í nettum Coldplay-fílingi og með gæsahúðardýnamík.

Ég get alveg trúað að Bróðir Svartúlfs komi með algjöra snilld næst.

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Síðasta sigursveit Músíktilrauna sannar sig.

# Vill eignast breskan bar

Grínistann Will Ferrell dreymir um að eiga öldurhús í Bretlandi. Ferrell er mikill aðdáandi fótboltaliðsins Chelsea og langar mikið til þess að eignast bar í Chelsea-hverfinu í London.

„Allir leikmenn Chelsea væru velkomnir á barinn minn, en ég mundi ekki vilja rekja stjörnubar. Þetta á að vera gamaldags öldurhús," útskýrði leikarinn. „Ég væri mjög liðtækur í rekstrinum og gæti fundið skemmtilegt efni með því að fylgjast með fastakúnnunum. Ég er viss um að gott kvikmyndahandrit væri að finna í þessu."



**BAREIGANDI** Will Ferrell vill eignast öldurhús í Lundúnum.

# Íslenskur leikur slær í gegn

**Rúmlega fjörutíu þúsund notendur hafa sótt leikinn Peter und Vlad á netið, en íslenska fyrirtækið Dexoris framleiðir leikinn. Leikurinn var sérstaklega hannaður fyrir iPhone-símana sem framleiddir eru af fyrirtækinu Apple.**

Ólafur Viggósson, framkvæmdastjóri Dexoris, segir niðurhal á leiknum hafa margfaldast eftir að leikurinn komst inn á vinsældalista Apple iTunes Store. „Leikir eru valdir inn á þennan lista af starfsmönnum Apple og þarna eru leikir sem þeir telja vera það besta sem iTunes hefur upp á að bjóða. Það var mikil viðurkenning fyrir okkur að komast á þennan lista með okkar fyrsta leik." Fyrirtækið er í eigu Hrafns Áka Hrafnssonar, Jóhanns Bergþórssonar og Snæbjörns Konráðssonar auk Ólafs og var það stofnað í byrjun sumars.

Peter und Vlad, sem er fyrsti leikur Dexoris, fjallar í stuttu máli um tvo bræður og baráttu þeirra við stjórnlausa veðurvél. Ólafur segir það lengi hafa blundað í þeim piltum að búa til tölvuleik. „Ástandið í þjóðfélaginu síðastliðinn vetur varð svo til þess að við ákváðum að stökkva af stað og skapa eitthvað nýtt og skemmtilegt. Þessi heimur er líka sérstaklega áhugaverður og gefur okkur tækifæri til að fá útrás fyrir sköpunargleði á sama tíma og við nýtum reynslu okkar úr hugbúnaðarframleiðslu." Hann segir ástæðuna fyrir því að þeir ákváðu að byrja á því að þróa leiki fyrir iPhone og iPod Touch vera þá að tiltölulega auðvelt sé að koma vörum inn á þann markað.

Starfsmenn Dexoris vinna nú að nýjum tölvuleikjum og er einn þegar tilbúinn. Áætlað er að sá leikur komi í almenna sölu hjá Apple í lok mánaðarins.

**sara@frettabladid.is**




**SPILAÐ Í SÍMA** Notendur iPhone geta spilað Peter und Vlad


Ljóðstafur

Jóns úr Vör



Lista- og menningarráð Kópavogs efnir til árlegrar ljóðasamkeppni undir heitinu **Ljóðstafur Jóns úr Vör**.

Veitt verða vegleg verðlaun og mun verðlaunaskáldið fá til varðveislu í eitt ár göngustaf sem á verður festur skjöldur með nafni skáldsins.

Þriggja manna dómnefnd mun velja úr þeim ljóðum sem berast.

Öllum skáldum er velkomið að senda ljóð í keppnina. Ljóðin mega ekki hafa birst áður. Ljóðum skal skilað með **dulnefni** og skulu nafn, heimilisfang og símanúmer skáldsins fylgja með í lokuðu umslagi merktu með sama dulnefni. Aðeins má senda eitt ljóð í hverju umslagi og þess er vænst að ljóðunum sé skilað á pappírsstærðinni A4 eða A5.

**Skilafrestur er til föstudagsins 11. desember 2009.**

Utanáskriftin er:

*Ljóðstafur Jóns úr Vör*

*Tómstunda- og menningarsvið Kópavogs*

*Fannborg 2, 200 Kópavogur*

Afhending verðlaunanna fer fram á afmælisdegi Jóns úr Vör fimmtudaginn 21. janúar 2010. Þátttökuljóð má sækja á ofangreint heimilisfang fyrir 1. febrúar 2010; eftir það verður þeim eytt.

PIPAR\TBWA • SÍA • 91989

ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP

OPIÐ til 20 alla daga

## 1/2 LAMBASKROKKUR
AF NÝSLÁTRUÐU






- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, langskorinn
- Frampartur sagaður í súpukjöt
- Heil slög







24 OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## > Alfreð ekki boðinn samningur

Forráðamenn norska úrvalsdeildarfélagsins Viking frá Stafangri hafa ákveðið að bjóða framherjanum efnilega Alfreð Finnbogasyni ekki samning að svo stöddu. Egil Östenstad, yfirmaður knattspyrnumála hjá Viking, staðfesti fregnirnar í viðtali við norska fjölmiðla í dag. „Við ákváðum að bjóða Alfreð ekki samning á þessum tímapunkti. Við höfum aftur á móti boðið honum að koma með liðinu í æfingabúðir á La Manga í febrúar og vonandi tekur hann því boði," er haft eftir Östenstad í viðtali við Aftenbladet.



# sport

sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR STEINARSSON: Á MEÐAL NOKKURRA ÍSLENSKRA LEIKMANNA SEM LIÐ Í MLS-DEILDINNI ERU AÐ SKOÐA

## *Maður skoðar alla möguleika sem bjóðast erlendis*

Markahrókurinn Guðmundur Steinarsson hjá Keflavík hefur verið í sambandi við aðila sem hefur milligöngu með að útvega liðum í bandarísku MLS-deildinni leikmenn en hann segir málin vera alls óráðin eins og staðan er í dag.

„Það hefur verið áhugi frá Bandaríkjunum og ég hef verið að skoða það aðeins. MLS-deildin er reyndar komin í smá frí núna en liðin þar byrja að æfa aftur á fullu í janúar og febrúar og þá kemur betur í ljós hvort einhver lið eru enn að sýna manni einhvern áhuga," segir Guðmundur.

„Það er bandarískur milligöngumaður sem er að vinna í þessu en hann hefur verið að fylgjast vel með íslenskum fótbolta undanfarin ár og komið til landsins til þess að horfa á leiki. Hann vill ólmur koma Íslendingi að í MLS-deildinni og telur að íslenskir fótboltamenn eigi fullt erindi í þessa deild. Hann er búinn að vera í sambandi við mig og einhverja aðra leikmenn og við skulum sjá til hvort einhver íslenskur leikmaður dúkki upp þarna á næsta ári."



Ef ekkert verður af þessu dæmi í Bandaríkjunum reiknar Guðmundur með því að vera áfram hjá Keflavík enda er hann samningsbundinn félaginu.

„Ég er á samningi hjá Keflavík og við erum byrjaðir á hefðbundnum æfingum. Eins og staðan er núna verð ég hjá Keflavík en auðvitað skoðar maður alla möguleika sem bjóðast erlendis," segir Guðmundur, sem hélt upp á þrítugsafmæli sitt á dögunum. Eins og greint var frá á vef Keflavíkur fékk Guðmundur afar sérstaka en skemmtilega gjöf þar sem honum var færð grasþaka með vítapunktinum sem var nær Hringbrautinni á Sparisjóðsvellinum, en verið er að endurbæta völlinn um þessar mundir. Guðmundur á misjafnar minningar frá umræddum vítapunkti þar sem hann brenndi til að mynda af tveimur vítaspyrnum í einum og sama leiknum á umræddum punkti í 1-2 tapi gegn KR í sumar.

„Það voru nú bara tengdaforeldrarnir sem tóku sig til en maður getur nú farið að æfa sig heima í vítunum," sagði Guðmundur á léttum nótum.





Viltu vera með?

Verslun ILVA á Íslandi var opnuð 4. okt. 2008 og hefur reynst kærkomin viðbót á íslenskum húsgagna- og húsbúnaðarmarkaði. Við erum stolt af orðspori okkar er varðar gæði, verðlagningu og þjónustu. Fyrir okkur er gott einfaldlega ekki nógu gott. Við viljum vera stolt af starfsfólki okkar og við viljum að starfsfólkið sé stolt af okkur.

Hlutastörf um helgar

Sölufólk í verslun
Við leitum að smekkvísu og þjónustulipru sölufólki, sem hefur næmt auga fyrir straumum og stefnum sem og framsetningu húsgagna og húsbúnaðar. Umsækjandi þarf að hafa náð 25 ára aldri.

ILVA Kaffi
Við leitum að þjónustulipru starfsfólki á ILVA kaffi. Leggum áherslu á snyrtimennsku, reglusemi og metnað fyrir að skila árangri í starfi. Umsækjandi þarf að hafa náð 25 ára aldri.

Við bjóðum glæsilegt vinnuumhverfi, góða starfsþjálfun, fjölbreytt og skemmtileg störf og sveigjanlegan vinnutíma. Áhugasamir geta sótt um á www.ILVA.is eða sent umsóknir á netfangið ilva@ilva.is


# Stórstjörnurnar máttu sín lítils

**Stjörnumprýtt lið Real Madrid féll úr keppni í spænska konungsbikarnum í gær gegn smáliðinu Alcorcon sem leikur í c-deildinni. Alcorcon vann einvígið 4-1.**

**FÓTBOLTI** Tilþrifalítill 1-0 sigur Real Madrid gegn Alcorcon í seinni leik liðanna í 4. umferð spænska konungsbikarsins á Bernabeu-leikvanginum í gær dugði skammt þar sem c-deildarliðið vann fyrri leikinn 4-0 og einvígið samanlagt 4-1.

Knattspyrnustjórinn Manuel Pellegrini var búinn að lofa því að hann myndi stilla fram sterku byrjunarliði í seinni leik liðanna og hann stóð vissulega við það og leikmenn á borð við Kaka, Raúl, Ruud Van Nistelrooy, Gonzalo Higuain spiluðu leikinn en það dugði skammt.

Real Madrid sótti án afláts strax frá fyrsta flauti en gekk illa að brjóta þéttan varnarmúr gestanna á bak aftur. Svo illa reyndar að staðan var enn markalaus þegar hálfleiksflautan gall og stuðningsmenn heimamanna létu óánægju sína í ljós með því að baula hástöfum á leikmenn Real Madrid.

Leikmenn Real Madrid héldu pressunni áfram í síðari hálfleik og sóknarþunginn bar loks árangur á 81. mínútu þegar varamaðurinn Rafael Van der Vaart skoraði.

Gestirnir í Alcorcon fengu einnig sín færi og Jerzy Dudek, sem kom inn í markið hjá Real Madrid fyrir Iker Casillas, bjargaði heimamönnum frá enn meiri niðurlægingu þegar hann varði frá varnarmanninum Nagore hjá Alcorcon sem slapp einn inn fyrir vörn Real Madrid þegar um fimm mínútur lifðu leiks.



**VONBRIGÐI** Stórstjarnan Kaka gat ekki leynt vonbrigðum sínum með dapra spilamennsku Real Madrid í naumum sigri liðsins gegn c-deildarliðinu Alcorcon í gærkvöldi. NORDIC PHOTOS/AFP

Hvorugu liðinu tókst að bæta við marki á lokakaflanum og niðurstaðan því eins og segir 1-0 sigur Real Madrid og þar með ljóst að Alcorcon komst örugglega áfram í 5. umferð konungsbikarsins.

Úrslitin verða án nokkurs vafa til þess að auka enn frekar pressuna á knattspyrnustjórann Pellegrini sem hefur ekki átt sjö dagana sæla í starfi sínu hjá Real Madrid undanfarið. **omar@frettabladid.is**




# Tilþrifalítið í Teheran

**Hálfgert B-landslið Íslands sýndi lítið gegn Íran í vináttulandsleik í Teheran í gær. Íran vann eins marks sigur en fékk tækifæri til þess að skora fleiri mörk.**

**FÓTBOLTI** Ísland laut í lægra haldi gegn Íran er liðin mættust í vináttulandsleik í Teheran í gær. Íran vann 1-0 sigur og kom sigurmarkið á 54. mínútu. Það var sjálfsmark hjá Kristjáni Erni Sigurðssyni.

Leikurinn fór fram á hinum glæsilega Azadi-velli sem rúmar níutíu þúsund manns. Leikurinn vakti greinilega lítinn áhuga hjá írönskum knattspyrnuáhugamönnum því örfáir áhorfendur sáu sér fært að mæta á svæðið.

Þrír nýliðar voru í byrjunarliði Íslands í gær en dagurinn var ekki alþjóðlegur landsleikjadagur og því gat Ísland ekki teflt fram öllum sínum sterkustu mönnum.

Íslenska liðið byrjaði leikinn illa. Varnarlínan var ekki í neinum takti og Íranar komust hvað eftir annað á bak við vörnina. Úr varð oftar en ekki mikil hætta en Íslendingar sluppu með skrekkinn. Nokkur lykt var reyndar af dómgæslunni en Íranar virkuðu ansi oft rangstæðir án þess að flaggað væri. Að sama skapi var flaggað á íslenska liðið þegar íslenskur sóknarmaður virkaði ekki rangstæður.

Besta færi fyrri hálfleiks fékk Ólafur Ingi á 21. mínútu. Heiðar stal þá boltanum af varnarmanni og renndi honum út í teiginn á Ólaf sem var einn gegn markverði en hann hitti ekki markið. Íranar fengu þó mun fleiri færi.

Íslenska vörnin var algjörlega úti á þekju í upphafi síðari hálfleiks og Árni Gautur bjargaði glæsilega úr dauðafæri í upphafi hálfleiksins. Hann kom þó engum vörnum við á 54. mínútu er Íranar fengu skyndisókn. Sending kom af vinstri kanti á nærstöng þar sem tveir Íslendingar og einn Írani renndu sér í boltann. Hann fór í tána á Kristjáni Erni og þaðan í netið.

Íslenska liðið gerði sitt besta til þess að jafna undir lokin og Matthías Vilhjálmsson var ekki fjarri því að skora á 84. mínútu. Hann skallaði þá að marki eftir hornspyrnu en Íranar björguðu á línu.

Það var frekar fátt um fína drætti í íslenska liðinu, sem að hluta til skýrist af því að margir leikmanna liðsins hafa ekki leikið saman áður. Indriði bar af í vörninni og Ari Freyr sýndi skemmtilega takta þó svo að hann hafi stundum gleymt sér í varnarvinnunni. Árni Gautur var mjög traustur á milli stanganna. Helgi Valur og Ólafur Ingi létu vel finna fyrir sér á miðjunni en takmarkað kom út úr sókninni henry@frettabladid.is



**FYRIRLIÐINN** Heiðar Helguson var fyrirliði Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÍRAN - ÍSLAND 1-0**

**Byrjunarlið Íslands í leiknum:**

Árni Gautur Arason
Ari Freyr Skúlason
Indriði Sigurðsson
Kristján Örn Sigurðsson
Birkir Már Sævarsson
Jónas Guðni Sævarsson
Helgi Valur Daníelsson
Ólafur Ingi Skúlason
Steinþór Freyr Þorsteinsson
Atli Guðnason
Heiðar Helguson

Dregið var í 16 liða úrslit Subway-bikars karla og kvenna í körfubolta í gær:

# Boðið upp á stórleik hjá konunum

**KÖRFUBOLTI** Nú liggur ljóst fyrir hvaða lið mætast í 16 liða úrslitum Subway-bikars karla og kvenna í körfubolta en drátturinn fór fram í húsakynnum ÍSÍ í gær.

Hjá konunum er boðið upp á stórleik KR og Hamars auk þess sem Keflavík og Grindavík mætast í grannaslag en fátt er um fína drætti karlamegin og í raun enginn stórleikur í boði. Þar mætast Snæfell og Hamar í eina innbyrðisleik liða í Iceland Express-deildinni en Grindavík mætir Ármanni og Njarðvík sækir Hrunamenn heim. Drátturinn í heild sinni má sjá á netmiðlinum visir.is. - óþ

## Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins á Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

Aðalbraut 29, fnr. 216-7013, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Árni Heiðar Gylfason og Erla Guðmundsdóttir, gerðarbeiðendur Íslandsbanki hf. og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Ásgarðsvegi 7, eignarhluti gerðarþola, fnr. 215-2361, 640 Húsavík, þingl. eig. Lára Sigþrúður Sigurðardóttir, gerðarbeiðendur Borgun hf, nb.is-sparisjóður hf, Olíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Ásgata 21, fnr. 216-7102, 675 Raufarhöfn, Norðurþing, þingl. eig. Lífsorka-áhugamannafélag, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 16. nóvember kl. 10:00.

Bakkagata 3, fnr. 216-6843, 670 Kópaskeri, Norðurþing, þingl. eig. Óskar Geir Pétursson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf, Sparisjóður R-víkur og nágr, útib og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Fjarðarvegur 35, fnr. 216-7789, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Reynir Hólm Harðarson, gerðarbeiðandi Síminn hf, mánudaginn 16. nóvember kl. 10:00.

Geiteyjarströnd 1, 153555, 660 Mývatni, þingl. eig. Héðinn Sverrisson, gerðarbeiðandi NBI hf, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Hrísateigur 2, fnr. 216-5246, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Helga Þórey Heiðberg, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Norðurþing og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Klifagata 2-2A, 216-6903, 670 Norðurþing, þingl. eig. Ásta Helga Viðar og Geir Bjarnason, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og S24, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Langanesvegur 9, fnr. 216-7848, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Hulda Ingibjörg Einarsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Veitingastofan Marísa ehf, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Vesturvegur 8b, fnr. 222-9166, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Jón Viðar Brynjólfsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Víðibakki, 154256, 671 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, KEA, Sýslumaðurinn á Blönduósi og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Vogsholt 11, fnr. 216-7178, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Sigurður Hreinn Eronsson, gerðarbeiðendur Framtak-Blossi ehf. og S24, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Bryndís ÞH-164, sknr. 2488, þingl. eig. Frændur ehf. gerðarbeiðandi Nýi Kaupþing banki hf, mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
10. nóvember 2009.


Tvöfaldur 1. vinningur
250.000.000
+200.000.000
00.000
Fyrsti vinningur stefnir í 200 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 250 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is
VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 11. NÓVEMBER 2009
A. 12 14 17 21 41 48
B. 05 16 23 36 37 38
C. 07 09 13 22 34 38
D. 03 06 19 24 25 31
E. 11 19 21 25 38 42
F. 01 25 35 36 39 46
G. 18 19 20 23 28 46
H. 22 27 29 39 40 42



> Kevin McKidd

„Það hefur aldrei spillt fyrir mér sem leikara að vera skoskur. Oft á ég auðveldara með að finna mig í hlutverki með því að tala með öðrum hætti en ég er vanur að gera.“

*McKidd fer með hlutverk Dr. Owens Hunt í þættinum Grey's Anatomy sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.55.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HORFIR Á SJÓNVARPSSTÖÐVAR

# *Í stormi sinnar tíðar*



Á mánudagskvöldið var þess minnst víða um Evrópu að tuttugu ár voru liðin frá falli múrsins. Eðli málsins samkvæmt voru sjónvarpsstöðvar í Evrópu margar uppteknar af þessum tímamótum. Í fréttaskýringaþætti RÚV var vikið að þessu og í þætti Hjálmars Sveinssonar tvo undangengna laugardaga. Á mánudagskvöldið sýndi danska sjónvarpið þá mögnuðu mynd Líf annarra, um örlög menntafólks í DDR og norska sjónvarpið hóf sýningar á tveggja kvölda mynd sem heitir Síðustu dagar, sem rekur örlög andstöðumanna. Báðar myndirnar eru tilraun hjá dagskrárstjórum á þessum sjónvarpsstöðvum til að grípa augnablikið. Ef skrollað er gegnum dagskrár norrænu stöðvanna kemur í ljós að þar hafa menn lagst yfir þennan viðburð með margháttaðri dagskrárgerð enda sögulegt efni með margar hliðar.

Ekki þarf að líta til einkareknu stöðvanna hér á landi um að þær tengi sig svo stórum viðburðum. Þær gera það ekki. Þó að geta verði þess að Skjárinn sýndi hina þýsku stórmynd um endalok Berlínar Hitlers, Der Untergang.

Aftur hlýtur skattborgari að líta til RÚV og skoða hvað menn þar eru í góðu sambandi við hvernig veröldin veltur. Hvar hnykkirnir eru. Í gærkvöldi bauð RÚV upp á gamla kaldastríðsmessu í Spooks. Það næst ekki samband við hin sögulegu tíðindi fyrr en þann 21. nóvember þegar sú ágæta kvikmynd An die Grenze verður á dagskrá. Og þó að hrósa megi dagskrárdeild RÚV fyrir góða blöndu evrópskra mynda á næstunni: Epli Adams hin danska er á dagskrá þann 14. og líbönsk mynd þann 15., misstu þeir af tækifæri til að bregða einhverju ljósi á þennan mikilvæga atburð evrópskrar sögu í vikubyrjun. Og það kemur ekki aftur fyrr en eftir fimm ár þegar aldarfjórðungur verður liðinn frá þessum tíðindum. Ef menn vilja fylgjast með.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.00 Into the Blue** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20 Ljóta Betty** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.05 Lipstick Jungle** SKJÁREINN



▶ **22.15 Chuck** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.25 True Blood** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var... – Maðurinn** (7:26) (e)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Aðalhlutverk: America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana, Vanessa L. Williams, Eric Mabius, Ashley Jensen og Ana Ortiz.

**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Fégræðgi** (The Love of Money) (2:3) Heimildamyndaflokkur í þremur þáttum frá BBC. Í september 2008 virtist kapítalisminn vera að syngja sitt síðasta. Þetta er sagan af því hvað olli hruninu, hvað gerðist og hverjar afleiðingarnar verða til lengri tíma.

**23.20 Hófsöm rjúpnaveiði** Stuttur þáttur sem Sigmar B. Hauksson hefur gert fyrir umhverfisráðuneytið. (e)

**23.35 Kastljós** (e)

**00.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Reign Over Me**

**10.00 We Are Marshall**

**12.10 Cats & Dogs**

**14.00 Reign Over Me**

**16.00 We Are Marshall**

**18.10 Cats & Dogs**

▶**20.00 Into the Blue** Ævintýramynd um kafara sem finna sögulegan fjársjóð en skammt frá liggur einnig flugvélabrak með miklu magni af kókaíni.

**22.00 Jackass Number Two**

**00.00 Letters from Iwo Jima**

**02.20 The Business**

**04.00 Jackass Number Two**

**06.00 Blades of Glory**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Nornafélagið og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Auddi og Sveppi**

**10.55 You Are What You Eat** (1:8)

**11.45 Smallville** (4:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Aliens in America** (12:18)

**13.30 E.R.** (16:22)

**14.15 Sisters** (5:28)

**15.00 The O.C. 2** (21:24)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Dynkur smáeðla og Nornafélagið.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (4:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (18:23)

**19.45 Two and a Half Men** (18:24)

**20.10 Gossip Girl** (6:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.55 Grey's Anatomy** (3:23) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar.

**21.40 Medium** (11:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni við rannsókn ýmissa mála.

▶**22.25 True Blood** (8:12) Anna Paquin leikur unga gengilbeinu sem fellur fyrir myndarlegum manni sem reynist vera vampíra. Sjálf býr hún yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum því hún getur lesið hugsanir.

**23.20 Sex and the City** (14:18)

**23.50 Big Love** (9:10)

**00.45 Eleventh Hour** (16:18)

**01.30 E.R.** (16:22)

**02.15 Sjáðu**

**02.45 Waist Deep**

**04.20 Grey's Anatomy** (3:23)

**05.05 The Simpsons** (18:23)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Íran - Ísland** Útsending frá vináttulandsleik sem fram fór í Teheran.

**16.40 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**17.10 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**18.10 24/7 Pacquiao - Cotto** Hitað upp fyrir bardaga Pacquiao og Cotto og fylgst með undirbúningnum.

**18.40 UEFA Champions League: Liverpool - AC Milan** Útsending frá sögulegum úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu árið 2005.

**21.30 Race of Champions** Útsending frá Race of Champions en í þessu skemmtlega móti etja kappi allir bestu ökuþórar heims úr hinum ýmsu akstursíþróttum.

**23.30 Ultimate Fighter - Season 1** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.

**00.15 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Wigan - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**20.35 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**21.05 Chelsea - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.45 Blackburn - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dynasty** (3:29) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**17.10 Dynasty** (4:29)

**18.00 Nýtt útlit** (6:10) (e)

**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.

**19.05 King of Queens** (20:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)

**19.35 Matarklúbburinn** (1:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.

**20.05 Spjallið með Sölva** (8:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.

**20.55 America's Next Top Model** (4:13) Stúlkurnar ellefu sem eftir eru taka þátt í sinni fyrstu tískusýningu eftir að hafa fengið kennslu hjá Miss J. Ein stúlkan talar opinskátt um að hafa verið í ofbeldisfullu sambandi og ofurfyrirsætan Jaime Rishar er gestadómari vikunnar.

**21.50 Fréttir** (e)

▶**22.05 Lipstick Jungle** (4:13) Skemmtileg þáttaröð sem byggð er á bók frá höfundi Sex and the City um þrjár valdamiklar vinkonur í New York.

**22.55 The Jay Leno Show** Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á létta strengi.

**23.45 Californication** (12:12) (e)

**00.20 CSI. Miami** (3:25) (e)

**01.10 The Contender Muay Thai** (12:15) (e)

**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**20.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir ræðir um málefni borgarinnar.

**20.30 Íslands safarí** Akeem R. Oppang ræðir um málefni innflytjenda á Íslandi.

**21.00 Skýjum ofar** Þáttur fyrir flugáhugamenn í umsjón Snorra B. Jónssonar og Dagbjarts Einarssonar. (e)

**21.30 Björn Bjarna** Björn Bjarnason ræðir við gest sinn um málefni allra landsmanna.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




ERT ÞÚ BÚIN(N) AÐ TRYGGJA ÞÉR ÁSKRIFT?
aðeins 2.200 kr. á mánuði.



Miðvikudagur 11. nóvember

Kl. 19.30 Matarklúbburinn - NÝTT!
Kl. 20.00 Spjallið með Sölva
Kl. 20.55 America's Next Top Model
Kl. 22.05 Lipstick Jungle
Kl. 22.55 The Jay Leno Show

4 DAGAR Í ÁSKRIFT

VERTU MEÐ OKKUR Í VETUR!

Til þess að fá áskrift að SkjáEinum þarftu að hafa myndlykil frá Símanum eða Vodafone. Athugið að með áskrift fellur grunnáskrift niður.

PANTAÐU ÁSKRIFT AÐ SKJÁEINUM
- í síma **800 7000** eða **1414**
- í **verslunum Símans** eða **Vodafone**
- á vefsíðunni **www.skjarinn.is**
- í **SkjáBíó**

SKJÁREINN
Næstum því ókeypis

ENNEMM / SÍA • NM39751

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Grey's Anatomy

Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.

## VIÐ MÆLUM MEÐ
### Matarklúbburinn – NÝTT

**Skjár einn kl. 19.35**

Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran er mætt með nýja þætti af Matarklúbbnum þar sem hún heldur áfram að matreiða ljúffenga og einfalda rétti. Í kvöld verða á matseðlinum kjúklingasalat, langa í kókos með wasabi-hnetum og ostakaka með mandarínum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bókaþing
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (12:25)
**17.00 Doctors** (13:25)
**17.30 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**18.15 Seinfeld** (14:24)
**18.45 Doctors** (12:25)
**19.15 Doctors** (13:25)
**19.45 Gilmore Girls**
**20.30 Seinfeld** (14:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Eldsnöggt með Jóa Fel** (6:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir.
▶ **22.15 Chuck** (10:22) Chuck lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**23.00 Burn Notice** (10:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda. Hann reynir því nú að komast að því hverjir „brenndu" hann og afhverju.
**23.45 The Unit** (2:11)
**00.30 Fangavaktin** (7:8)
**01.00 Modern Toss** (5:6)
**01.25 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Gavin And Stacey **12.45** Absolutely Fabulous **13.20** Absolutely Fabulous **13.50** After You've Gone **14.20** My Hero **15.00** The Weakest Link **15.45** After You've Gone **16.15** After You've Gone **16.45** My Hero **17.15** Lab Rats **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.30** Extras **20.00** Never Better **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Dalziel and Pascoe **21.50** After You've Gone **22.20** Extras **22.55** The Catherine Tate Show **23.25** The Catherine Tate Show **23.55** EastEnders

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.40** Hammerslag **13.10** Landsbyhospitalet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Vestindiens hemmelighed **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren - Forbandede gener **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart **22.10** Onsdags Lotto **22.15** DR1 Dokumentaren. „Alarm 112 - er der nogen?" **23.15** MC's Fight Night - det store 10 års jubilæumsshow

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Doktor Åsa **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Olivia **17.15** Ugler i mosen **17.35** Plipp, Plopp og Plomma **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Berulfsens konspirasjoner **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** True Blood **23.35** Ei rituell verd

## SVT 1

**12.05** Playa del Sol **12.35** Niklas mat **14.00** Dick Tracy möter Biljardbollen **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Fashion **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Morden **21.00** True Blood **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Livet i Fagervik **22.55** Sommarpratarna **23.55** Jekyll




**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Mér finnst plokkfiskurinn á Þrem frökkum mjög góður, sömuleiðis pitsurnar á Wilsons Pizza.“*

Tinna Þórarinsdóttir stjórnmálafræðingur.

# Ólafur Arnalds semur við Nettwerk

Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds hefur gert höfundarréttarsamning við eitt stærsta umboðs- og útgáfufyrirtæki heims, Nettwerk. „Þau eru alveg frábær og eru að gera frábæra hluti fyrir mig,“ segir Ólafur. Hann var áður á mála hjá breska fyrirtækinu Burleywood, sem er nú í eigu Nettwerk.

Samningurinn virkar þannig að Nettwerk greiðir Ólafi nokkrar milljónir fyrir höfundarréttinn að lögunum á næstu þremur plötum hans og nær samningurinn til tíu ára. Stefgjöldin sem fást af lögunum skiptast síðan á milli Ólafs og Nettwerk. „Ég sé ekki eftir þessu. Það er líka öryggi að fá svona fyrirframgreiðslur,“ segir Ólafur og telur að hann geti nú einbeitt sér enn betur að tónlistinni næstu árin. Fyrirtækið mun leggja mikla áherslu á að koma lögum Ólafs að í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum, enda á miklu að græða ef það gengur eftir.

Nettwerk er sama fyrirtæki og Lay Low rifti útgáfusamningi sínum við, eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. Í kjölfarið gerði hún höfundarréttarsamning, líkan þeim sem Ólafur gerði, við bandaríska fyrirtækið Songs Publishing.

Ólafur er þessa dagana að vinna að nýrri plötu með aðstoð Barða Jóhannssonar. Stuttskífa hans Found Songs, sem hann gaf á netinu fyrr á árinu, kemur út á geisladiski hérlendis í lok nóvember. Jafnframt er væntanleg útgáfa á tónlist Ólafs við dansverkið Dyad 1909 eftir hinn virta höfund Wayne McGregor. Ólafur er án útgáfusamnings, rétt eins og Lay Low, og er þessa dagana að íhuga tilboð frá nokkrum útgáfufyrirtækjum. **- fb**



**ÓLAFUR ARNALDS** Ólafur hefur gert höfundarréttarsamning við umboðs- og útgáfufyrirtækið Nettwerk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**LÁRÉTT**
**2.** kviður, **6.** borðaði, **8.** hár, **9.** tilvist, **11.** óhreinindi, **12.** flottur, **14.** gort, **16.** hvað, **17.** titill, **18.** kærleikur, **20.** utan, **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** tvíhljóði, **4.** planta, **5.** angan, **7.** æxlast, **10.** fley, **13.** skarð, **15.** klasi, **16.** rámur, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** magi, **6.** át, **8.** ull, **9.** líf, **11.** ím, **12.** smart, **14.** grobb, **16.** ha, **17.** frú, **18.** ást, **20.** án, **21.** stuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** au, **4.** glitbrá, **5.** ilm, **7.** tímgast, **10.** far, **13.** rof, **15.** búnt, **16.** hás, **19.** tu.



**FRÍTT Í SÓLINA** Jórunn og Jóhann fara til Kanaríeyja í boði ferðamálaráðs eyjanna í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JÓRUNN STEINSSON: „VIÐ FÁUM EKKI AÐ VITA HVER FER MEÐ OKKUR“

# Dansaði macarena og fékk fría lúxusferð til Kanarí

„Við verðum á svakalega flottu hóteli og svo ferðumst við jafnvel um fleiri eyjar – þannig að það verða fleiri en eitt hótel,“ segir fyrirsætan Jórunn Steinsson.

Ferðamálaráð Kanaríeyja blés í lúðra í október og bauð Íslendingum að hitta fulltrúa þeirra, sem ætluðu að velja fimmtíu manns til að fara í fría ferð til eyjanna. Jórunn var ein af þeim sem voru valin og með í för verður kærastinn, plötusnúðurinn Jóhann D. Bianco.

„Við vorum send inn í herbergi þar sem um tuttugu Spánverjar biðu. Svo var þetta eins og hraðstefnumót,“ segir Jórunn um hvernig staðið var að valinu, en um 2.000 manns sóttu um. „Maður var spurður fullt af spurningum í eina mínútu, svo var blásið í flautu og þá skipti maður um sæti. Ég var löðrandi í svita þegar ég kom út úr þessu. Ég var í eitt skipti beðin um að standa upp og dansa macarenadansinn og gerði það.“

- Og dansinn hefur kannski ráðið úrslitum?

„Já, það gæti vel verið. Það er aldrei að vita.“

Jórunn og Jóhann fljúga út 25. nóvember og dvelja í viku á lúxushóteli í hitabeltisparadísinni. Þau fá ekki miklar upplýsingar um ferðina fyrr en stuttu fyrir brottför. „Við fáum ekki einu sinni að vita hverjir fara með okkur út,“ segir Jórunn. Þau gátu þó valið um fjögur þemu fyrir ferðina: vatnasport-, eldfjalla-, slökunar- og fjölskylduþema. „Við völdum slökun; nudd, spa og svoleiðis – og náttúrulega partí. Það verður ekki betra.“

Jórunn er augljóslega mjög spennt fyrir ferðinni, sem hún segir farna á besta mögulega tíma. Ferðalangarnir skuldbinda sig til að vinna nokkur verkefni fyrir ferðamálaráð Kanaríeyja, þó að ferðin sé fyrst og fremst frí. „Það verður fínt að fara út og hafa nóg fyrir stafni,“ segir hún að lokum.

**atlifannar@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Rapparinn **Emmsjé Gauti** vandaði Ingó Veðurguði ekki kveðjurnar í síðasta tölublaði Popps, sem fylgdi með Fréttablaðinu í enda október. Ingó svaraði fyrir sig á dögunum og sagðist hreinlega aldrei hafa heyrt um Emmsjé Gauta og spurði hvort hann væri ný tegund af hamborgara. Nú hefur Prikið gripið deilurnar á lofti og hóf að bjóða upp á McGauta-hamborgara fyrr í vikunni. Gauti sjálfur sást gæða sér á einum slíkum í vikunni, en Ingó hefur ekki ennþá nýtt sér tilboðið. Spurning hvort það þurfi að bjóða upp á Bahama-borgara svo hann láti sjá sig?



Leikstjórinn **Ragnar Bragason** getur loksins slakað á eftir vinnutörn síðustu vikna sem skilur eftir sig Fangavaktina og kvikmyndina Bjarnfreðarson. Fangavaktinni lauk á dramatískan hátt síðasta sunnudag, en kvikmyndin sem rekur smiðshöggið á ævintýri Georgs, Daníels og Ólafs Ragnars verður frumsýnd um jólin. Ragnar hefur stýrt mörgum af helstu leikurum þjóðarinnar eins og herforingi undanfarið, en álagið sagði til sín í gær þegar hann lagðist í bælið með flensu á fyrsta alvöru frídeginum eftir törnina.

Ný skáldsaga **Steinunnar Sigurðardóttur**, Góði elskhuginn, kemur út í dag. Þrátt fyrir það verður Steinunn fjarri góðu gamni á útgáfudaginn því hún hefur verið á miklu upplestrarferðalagi um Þýskaland, þar sem bók hennar Sólskinshestur kom nýverið út. Steinunn, sem er búsett í Berlín, er væntanleg hingað til lands 16. nóvember og mun taka þátt í upplestrarkvöldum þangað til hún flýgur af landi brott tæpum tveimur vikum síðar. **- afb, fb**



Blaðberinn býður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



Aðeins eitt verð

1.190,- kr/kg

Ath! Sama hvað það er.
Allur ferskur fiskur, allir fiskréttir
...allur fiskur í fiskborði.

Tilboðið gildir alla vikuna.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Elabel söluhæst í Topshop

„Við höfum fengið vilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi frá stjórnendum Topshop ef við höldum áfram að selja svona vel,“ segir Heba Hallgrímsdóttir, annar eigenda íslenska tískumerkisins Elabel. Elabel hefur verið til sölu í verslun Topshop í Lundúnum í tvær vikur og að sögn Hebu hefur salan gengið vel. „Enn hafa ekki allir stílarnir frá okkur farið í sölu því þessu er skipt niður. En fyrir helgi fengum við þær góðu fréttir að Elabel var söluhæsta fatamerkið í Edit-deildinni í viku númer tvö,“ segir Heba.

Heba og Ásta Kristjánsdóttir meðeigandi segjast vera hæstánægðar með fréttirnar og vonast eftir því að merkið verði áfram það söluhæsta því það geti þýtt áframhaldandi samstarf við Topshop. „Þetta var stórt skref sem við tókum þegar við ákváðum að fara inn í Topshop þar sem við þurftum að fjármagna allan lagerinn sjálfar,“ segir Heba. „Við ákváðum að gera þetta því hægt og örugglega, þannig að við ráðum vel við allt sem við tökum okkur fyrir hendur. Við erum einnig að fara í samstarf við verslunina Imperial á Akureyri, þannig að við erum hægt og rólega að færa út kvíarnar.“ **-sm**



**STÆKKA VIÐ SIG** Ásta Kristjánsdóttir og Heba Hallgrímsdóttir eru hæstánægðar með árangur Elabel.


Konukvöld
í báðum verslunum The Pier
12 nóvember
kl 18:00 - 21:00
20% afsláttur
af öllum vörum
gildir ekki ofan á önnur tilboð
3 fyrir 2
af snyrtivörum
BAÐHÚSIÐ
heilsulind fyrir konur
www.badhusid.is
Kynning á Baðhúsi Lindu P
Þær konur sem versla fyrir 20.000,- eða meira fá gjafabréf upp á
5.000,- kr í Baðhúsinu
Léttar veitingar
the PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Konukvöld
12. nóvember kl 18:00 - 21:00
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Svansmerkt prentverk
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Lay Low plokkar bassann með Emilíönu



Emilíana Torrini er á leiðinni til Ástralíu um jólin þar sem hún mun spila á fimm tónlistarhátíðum. Lay Low hitar upp fyrir hana á tvennum tónleikum, rétt eins og hún hefur gert fyrr á þessu ári með góðum árangri. Upphaflega átti Lay Low reyndar eingöngu að spila á bassa í hljómsveit Emilíönu en upphitunaratriðin tvö bættust nýlega við dagskrána. Lay Low hefur áður gripið í bassann fyrir Emilíönu, enda lærður bassaleikari.

### Áhugamaðurinn

Lítið hefur kveðið að Árna Mathiesen eftir að hann stóð upp úr stóli fjármálaráðherra í kjölfar búsáhaldabyltingarinnar og hvarf af þingi. Árni er menntaður dýralæknir og dustaði hann rykið af praktíkinni eftir stjórnarskiptin. Ekki hefur gustað af honum á þeim vettvangi. Árni hefur þó stöku sinnum minnt á sig, síðast á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs á föstudag í síðustu viku þar sem staða efnahagsmála var til umræðu. Fjármálaráðherrann fyrrverandi þótt ærið alþýðlegur enda flaggaði hann þar fínasta skeggi. Kátínu vakti kynning hans á sjálfum sér: „Ég er áhugamaður um ríkisfjármál …“



### Genghis Khan

Már Guðmundsson seðlabankastjóri átti ekki síðri stund á fundi Viðskiptaráðs. Már sagði ekki mega verja gengi krónunnar gegnum þykkt og þunnt sem ekki fengist staðist. Farsælla gæti verið að beita herkænsku hins kunna Genghis Khan (1162-1227), sem gerði Mongólíu að heimsveldi. Már benti á að leiðtoginn hefði tekið sinn tíma, hörfað og lokkað þannig andstæðingana úr vígjum sínum. Aðeins þá hefði her leiðtogans sótt fram og gjöreytt óvinahernum. Már taldi Mongólaleiðtoganum ýmislegt til tekna, svo sem því að hann stofnaði fyrsta seðlabanka heimsins. Og nú er bara að bíða eftir heimsveldinu Íslandi … tilraun númer 2.



### Mest lesið vísir.is

1. Ingibjörg Sólrún: Á erfitt með að fyrirgefa sjálfri sér
2. Morðið í Hafnarfirði: Breskur blóðsérfræðingur bar vitni
3. Ísland gjörspillt samkvæmt nýrri könnun
4. Nokia innkallar hleðslutæki
5. Hvítabjörn í hægri umferð
6. Þingvallanefnd vill opna veg um risaslóð

Útsölulok í Líflandi

MOUNTAIN HORSE
Tattini
SONNENREITER by elta nova
LÍFLAND
www.lifland.is
Lónsbakka Akureyri • Lynghálsi 3

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið samanburð



Fyrst og fremst í heilsudýnum



PROFLEX
Mest selda stillanlega rúmið hjá Svefn & heilsu
Einföld og þægileg stýring, mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði

Nýr Wallhugger
með IQ-CARE heilsudýnu
Wallhugger er framleitt af Leggett & Platt sem er stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum

S-CAPE
WALLHUGGER
Sá besti frá Leggett
Þráðlaus fjarstýring, sér stilling fyrir höfuðlag, nudd, sterkur stálgrindarbotn og margt fleira.

Svefnsófar
Íslensk framleiðsla



Íslensku svefnsófarnir okkar eru framleiddir hjá GÁ húsgögnum. Hægt er að velja úr mörgum litum.

Svefnsófinn er lengri en hefðbundnir svefnsófar. Svefnflöturinn er 140x200 sm. Mjög góð dýna úr Visco þrýstijöfnunarefni er í svefnsófanum. Svefnsófinn er með mjög sterka stálgrind sem auðvelt er að opna.

Kynningarverðið er kr. 299.900.-

Söluaðili fyrir Íslenskar sængur og koddar frá DÚN & FIÐUR



Söluaðili fyrir IRobot



Hreinasta snilld hreint og betra loft




Svefn & heilsa
★★★★★
6 mán. vaxtalausar greiðslur




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is